**HRUND ÓSK ÁRNADÓTTIR**

*Sýður nornaseyði á Nýlendugötu*

Heilsa Heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**FLUTNINGAR**

*Búslóðin heim á sólarhring*

Sérblað um flutninga

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**EIRÍKUR HAUKSSON**

*Verður allur í leðri í Helsinki*

Leðurfrakkanum skipt út fyrir nýja flík

**FÓLK 34**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. apríl 2007 — 110. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



### Bærileg skemmtun

Páll Baldvin Baldvinsson gagnrýnir söngleikinn Gretti í Borgarleikhúsinu.

MENNING 24

### Orðaður við bláa mynd



Stefán Karl Stefánsson sagður hafa leikið í fullorðinskvikmynd.

FÓLK 26

### „Skandinaviska fyrirmyndin“

Danir og Svíar bera þyngstu skattbyrði allra þjóða segir Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins.

UMRÆÐAN 18



### Skoðar sína möguleika

Valdimar Þórsson, leikmaður HK í handbolta, gæti verið á leið í atvinnumennsku.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM HLÝINDI -** Í dag verður vaxandi sunnan- og suðaustan átt, 8-15 m/s eftir hádegi. Hægari vindur á Norðurlandi. Víða rigning í fyrstu en síðan skúrir en léttir heldur til á austanverðu landinu síðar í dag. Hiti 3-15 stig, hlýjast á Austurlandi.

VEÐUR 4






**UPPRENNANDI MYNDLISTARMENN** Friðrik Þór Ólafsson, Fjóla Þorsteinsdóttir og Hafþór Snær Þorsteinsson höfðu skreytt gangstéttina við Flókagötu ríkulega þegar ljósmyndari átti leið hjá í blíðviðrinu í gær, og höfðu þó bara nýdregið upp krítarnar. Útlit er fyrir áframhaldandi hlýindi næstu daga en krakkar gætu þurft að fresta listsköpun á götum úti sökum vætu. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

# Kjósendur vilja nýja valkosti í ríkisstjórn

**Tveir af hverjum þremur vilja annars konar ríkisstjórnarsamstarf en núverandi stjórn eða stjórnarandstöðu. Flestir vilja að Sjálfstæðisflokkur verði í stjórn, en tæplega helmingur vill að Samfylking eða Vinstri græn verði í ríkisstjórn.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 28,3 prósent vilja að núverandi stjórnarsamstarf haldi áfram eftir næstu kosningar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 4,8 prósent vilja hins vegar að stjórnarandstaðan taki við. Það eru því 66,9 prósent svarenda sem segjast vilja annars konar stjórnarmynstur en núverandi ríkisstjórn eða að stjórnarandstaðan taki við.

21,2 prósent segjast vilja ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. 11,7 prósent vilja stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og 12,9 prósent vilja ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna.

19,2 prósent segjast vilja einhvers konar öðruvísi ríkisstjórn og nefna þar flestir einhvers konar eins flokks ríkisstjórn þess flokks sem þeir segjast myndu kjósa í næstu kosningum.

Alls 64,2 prósent segja nú að þau vilji að Sjálfstæðisflokkurinn eigi aðild að ríkisstjórn. 45,3 prósent vilja að Samfylking fari í ríkisstjórn og 45,1 prósent vill ríkisstjórn með Vinstri grænum innanborðs. Þá segja 31,5 prósent að þau vilji stjórn með aðild Framsóknarflokksins.

Innan við tíu prósenta stuðningur er við ríkisstjórn með einhverjum hinna flokkanna þriggja. 6,9 prósent vilja ríkisstjórn með aðild Frjálslynda flokksins. 4,8 prósent vilja að Íslandshreyfing komist í ríkisstjórn og 0,8 prósent að Baráttusamtök eldri borgara og öryrkja komist í ríkisstjórn.

- ss/ sjá síðu 6

Bæjarstjóri Reykjanesbæjar telur forsendur fyrir lestarsamgöngum breyttar:

# Land undir hraðlest tekið frá

**SAMGÖNGUMÁL** „Ég tel eðlilegt að við gerum ráð fyrir landi undir hraðlest frá alþjóðaflugvelli inn á höfuðborgarsvæðið. Það er einsýnt að það kemur að þessu,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

Unnið er að endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar til ársins 2021. Þar er gert ráð fyrir hraðlest milli Suðurnesja og höfuðborgarinnar. Unnið er að frumdrögum að skipulagi landsins sem færi undir mannvirkið og vinna arkitekta þegar hafin.

Árni segir að innan við 20 mínútur tæki að ferja farþega frá flugvellinum og inn á höfuðborgarsvæðið með lestinni. „Hvort það leysi mál innanlandsflugvallarins skal ósagt látið,“ segir Árni en bendir á að margt eigi enn eftir að athuga í tengslum við nýja staðsetningu flugvallar í Reykjavík.

„Hugmyndir um hraðlest hafa þótt líklegar til að reynast dýrar í framkvæmd. En miðað við þá stóraukningu sem hefur verið í farþegafjölda á síðustu árum tel ég forsendur hafa breyst. Nú fara um tvær milljónir farþega árlega um Keflavíkurflugvöll og á næstu árum er talið að sá fjöldi tvöfaldist. Það hlýtur að hafa áhrif á hagkvæmniathuganir,“ segir Árni. Ljóst er að leið hraðlestarinnar myndi þurfa að liggja um önnur sveitarfélög en Reykjanesbæ og því nauðsynlegt að fleiri bæjarstjórnir komi að málinu.

„Það er alltaf gaman að heyra af hugmyndum bjartsýnismanna. Hugmyndir um hraðlest hafa áður verið í loftinu en aldrei hlotið formlega umfjöllun,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra. „Tvöföld Reykjanesbraut mun anna flutningsþörf milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins á næstu árum,“ segir Sturla. - kdk


STOFNFUNDUR FÉLAGS KVENNA Í FRJÁLSLYNDA FLOKKNUM

kl. 20:00 í kvöld Skeifunni 7. Allir velkomnir!

www.xf.is

Frjálslyndi flokkurinn


Bresk hjón tortryggin:

# Helmingur ræður spæjara

**BRETLAND Um helmingur þeirra Breta sem gengu í gegnum hjónaskilnað á síðasta ári nýtti sér einkaspæjara til að staðfesta grun um að makinn hafi haldið fram hjá. Þetta er niðurstaða könnunar endurskoðunarfyrirtækis sem birt var í gær.**

**Einkaspæjari kom við sögu í um 49 prósentum skilnaðarmála í landinu í fyrra, sem er mun meira en árið áður, en þá voru það einungis átján prósent. Þrjátíu prósent þeirra sem leituðu liðsinnis spæjara voru konur, en 19 prósent karlmenn. Í könnuninni kemur fram að af þeim sem héldu fram hjá í fyrra, voru 69 prósent karlkyns.** - sh



**RAUÐI KROSSINN Í BAGDAD** Bifreiðar eru hættulegar, líka þegar hjálparstarfsmenn sitja undir stýri. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bifreiðafloti hjálparstofnana:

# Fimm hundruð dauðsföll á ári

**GENF, AP** Starfsmenn hjálparstofnana valda hátt í 500 dauðsföllum í umferðarslysum ár hvert segir Rob McConnell, sem starfar við að samhæfa umferðaröryggismál fjörutíu hjálparstofnana, en nú stendur yfir alþjóðleg umferðarvika Sameinuðu þjóðanna.

Fjörutíu hjálparstofnanir reka yfir 80 þúsund farartæki, frá vélhjólum til flutningabifreiða.

Til samanburðar valda starfsmenn alþjóðlegra olíufélaga um 100 dauðsföllum í umferðinni í þróunarlöndum. sjá síðu 10 / - gb




## SPURNING DAGSINS



*Ómar, er skítt að vera á Kárahnjúkum?*

„Þeir sem gleyma að þvo sér um hendurnar geta lent í djúpum.“

Fjörutíu verkamenn við Kárahnjúka voru óvinnufærir á föstudag út af niðurgangi og uppköstum. Heilbrigðisyfirvöld telja hreinlæti ábótavant. Ómar Valdimarsson er upplýsingafulltrúi Impregilo.

Norðurál og Hitaveita Suðurnesja hafa samið um orkusölu til álvers í Helguvík:

# Samið um orkusölu til Helguvíkur

**SAMNINGUR** Norðurál og Hitaveita Suðurnesja undirrituðu í gær samning um orkusölu til fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík. Samkvæmt samningnum mun Hitaveita Suðurnesja útvega Norðuráli raforku fyrir álverið í Helguvík, þar á meðal allt að 150 megavött fyrir fyrsta áfanga álversins sem miðast við 150 þúsund tonna álbræðslu.

Unnið hefur verið markvisst að undirbúningi álversins frá árinu 2005 þegar samstarfssamningur Reykjanesbæjar, Hitaveitunnar og Norðuráls um könnun á möguleikunum var undirritaður. Gangi allt samkvæmt áætlun er reiknað með að framkvæmdir hefjist í lok árs 2007 og að fyrsta afhending orku til álvinnslu verði árið 2010.

„Það er ánægjuefni að þessi samningur skuli vera í höfn,“ segir Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja. „Við höfum mjög góða reynslu af samstarfi við Norðurál og lítum á þetta verkefni sem tækifæri til arðbærrar virkjunar sem mun efla atvinnulífið hér syðra og stækka markaðssvæði okkar.“ Ragnar Guðmundsson hjá Norðuráli tók í sama streng og sagði undirritun samningsins mikilvægan áfanga á leiðinni að álverinu.



**TÖLVUMYND** Svona mun aðkomubygging álversins líta út.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, og Oddný Harðardóttir, bæjarstjóri sveitarfélagsins Garðs, fagna bæði samkomulaginu. - sh

Demókratar í Bandaríkjunum:

# Lög um brotthvarf frá Írak

**BANDARÍKIN, AP** **Þrátt fyrir að George W. Bush Bandaríkjaforseti hafi síðast í gær sagst ætla að beita neitunarvaldi á lög um brotthvarf Bandaríkjahers frá Írak, sögðust demókratar á Bandaríkjaþingi síðar í gær staðráðnir í að setja slík lög.**

**Samkvæmt lögunum myndi brotthvarf frá Írak hefjast 1. október næstkomandi og allir hermenn yrðu farnir frá Írak 1. apríl árið 2008.**

**Harry Reid, leiðtogi demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings, skýrði frá þessu í gær og sagði að Bush forseti væri „í afneitun“ gagnvart Íraksstríðinu.** - gb

Valgerður fundar í Noregi:

# Samningur um varnir í nánd

**VARNARMÁL** **Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra mun funda með Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, á fundi Atlantshafsbandalagsþjóða sem haldinn verður í Ósló í Noregi í lok vikunnar.**

**Líklegt þykir að samkomulag náist þar um varnarsamstarf þjóðanna.**

**Viðræður um varnarsamstarf þjóðanna hafa staðið síðan í nóvember og skoðaði norsk sendinefnd varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli í desember.**

**Viðræður munu enn vera í gangi og líklega munu ráðherrarnir hittast á fimmtudag eða föstudag. Íslendingar hafa einnig rætt við Breta, Dani og Kanadamenn um samstarf í varnarmálum.** - sh

Stjórnarherinn á Srí Lanka:

# Talinn búa sig undir stórsókn

**SRI LANKA, AP** Stjórnvöld í Srí Lanka hafa beðið sendiherra Noregs í landinu, Hans Brattskar, um að hætta við að fara til svæða Tamíltígranna á norðurhluta eyjunnar. Þetta þykir benda til þess að stjórnarherinn ætli að efna til stórsóknar gegn hersveitum Tamíltígranna.



**S.P. TAMILSELVAN**

Brattskar, sem hefur haft umsjón með samingaviðræðum stjórnarinnar og Tamíltígranna, fer reglulega á fund uppreisnarmannanna í norðri og hefur ekki áður verið beðinn um að hætta við slíkt ferðalag.

Friðarsamningar frá 2002 hafa verið lítt virtir síðastliðið hálft annað ár. - gb

# Ríkið græðir á afnámi tekjutengingar

**Ríkissjóður gæti hagnast um fjóra milljarða króna með því að afnema tekjutengingu bóta vegna launatekna eldri borgara og öryrkja. Hagnaðurinn eykst eftir því sem fleiri stunda vinnu þar sem skatttekjur í ríkissjóð aukast.**

**VINNUMARKAÐUR** Verulegur samfélagslegur ávinningur yrði af því að auka atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja með því að halda bótum til þessara hópa óskertum og leyfa óhefta þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Hagnaður ríkissjóðs gæti numið rúmum fjórum milljörðum króna ef þriðjungur lífeyrisþega og tíu prósent öryrkja færu út á vinnumarkaðinn.

Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar rannsóknar sem gerð var á vegum Rannsóknaseturs verslunarinnar. Rannsóknin ber yfirskriftina Framleiðnimæling og ávinningur af aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja og var unnin í samstarfi við Hagfræðistofnun HÍ. Sigurður Jóhannesson hagfræðingur segir að hægt sé að fullyrða að ekki sé dýrt fyrir ríkið að afnema tekjutengingu.

Bætur til ellilífeyrisþega og öryrkja skertust um rúma fjóra milljarða króna í fyrra. Um síðustu áramót tóku gildi nýjar reglur sem drógu verulega úr skerðingu atvinnutekna. Áætlað er að skerðing bóta til ellilífeyrisþega nemi rúmum 600 milljónum á þessu ári og skerðing bóta til örorkulífeyrisþega nemi 915 milljónum. Samtals nemur það því um 1,5 milljörðum króna.

„Mönnum er núna að vissu leyti haldið frá vinnumarkaðnum,“ segir Sigurður og bendir á að aldraðir hafi sýnt mikinn áhuga á að vinna en þriðjungur þeirra sem eru á aldrinum 65 til 71 árs, eða um fjögur þúsund manns, geti hugsað sér það samkvæmt niðurstöðum rannsóknar. Hann bendir á að eftirspurnin eftir þessu fólki detti líklega fyrst niður þegar ástandið á vinnumarkaði breytist en þó hafi gamalt fólk jafnvel forskot á aðra í viss störf. „Margir öryrkjar og mikið fatlaðir eru líka harðduglegir í vinnu,“ segir hann.



**ELDRI BORGARAR** Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins telur að atvinnulífið þurfi á starfskröftum eldri borgara og öryrkja að halda. Hann segir samtökin fagna skýrslunni.

Verslunina hefur vantað starfsfólk síðustu ár. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að þessir hópar nýtist mjög vel í mörg störf sem ekki séu álagsstörf og telur pólitískan jarðveg til breytinga fyrir hendi.

„Ef við horfum til lengri tíma þá liggur fyrir að atvinnulífið þarf á starfskröftum þessa fólks að halda. Við tökum þessari skýrslu mjög fagnandi og lítum jákvæðum augum á allt sem er til þess fallið að virkja starfskrafta þessa fólks lengur en nú er,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. ghs@frettabladid.is

### ELLILÍFEYRISÞEGAR

**Dæmi um fjögur þúsund eftirlaunaþega sem færu á vinnumarkað og fengju meðaltekjur**

| | Milljónir |
|---|---|
| Auknar skatttekjur ríkissjóðs | 4.000 |
| Tap ríkisins af afnámi tekjutengingar ellilífeyris | 600 |
| Samtals | 3.400 |

### ÖRYRKJAR

**Dæmi um fimmtán prósenta fjölgun öryrkja á vinnumarkaði sem fengju 50 prósent meðaltekjur**

| | Milljónir |
|---|---|
| Auknar skatttekjur ríkissjóðs | 1.855 |
| Tap ríkisins af afnámi tekjutengingar öryrkja | 915 |
| Samtals | 940 |

**Skerðing bóta Frá Tryggingastofnun 2006 vegna launatekna**

| | Milljónir |
|---|---|
| Ellilífeyrisþegar | 1.664 |
| Öryrkjar | 2.375 |
| Samtals | 4.038 |

HEIMILD: FRAMLEIÐNIMÆLING OG ÁVINNINGUR AF AUKINNI ATVINNUÞÁTTTÖKU ELDRI BORGARA OG ÖRYRKJA



**ÁLIÐ RENNUR** Tveggja vikna undirbúningsferli er lokið.

Reyðfirðingar taka ál úr keri:

# Fyrsta álið fyrir austan komið

**ÁLVER** Fyrsta álið var tekið úr keri hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði um helgina og lauk þar með tveggja vikna undirbúningsferli fyrir framleiðsluna. Straumi var hleypt á rafkerfi álversins á fimmtudag og er prófunum á því lokið. Álið var um helgina tekið úr fyrsta kerinu sem var gangsett en fyrirhugað er að gangsetja 40 ker í þessum fyrsta áfanga. Alls eru 336 ker í tveimur kerskálum fyrirtækisins og er áætlað að þau verði öll komin í gang fyrir lok þessa árs. „Nú má með sanni segja að við séum komin í gang,“ segir Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls. - sh

Kæru FME vísað frá:

# Vonbrigði með niðurstöðuna

**BANKAR** **Fjármálaeftirlitið (FME) segir dóm Hæstaréttar í gær vonbrigði. Með dóminum var staðfest frávísun Héraðsdóms Reykjavíkur á málum eftirlitsins á hendur Magnúsi Ármann og Birni Þorra Viktorssyni, stofnfjáreigendum í Sparisjóði Hafnarfjarðar (SPH), nú Byr.**

**FME höfðaði málið vegna myndunar virks eignarhlutar í SPH sem var í andstöðu við lög, að mati eftirlitsins. Frávísun héraðsdóms byggir á því að FME hafi veitt samþykki fyrir samruna Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra. Nái hún ekki til eignar í sameinuðum sparisjóði, Byr.** - jab


BÍLL DAGSINS
TOYOTA YARIS
Nýskr. 01.05 - Beinskiptur - Ekinn 57 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Úrslit forsetakosninganna í Nígeríu voru kynnt í gær:

# Umdeildur stórsigur stjórnarflokksins

**NÍGERÍA, AP** Forsetaframbjóðandi stjórnarflokks Nígeríu var í gær lýstur sigurvegari umdeildra kosninga sem fram fóru á laugardaginn. Alþjóðlegir kosningaeftirlitsfulltrúar hafa harðlega gagnrýnt framkvæmd kosninganna og stjórnarandstæðingar krafist þess að þær verði ógildar.

Múslíminn Umaru Yar´Adua, ríkisstjóri Katsina og flokksbróðir fráfarandi forseta, Olusegun Obasanjo, í Lýðræðisflokki fólksins, er sagður hafa unnið stórsigur með 24,6 milljón atkvæða, þrisvar sinnum meira en næsti frambjóðandi.

Stuttu áður en úrslitin voru kynnt ávarpaði Obasanjo þjóðina þar sem hann sakaði stjórnarandstæðinga um að „blása í glæður haturs“. Obasanjo viðurkenndi að gallar hefðu verið á framkvæmd kosninganna en sagði Nígeríumenn engu að síður hliðholla lýðræðinu. Benti hann fólki á að snúa sér til dómstóla með kvörtunarefni sín. Annar tveggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna hefur þegar lýst yfir að hann muni kæra úrslitin.

Kosningarnar eru sögulegar fyrir þær sakir að í fyrsta skipti í sögu landsins á lýðræðislega kjörinn forseti að taka við af lýðræðiskjörnum forseta. Frá því að Nígería fékk sjálfstæði frá Bretlandi árið 1960 hafa valdarán eða ógilding kosninga komið í veg fyrir það.

Verð á hráolíu hækkaði í gær en Nígería er stærsti olíuframleiðandi í Afríku og áttundi stærsti í heiminum. - sdg



**Á KJÖRSTAÐ** Umaru Yar´Adua, ríkisstjóri Katsina, er sagður hafa unnið stórsigur í kosningunum. Úrslitin verða kærð.

# Hversu hátt stefnir þú?

## Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.










### ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

**24,9% ávöxtun**

Meiri sveiflur, hærri væntingar.
Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf




### HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

**20,8% ávöxtun**

Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf




### ÖRUGGA SAFNIÐ

**16,1% ávöxtun**

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf

Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í Virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.

**Netbankinn**

Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfaþjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is
www.spronverdbref.is – www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON

spron VERÐBRÉF

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.

Himinn og haf / SÍA – 9070354

## GENGIÐ 23.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,34 | 64,64 |
| Sterlingspund | 128,73 | 129,35 |
| Evra | 87,20 | 87,68 |
| Dönsk króna | 11,700 | 11,768 |
| Norsk króna | 10,759 | 10,823 |
| Sænsk króna | 9,485 | 9,541 |
| Japanskt jen | 0,5423 | 0,5455 |
| SDR | 97,98 | 98,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,405

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherra skaut á samráðherra sína í ræðu um jafnréttis- og utanríkismál:

# Konur hugsa sig tvisvar um

**JAFNRÉTTISMÁL** Valgerður Sverrisdóttir skaut á forvera sína í starfi utanríkisráðherra í ræðu um jafnréttis- og utanríkismál í Háskólanum á Akureyri í gær. „Konur hugsa sig að minnsta kosti tvisvar um áður en þær senda börnin sín í stríð eða styðja átök á alþjóðavettvangi,“ sagði hún, án þess þó að nefna þá Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson á nafn.

Ráðherra telur enda að „hið mikla magn testósteróns, sem hefur svifið yfir vötnum í utanríkisráðuneytinu til þessa [hafi] án efa haft áhrif á þau áherslumál sem Ísland hefur sett á oddinn í utanríkismálum“. Hún bætti við að „þar [hefðu] ekki alltaf verið á ferðinni málaflokkar sem ættu að vera forgangsatriði herlausrar þjóðar“.



Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra framsóknarflokkurinn jafnréttismál Háskólinn á Akureyri.

Valgerður gerði og góðlátlegt grín að þeim Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra, sem „hafa látið miður heppileg orð falla um konur“. Þykist Valgerður vita að eiginkonur þeirra hafi „tekið þá til bæna fyrir vikið“.

Í ræðu sinni harmaði Valgerður að enn væru fimm ráðuneyti sem aldrei hefðu verið undir stjórn kvenna og að það væri oft útskýrt með því að konur veigruðu sér við því að axla ábyrgð og taka að sér stjórnunarstörf. Valgerður telur þessa útskýringu „goðsögn“. Ástæðan sé sú að konur þurfi að sækja fram á grundvelli karllægra gilda og að gerðar séu meiri kröfur til kvenna. „Kerfið vinnur gegn konum,“ sagði hún. - kóþ

Prófessor rekinn úr starfi:

# Þóttist skjóta á nemendur sína

**BOSTON, AP** Aðstoðarprófessor í Emmanúelháskóla, kaþólskum skóla í Boston, hefur verið rekinn úr starfi fyrir að beina penna að nemendum sínum, segja „bang“ og þykjast skjóta þá. Atvikið átti sér stað á miðvikudag í umræðutíma þar sem rætt var um fjöldamorðið í Tækniháskóla Virginíu og byssueign Bandaríkjamanna.

Einn nemandi hans þóttist skjóta á móti, til að sýna fram á að hægt hefði verið að stöðva byssumanninn í Virginíu hefði einhver nemandinn verið vopnaður. Á föstudaginn fékk prófessorinn sent uppsagnarbréf. - sh



BJARNI HARÐARSON



ÁRNI JOHNSEN

Etja kappi á Litlu kaffistofunni:

# Árni Johnsen mætir Bjarna

**STJÓRNMÁL** Árni Johnsen og Bjarni Harðarson, sem skipa önnur sætin á framboðslistum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi, munu mætast í kappræðum á Litlu kaffistofunni við Suðurlandsveg í hádeginu í dag klukkan tólf.

Að sögn staðarhaldara, Stefáns Þormars Guðmundssonar, er jafnan fullt út úr dyrum á kaffistofunni í hádeginu og má því búast við góðri stemningu. „Þetta er stórviðburður því ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem Árni kemur fram opinberlega í þessari baráttu. Þetta eru mælskir menn og ættu að geta baunað duglega hvor á annan.“ - sh

## DÓMSMÁL

### Í fangelsi fyrir að stela mat

Karlmaður um fimmtugt hefur verið dæmdur í þriggja mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að stela mat að andvirði 5.000 króna úr matvörubúð í febrúar. Maðurinn, sem hefur verið dæmdur níu sinnum fyrir þjófnað, játaði brot sitt og matvaran komst óskemmd til skila.

## GRIKKLAND

### Sprengjuhótun

Farþegaþota frá gríska flugfélaginu Olympic, sem var á leið frá Aþenu til Strassborgar, nauðlenti á flugvellinum í München í gærmorgun vegna sprengjuhótunar. 137 manns voru um borð, að sögn talsmanns flugvallarins. Fljótlega kom í ljós að um gabb var að ræða.

# Komu fársjúkir með einkenni eitrunar

**Óloft í göngum Kárahnjúkavirkjunar skaðar heilsu margra sem þar vinna. Unnið að því að loftræsta göngin betur. Meðferð matvæla í göngunum í skoð-**

**VINNUMARKAÐUR** „Í tvígang í síðustu viku komu menn úr göngunum með veruleg eitrunareinkenni vegna eiturefna í loftinu; fjórir menn í hvort skipti. Vegna ólofts glíma menn við andþyngsli og asma. Ég hef séð fullfríska menn verða fárveika á tveimur til þremur dögum og hef verulegar áhyggjur af þessu,“ segir Þorsteinn Njálsson læknir sem starfar á Kárahnjúkum.

Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður starfsmanna á Kárahnjúkum, segir þungt loft í jarðgöngunum. Þarna séu margir menn að störfum og fjölmargar dísilknúnar vinnuvélar mengi loftið. Hitinn sé mikill, ryk og drulla vegna steypuvinnu þyrlist upp.

„Eftir nýlega úttekt mína krafðist ég þess að göngin yrðu betur loftræst, sérstaklega aðgöng þrjú. Það er mjög brýnt,“ segir Oddur. Sérfræðingar frá verktökum hafi í gær verið að kanna hvar væri hægt að setja blásara í göngin til að blása óloftinu út.

Þetta er í samræmi við lýsingu Portúgala á aðstæðum í aðgöngum tvö við Kárahnjúka, fimmtán kílómetra ofan í jörðinni. Þar veiktust fjörutíu starfsmenn eftir að hafa neytt matar og drykkjar úr opnum ílátum eins Fréttablaðið greindi frá í gær.

„Ég var búinn að gera þá kröfu að matur til manna í göngunum yrði sendur í bökkum. Orsökin fyrir veikindum þessara manna er að hluta til vegna þess að ekki var farið eftir þessu,“ segir Oddur.

Helga Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands, kannaði aðstæður í jarðgöngunum strax á föstudaginn þegar veikindin komu upp. Hún fór aftur á vettvang í gær ásamt Þorvaldi P. Hjarðar, aðstoðarumdæmisstjóra Vinnueftirlitsins á Austurlandi.

Helga segir ekki aðstöðu í göngunum til að skammta mat. Matur fyrir hvern starfsmann þyrfti að vera í bakka eða í lokuðum umbúðum, eins og samlokur. Aðstaðan til að matast hafi verið svipuð því sem gerist í vinnuskúrum á byggingasvæðum.

Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo á Íslandi, segir enga þurfa að sleikja hellisveggina til að svala þorstanum eins og stóð í Fréttablaðinu í gær. Endurskoðað verði hvernig matur verður framreiddur í göngunum.

bjorgvin@frettabladid.is



**UNNIÐ ER AÐ FRÁGANGI JARÐGANGA** Búið er að fjarlægja alla bora og ekkert rafmagn í göngunum. Allar vélar eru knúnar með dísilolíu sem mengar loftið. Fréttablaðið/Vilhelm

## ÞETTA GERÐIST Í GÆR

Fljótt var brugðist við í gær eftir fréttaflutning af aðstæðum verkafólks á Kárahnjúkum.

- Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands kannaði öryggi matvæla.
- Aðstoðarumdæmisstjóri Vinnueftirlitsins á Austurlandi skoðaði aðstöðu.
- Sérfræðingur frá verktökum undirbjó uppsetningu blásara í jarðgöngum.
- Talsmaður Impregilo segir verklag við matargjafir í göngum í endurskoðun.

Hneykslismál Alþjóðabankans:

# Vilja afsögn Wolfowitz

**BANDARÍKIN** **Yfir 40 fyrrverandi háttsettir starfsmenn Alþjóðabankans hvöttu Paul Wolfowitz, forstjóra bankans, til að segja af sér í opnu bréfi í Financial Times í gær.**

**Átján fyrrverandi varaforstjórar eru í hópnum sem segir Wolfowitz hafa „misst traust og virðingu starfsfólks bankans“.**



PAUL WOLFOWITZ

**Wolfowitz hefur beðist afsökunar á þeim „mistökum“ að hafa fyrirskipað að ástkona sín, starfsmaður bankans, fengi stöðu- og launahækkun eftir að hún var færð til í starfi sem var gert til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eftir að hann tók við sem forstjóri.**

**Búist er við því að stjórn bankans taki ákvörðun um örlög Wolfowitz síðar í þessari viku.** - sdg

Lyfjaverð kannað í Evrópu:

# Lyf á Íslandi næstdýrust

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjaverð á Íslandi er það næst hæsta á evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt nýútkominni könnun Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Í þeim 33 löndum sem könnunin náði til reyndust lyf aðeins dýrari í Sviss. Páll Pétursson, formaður Lyfjagreiðslunefndar, segir að fækka þurfi apótekum um þriðung til að lækka lyfjaverð.

Miðað við verð í öðrum löndum er Ísland 60 prósent yfir meðalverði, svissneskt verð er 87 prósent yfir því. Lyfjaverð í Danmörku var 21 prósent yfir meðaltali en lægst í Makedóníu, eða 42 prósent fyrir neðan meðalverð. - kdk




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**15 STIGA HITI EÐA MEIRA** Þeim er nokkuð misskipt, lífsins gæðum. Og má í raun segja að það eigi einnig við um hitastigið þennan daginn. Á meðan spár fyrir norðanverða Vestfirði hljóða uppá 1-4ra stiga hita eru spárnar að slá yfir 15-16 stig á Austurlandinu í dag. Eru það svæði eins og Hérað, Vopnafjörður og slíkir staðir sem líklegir eru til að sýna slíkar tölur í dag. **VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Suðaustan 8-13 m/s. Rigning með morgninum en síðan lítilsháttar skúrir eftir hádegi. Hiti 7-10 stig að deginum.

*um hádegi »*



» *á morgun*



8- 13 m/s sunnan og vestan til annars hægari

» *fimmtudagur*



Hæg, b reytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C léttskýjað | London | 17°C léttskýjað | Alicante | 22°C heiðskírt |
| Billund | 16°C skúrir | París | 21°C alskýjað | Mallorca | 21°C heiðskírt |
| Osló | 13°C skúrir | Frankfurt | 22°C léttskýjað | Eindhoven | 24°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 26°C alskýjað | Basel | 24°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 15°C léttskýjað | Berlín | 21°C skúrir | Las Palmas | 23°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# ÞESSIR 16 BÍLAR HAFA SANNAÐ SIG SEM SANNKALLAÐIR ÚRVALSBÍLAR



**Toyota Land Cruiser 120 LX** 3000 Dísel 6 gíra
Á götuna: 12.04 Ekinn: 126.000 km
Verð: 3.450.000 kr. Skr.nr. ZU500



**Toyota Corolla S/D** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 29.000 km
Verð: 1.570.000 kr. Skr.nr. ZZ594



**Toyota Corolla S/D Terra** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.04 Ekinn: 64.000 km
Verð: 1.280.000 kr. Skr.nr. AT104



**Toyota Yaris** 1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.03 Ekinn: 95.000 km
Verð: 820.000 kr. Skr.nr. EZ-324



**Toyota Corolla H/B** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 32.000 km
Verð: 1.600.000 kr. Skr.nr. DT934



**Toyota Corolla** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 29.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. OP452



**Toyota Land Cruiser 100** 4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.02 Ekinn: 82.000 km
Verð: 3.750.000 kr. Skr.nr. DZ711



**Toyota Corolla W/G** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 37.000 km
Verð: 1.660.000 kr. Skr.nr. SB413



**Toyota RAV4** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.05 Ekinn: 18.000 km
Verð: 2.700.000 kr. Skr.nr. KI191



**Toyota Corolla S/D** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 53.000 km
Verð: 1.460.000 kr. Skr.nr. LP445
**Tilboð: 1.290.000 kr.**



**Toyota Corolla** 1600 Bensín 5 gíra MM
Á götuna: 02.07 Ekinn: 1.550 km
Verð: 2.360.000 kr. Skr.nr. LR342



**Toyota Aygo** 1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 01.06 Ekinn: 34.000 km
Verð: 1.150.000 kr. Skr.nr. PM062



**Toyota Corolla W/G Sol** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 11.03 Ekinn: 60.000 km
Verð: 1.530.000 kr. Skr.nr. AT117



**Toyota Corolla S/D** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 09.06 Ekinn: 3.000 km
Verð: 1.980.000 kr. Skr.nr. PS287



**Toyota RAV4** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 10.04 Ekinn: 40.000 km
Verð: 2.450.000 kr. Skr.nr. PH516



**Toyota RAV4** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 51.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. OD004
**Tilboð: 2.290.000 kr.**

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við16 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37254 04/07

**KJÖRKASSINN**



*Á að koma á eðlilegum samskiptum við þjóðstjórn Palestínu?*

| | |
|---|---|
| Já | 67% |
| Nei | 33% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu grillað það sem af er sumri?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

Brotist var inn í þrjá skóla á höfuðborgarsvæðinu um helgina:

# Eyðilögðu tvo skjávarpa í MS

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í Langholtsskóla og Menntaskólann við Sund aðfaranótt mánudags. Í Langholtsskóla höfðu þjófarnir á brott með sér skjávarpa en í MS voru tveir skjávarpar gjöreyðilagðir. Aðfaranótt laugardags var brotist inn í Menntaskólann við Hamrahlíð og tölvuskjá stolið. Lögreglan segir að innbrotum í skóla hafi ekki fjölgað.

„Það var vissulega óþægilegt að koma að þessu,“ segir Már Valdimarsson, rektor Menntaskólans við Sund. „Skjávarparnir í skólanum eru festir upp í loft með öryggisfestingum og þjófunum tókst ekki að losa þá. Skjávarparnir eru hins vegar gjörónýtir eftir hamaganginn,“ segir Már sem grunar að þjófarnir hafi að lokum gefist upp og rokið upp í Langholtsskóla enda fór öryggiskerfið þar í gang.

Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að alltaf sé eitthvað um að brotist sé inn í skóla. Hann vill þó ekki meina að brotum af þessu tagi hafi fjölgað upp á síðkastið og segir að innbrotahrinan nú um helgina sé tilviljun.

„Menn vita að í skólunum eru skjávarpar og alls kyns dýr tölvubúnaður sem menn stela og reyna svo að selja,“ segir Ómar og bætir því við að oft séu eftirlitsmyndavélar við skóla eða skólarnir vaktaðir og því sé algengt að innbrotsþjófarnir séu handteknir í kjölfarið. **- þo**



**LJÓT AÐKOMA** Þjófunum tókst ekki að hafa skjávarpana í MS á brott með sér en gjöreyðilögðu þá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skýringar á lengd biðlista:

# Fagfólk flýr lág laun á BUGL

**HEILBRIGÐISMÁL „Meginskýring á lengd biðlistans er að fagfólk göngudeildar getur ekki tekið við jafn mörgum nýjum málum og áður,“ segir Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir á BUGL. Um 170 börn eru nú á biðlista eftir að komast þar inn.**

**Ólafur segir að meðferðin sem veita þarf börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra krefjist mikillar þekkingar og reynslu. Fagfólk sem búi yfir slíkum kostum hafi úr mörgum störfum að velja og fari því fremur í betur launuð störf en í boði eru hjá BUGL. Staðan sé orðin ólíðandi. - kdk**

Forsætisráðherra Ísraels:

# Segist tilbúinn að gefa eftir

**JERÚSALEM, AP Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, sagðist í gær reiðubúinn að gera „mjög sársaukafullar tilslakanir“ og semja um „víðtækar málamiðlanir“ við Palestínumenn til að ná friði.**



EHUD OLMERT

**En á hinn bóginn bætti hann því við að Ísraelar myndu halda áfram að ráðast á herskáa Palestínumenn, sem hafa beint vopnum sínum að Ísraelum, „þangað til þeim hefur verið tortímt“.**

**Þetta sagði Olmert í ræðu sem hann flutti í Jerúsalem á árlegum minningardegi um fallna hermenn í gær. - gb**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### 44 kærðir fyrir hraðakstur

Alls voru 44 ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar á Selfossi í síðustu viku. Þá voru fjórir sektaðir fyrir að tala í síma í akstri án þess að nota handfrjálsan búnað. Níu voru kærðir fyrir ölvunarakstur, sem telst óvenjumikið.



**MÁLSHÖFÐUN ÓLÍKLEG** Ólíklegt er að til málshöfðunar komi vegna strands Wilson Muuga.

Yfirstýrimaður Wilson Muuga:

# Látinn taka pokann sinn

**NESSKIP** Yfirstýrimaðurinn á flutningaskipinu Wilson Muuga, sem var við stýrið þegar skipið strandaði í Hvalsnesfjöru í fyrra, var strax „látinn taka pokann sinn“, að sögn Guðmundar Ásgeirssonar, stjórnarformanns Nesskipa, eins af eigendum skipsins.

Guðmundur telur ólíklegt að frekari eftirmál verði af strandinu. Kýpur taki mögulega skírteinið af yfirstýrimanninum í einhvern tíma en skipstjórinn hafi verið sofandi í koju og verði ekki látinn bera neina ábyrgð. Hann telur afar ólíklegt að til málshöfðunar komi. **- ghs**

# Minni stuðningur við núverandi stjórn

**Nokkuð færri segjast nú, en í síðustu viku, vilja áframhaldandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Fleiri vilja Samfylkingu í ríkisstjórn en áður, en færri vilja að Framsóknarflokkur verði í næstu stjórn.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Rúmlega 28 prósent segjast nú vilja að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks starfi áfram eftir næstu kosningar. Það er nokkuð minni stuðningur við það ríkisstjórnarmynstur en birtist í síðustu viku, þegar 34,8 prósent sögðust vilja slíkt ríkisstjórnarsamstarf.

Sem áður er fylgi við þetta ríkisstjórnarsamstarf mest meðal stuðningsfólks Framsóknarflokksins, en tæplega 83 prósent þeirra vilja áframhald á núverandi stjórnarsamstarfi. Ellefu prósent þeirra vilja hins vegar fara í samstarf með Samfylkingu og Vinstri grænum. Rúm tvö prósent þeirra sem kjósa Framsóknarflokkinn vilja að flokkurinn verði í stjórnarandstöðu.

46 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins vilja að flokkurinn haldi áfram í ríkisstjórnarsamstarfi með Framsóknarflokknum og er það nokkuð minna hlutfall þeirra en í síðustu viku þegar tæp 58 prósent studdu slíkt stjórnarsamstarf. Rúm 28 prósent þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa styðja áframhald á núverandi ríkisstjórn.

Rúmt 21 prósent segist nú vilja að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna taki við eftir kosningar. Rétt rúmur meirihluti stuðningsmanna beggja flokka styður þennan stjórnarkost, 56,4 prósent stuðningsmanna Samfylkingar og 54,7 prósent vinstri grænna. Þá vilja 21,2 prósent þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þau kjósa að Samfylking og Vinstri græn taki við stjórnartaumunum.




11,7 prósent vilja að stjórn verði mynduð með Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu, en 12,9 prósent vilja að Sjálfstæðisflokkur myndi stjórn með Vinstri grænum. Tæplega fimm prósent vilja nú stjórn stjórnarandstöðuflokkanna þriggja, Frjálslynda flokksins, Samfylkingar og Vinstri grænna.

Eins og í síðustu viku vilja flestir að Sjálfstæðisflokkur verði í næstu ríkisstjórn, eða 64,2 prósent, í stað 67,7 prósenta í síðustu viku. Þá vilja jafnmargir að Samfylking og Vinstri græn verði í næstu ríkisstjórn. 45,3 prósent nefna Samfylkingu nú, en hlutfallið var 39,5 prósent í síðustu viku. 45,1 prósent vilja að Vinstri græn verði í ríkisstjórn nú, en 44,7 prósent nefndu ríkisstjórnarmöguleika með Vinstri grænum í síðustu viku.

Í síðustu viku vildu 37,2 prósent að Framsóknarflokkur ætti aðild að næstu ríkisstjórn, en nú eru 31,5 prósent þeirrar skoðunar. Stuðningur við aðra flokka í ríkisstjórn er nokkuð minni. 6,9 prósent vilja ríkisstjórn með Frjálslynda flokknum innanborðs. 4,8 prósent nefna stjórnarsamstarf með Íslandshreyfingunni og 0,8 prósent nefna ríkisstjórn með Baráttusamtökum eldri borgara og öryrkja.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 21. apríl og skiptust svarendur hlutfallslega eftir kjördæmum en jafnt eftir kyni. Spurt var: Hvaða stjórnmálaflokkar vilt þú að myndi ríkisstjórn eftir kosningarnar í vor? 61,9 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. **svanborg@frettabladid.is**




**Barnasund að Hrafnistu í Hafnarfirði, Hrafnistu Reykjavík og Djúpavogi**

Ný námskeið að hefjast í barnasundi 1-2. ára og 3-4 ára.
Kennt á mánudögum kl; 17.50 og 18.30. Kennt á Hrafnistu í Hafnarfirði.
Einnig ungbarnasund og barnasundnámskeið að hefjast á Hrafnistu Reykjavík. Kennt þriðjudaga og fimmtudaga.
Djúpavogur ungbarnasund, barnasund helgarnar 4-6 maí og 18-20 maí.
Ath. Foreldrar með ofaní laug.

**Upplýsingar og skráning hjá Sóleyju í síma 898-1496.**
**www.sundskoli.is**






ÍSLANDSHREYFINGIN lifandi land

www.islandshreyfingin.is


Landlæknir telur koma til greina að heimila staðgöngumæðrun eins og í Noregi:

# Óheimilt að taka greiðslu fyrir

**FÉLAGSMÁL** Vel getur komið til greina að heimila staðgöngumæðrun á Íslandi, að mati Matthíasar Halldórssonar landlæknis. „Þetta er þó fyrst og fremst siðferðilegt vandamál og kannski ekki fyrir lækna að taka afstöðu til frekar en þjóðarinnar almennt.“

Í Morgunblaðinu á sunnudag birtist auglýsing þar sem par óskar eftir staðgöngumóður til að ganga með barn þeirra, en slík tæknifrjóvgunaraðgerð er ólögleg á Íslandi. Matthías segist muna eftir annarri slíkri auglýsingu fyrir nokkrum árum, og að dæmi sé um að hjón hafi látið framkvæma aðgerð sem þessa erlendis.

Jón G. Snædal, formaður siðfræðiráðs Læknafélags Íslands, segir málið lítið hafa verið rætt hér á landi. Hann segist ekki tilbúinn að segja að heimila ætti staðgöngumæðrun hérlendis. „Mér finnst vera full ástæða til að ræða þetta og síðan getum við ákveðið hvort það verði heimilað. Við getum ekki horft fram hjá því að vandamálin eru til staðar, og að tæknin er til staðar.“

Að sögn Jóns eru aðgerðir sem þessar löglegar í Bretlandi og Noregi einu Norðurlandanna. Staðgöngumæðrum er hins vegar ekki heimilt að taka greiðslu fyrir að ganga með barnið, nema fyrir tilfallandi kostnaði. Að sögn Jóns er þekkt vandamál að konur frá Vesturlöndum greiði konum frá fátækum löndum fyrir að ganga með börn þeirra, og jafnvel eru dæmi þess að konur hafi staðgöngumæðrun að lifibrauði.



JÓN G. SNÆDAL



MATTHÍAS HALLDÓRSSON

Þá er ljóst að staðgöngumóðirin er lögmóðir, til dæmis ef aðgerðin er framkvæmd erlendis, og því geta risið erfiðar deilur til að mynda ef henni snýst hugur og hún vill ekki láta barnið af hendi. **- sh**

www.icelandexpress.is

# Útkall!

Sala hefst á morgun
kl.12:00!
Bókunartímabil: 25.–27. apríl
Ferðatímabil: 1.–31. maí

Berlín
Kaupmannahöfn
London
Ósló

6.395 kr.

Stokkhólmur
Gautaborg
Friedrichshafen
Frankfurt Hahn
París



## Bjóðum fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, frá 6.395 kr., aðra leið með sköttum!

Taktu forskot á sæluna og skelltu þér í sumarblíðuna í Evrópu með Iceland Express! **Á hádegi á morgun** hefst sala fjölda flugsæta til Evrópu á frábæru tilboðsverði og er lægsta verð aðeins 6.395 kr., aðra leið með sköttum.

Um er að ræða valdar dagsetningar á tímabilinu **1. til 31. maí** og eru í boði flugsæti til flestra áfangastaða Iceland Express, fram og til baka. Bókunartíminn er **25.–27. apríl** og það er eins og alltaf: Sá sem fyrstur bókar, fær besta verðið.

**Smelltu þér inn á www.icelandexpress.is um leið og sala hefst, kl. 12:00 á morgun!**

**BÖRN:**
**50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum,
fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fiton/SÍA FI18659

LAGADEILD



VERKEFNI SVEITARFÉLAGA

Málstofa miðvikudaginn 25. apríl
kl. 12.15 í Lögbergi stofu 101



Trausti Fannar Valsson,
doktorsnemi við lagadeild HÍ



Fundarstjóri:
Dr.jur. Páll Hreinsson,
deildarforseti lagadeildar HÍ

Í 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar segir að sveitarfélög skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Með þessu ákvæði er lagður stjórnskipulegur grundvöllur að tilvist sveitarfélaga hér á landi en frekari þýðing ákvæðisins er næsta óljós.

Í erindinu verður athyglinni beint að þessu ákvæði stjórnarskrárinnar og fjallað um áhrif þess á hlutverk og verkefni sveitarfélaganna.

Allir velkomnir

Nánari upplýsingar á
www.lagadeild.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 37143 04/07


Embætti ríkissaksóknara telur ekki efni til ákæru vegna ölvunaraksturs:

# Yfirmaður færður í almenna deild

**LÖGREGLUMÁL** Yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á Akureyri hefur verið færður til í starfi og gengur nú vaktir sem óbreyttur lögreglumaður í almennu deild lögreglunnar á staðnum. Þetta var gert vegna ýmissa atriða sem bentu til þess að nauðsynlegt væri að breyta áherslum í rannsóknardeildinni og skerpa á starfinu þar. Þetta staðfesti Páll Winkel, yfirmaður stjórnsýslusviðs hjá ríkislögreglustjóra.

Lögreglumaðurinn sem um ræðir var grunaður um að mæta ölvaður á slysstað í Hörgárdal í byrjun síðasta mánaðar. Þar lést ítalskur karlmaður í bílveltu.

Lögreglumaðurinn var ekki á vakt en var kallaður á slysstað og fundu aðrir lögreglumenn áfengislykt af honum. Öndunarsýni var tekið af manninum og var hann sendur í blóðprufu. Mál hans var síðan sent til embættis ríkissaksóknara.

Að sögn Sigríðar Friðjónsdóttur, saksóknara hjá embættinu, er rannsókn málsins lokið. Niðurstaða hennar er sú, að ekki hafi verið nægilegt efni til að ákæra lögreglumanninn fyrir brot á umferðarlögum. Embættið muni því ekki ákæra hann fyrir ölvunarakstur. **- jss**



**AKUREYRI** Embætti ríkislögreglustjóra hefur fært lögreglumann á Akureyri til í starfi.

Skoðanakönnun Capacent:

# Sjálfstæðismenn fá fimm í suðri

**STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn fengi fimm kjördæmakjörna þingmenn í Suðurkjördæmi, 40,9 prósent atkvæða, ef gengið væri til kosninga nú. Þetta er meðal er niðurstaðna könnunar sem Capacent Gallup vann fyrir Sjónvarpið og Morgunblaðið dagana 15. til 19. apríl.**

**Samfylking fengi 24 prósent atkvæða og tvo kjördæmakjörna þingmenn en hefur fjóra nú.**

**Framsóknarflokkur fengi 14,2 prósent atkvæða og einn mann kjörinn, Vinstrihreyfingin – grænt framboð fengi einnig einn mann kjörinn með 13,7 prósentum atkvæða. Frjálslyndi flokkurinn fengi 4,8 prósent atkvæða og næði ekki manni inn. Íslandshreyfingin fengi 2,2 prósent og Baráttusamtökin fengju 0,3 prósent.** - þo



**FORSETI Í FEIKNASTUÐI** Jeltsín brá sér upp á svið á rokktónleikum í Rostov sumarið 1996 og tók nokkur spor eftir að hafa fengið sér aðeins neðan í því. Um haustið þurfti hann að gangast undir hjartaaðgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Jeltsín látinn

## Boris Jeltsín var alla tíð umdeildur, þótti að mörgu leyti meingallaður forseti en naut samt aðdáunar margra fyrir hugrekki og staðfestu.

**RÚSSLAND** Boris Jeltsín, fyrrverandi Rússlandsforseti, var 76 ára þegar hann lést í Moskvu í gær af völdum hjartaáfalls.

Jeltsín var forseti landsins á miklum umbrotatímum. Hann átti stóran þátt í að flýta fyrir hruni Sovétríkjanna, kom á lítt heftu markaðskerfi í framhaldi af kerfisumbótum Mikhaíls Gorbatsjovs en steypti þjóðinni um leið ofan í djúpa efnahagskreppu sem erfitt hefur reynst að sigla upp úr.

Hann ávann sér framan af bæði vinsælda og nokkurrar virðingar fyrir að standa uppi í hárinu á kerfiskörlunum sem héldu um valdataumana í Moskvu, en þótti undir lokin orðinn hálf hjákátlegur valdafíkill sem gerði fátt til að koma í veg fyrir alvarlegan glundroða í samfélaginu. Glundroða sem bitnaði illa á almenningi en auðkýfingar og glæpasamtök áttu auðvelt með að nýta sér í hag.

Hann þótti litríkur persónuleiki og þjóðarleiðtogar á Vesturlöndum, sem áttu við hann töluverð samskipti, lofuðu hann margir hverjir í hástert og kölluðu hann vin sinn.

„Hann var stórmerkilegur maður sem sá þörfina fyrir lýðræðislegar og efnahagslegar umbætur og, með því að verja þær, gegndi hann lykilhlutverki á úrslitatímum í sögu Rússlands,“ sagði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, í gær.

Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, segir hann hafa verið „einn af merkustu mönnum okkar tíma“.

gudsteinn@frettabladid.is

### VALDAMAÐUR Á UMBROTATÍMUM

Boris Jeltsín fæddist í Sverdlovsk 1. febrúar árið 1931. Hann hóf störf hjá Kommúnistaflokknum árið 1968, þá 37 ára gamall, og vann sig smám saman upp til æðri metorða.

Hann settist í miðstjórn flokksins í Moskvu árið 1981, varð borgarstjóri þar árið 1985 og komst loks í framkvæmdastjórn flokksins árið 1986. Hann hrökklaðist þó þaðan árið 1988 eftir að hafa gagnrýnt Gorbatsjov fyrir að ganga ekki nógu langt í umbótastarfinu.

Jeltsín sneri hins vegar fljótt aftur í stjórnmálin og var kosinn á þing árið 1989 og síðan forseti Rússlands árið 1990. Í ágúst árið 1991 braut hann á bak aftur valdaránstilraun afturhaldsafla Sovétveldisins og í desember það ár lýsti hann því formlega yfir, ásamt forsetum Hvíta-Rússlands og Úkraínu, að Sovétríkin væru liðin undir lok.

Forsetaembættinu gegndi Jeltsín í tæp tvö kjörtímabil þar til hann afhenti það í árslok árið 1999 þáverandi forsætisráðherra sínum, Vladimír Pútín, sem enn í dag situr sem fastast í forsetaembættinu.

Jeltsín fékk fyrst fyrir hjartað árið 1987 og mun hafa fengið fimm sinnum hjartaáfall meðan hann gegndi forsetaembætti. Hann gekkst undir hjartaaðgerð haustið 1996.


0 kr. í útborgun*

Nýr, fallegri og miklu betri Opel.




28.412* kr. á mánuði
fyrir beinskiptan Opel Astra 1.6 (Verð: 1.890.000 kr.)

31.836* kr. á mánuði
fyrir sjálfskiptan Opel Astra 1.8 (Verð: 2.120.000 kr.)

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Miðað við 100% bílasamning og greiðslur í 84 mánuði.

Aukahlutir á mynd; álfelgur og þokuljós

# LÆKNADEILD

Læknadeild Háskóla Íslands var stofnuð árið 1911 og er ein elsta deild skólans. Úr læknadeild hafa útskrifast um 2000 einstaklingar með embættispróf í læknisfræði. Íslenskir læknar stunda almennt framhaldsnám við margar þekktustu stofnanir og háskólasjúkrahús heims.

# Hérna gerist það




Að einni skurðaðgerð kemur teymi sérfræðinga á sviði heilbrigðisvísinda. Læknadeild býður upp á nám í læknisfræði, sjúkraþjálfun, lífeindafræði og geislafræði eða rannsóknatengt meistara- og doktorsnám í líf- og læknavísindum.

Frá upphafi hefur læknadeild kappkostað að vera í fararbroddi hvað varðar nýjungar í rannsóknum og kennslu heilbrigðisvísindagreina. Læknadeild í samstarfi við Landspítala-háskólasjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir leggur sitt af mörkum við að lyfta Háskóla Íslands upp í hóp 100 bestu háskóla í heimi.


ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 36967 03/07


Fjórða árs læknanemar í „klínísku námi“ á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Til að ná árangri þarf metnað. Í tæpa öld hefur Háskóli Íslands gegnt lykilhlutverki í íslensku samfélagi og tekið þátt í að efla það og styrkja.
Metnaður Háskóla Íslands er metnaður íslensku þjóðarinnar. Stefna Háskóla Íslands er skýr: Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtímamarkmið að vera á meðal 100 bestu háskóla í heimi. **Það er framtíðin.**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

**HÁSKÓLI ÍSLANDS**
www.hi.is



**SAMÚÐ Í S-KÓREU** Kona í Seúl tekur mynd af samúðarkveðjum sem ritaðar hafa verið á borða fyrir utan bandaríska sendiráðið, til minningar um fórnarlömbin 32 í Tækniháskólanum í Virginíu sem maður af suðurkóreskum uppruna skaut í æði fyrir viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Offita sívaxandi vandamál meðal Evrópuþjóða:

# Stefnir í óefni að mati lækna

**BÚDAPEST, AP** Evrópuþjóðir kunna að standa frammi fyrir miklum heilsufarslegum og félagslegum vanda eftir því sem offita eykst æ meira meðal bæði fullorðinna og barna. Þetta sögðu læknar og aðrir sérfræðingar í offituvandanum sem voru saman komnir á sunnudag á 15. Evrópuráðstefnunni sem helguð er þessu viðfangsefni og fór fram í Búdapest í Ungverjalandi.

„Það ætti að meðhöndla offitusjúklinga innan heilbrigðiskerfisins með alveg sama hætti og gert er með fólk sem þjáist af hverjum öðrum flóknum sjúkdómi,“ sagði Vojtech Hainer, forseti evrópskra samtaka þeirra sem stunda rannsóknir á offituvandanum (EASO). „Í mörgum Evrópulöndum er yfir helmingur íbúanna of þungur eða offitusjúklingar.“

Hainer sagði aukakíló einn helsta áhættuþáttinn sem yki á heilsufarsvandamál og þau styttu meðallífslíkur um tvö ár.

Sérfræðingar hafa sérstakar áhyggjur af vaxandi offitu barna. „Yfir 80 prósent of þungra barna verða það áfram á fullorðinsárum,“ sagði dr. Martin Fried við Karlsháskólann í Prag. - aa



**AUKAKÍLÓ** Yfir helmingur Evrópubúa telst vera of þungur. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

### Innbrot í Hveragerði:

# Gróðurhúsalömpum stolið

**LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í gróðurhús í Hveragerði aðfaranótt sunnudags og stolið þaðan fimm gróðurhúsalömpum.**

**Talið er að lamparnir séu komnir í leitirnar því á sunnudagsmorgun rakst gangandi maður á plastpoka með fimm gróðurhúsalömpum í Gufudal.**

**Að sögn lögreglunnar á Selfossi er nokkuð algengt að gróðurhúsalömpum sé stolið. Yfirleitt eru þar á ferðinni menn sem hyggjast nota lampana til kannabisræktunar.**

**Um það bil tíu lampar hverfa úr gróðurhúsum í Hveragerði á ári hverju.** - þo









**RÁÐHERRA Á VIGTINNI** Gestir Forvarnahússins geta stigið á vigt sem sýnir hvernig líkamsþyngd þeirra eykst með auknum hraða. Lendi samgönguráðherra í árekstri á 90 kílómetra hraða vegur hann 13,6 tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fræðsla er besta vopnið

**Alþjóðleg umferðaröryggisvika Sameinuðu þjóðanna hófst í gær. Með vikunni er vakin áhersla á mikilvægi þess að bæta umferðaröryggi en árlega láta 1,2 milljónir manna lífið í umferðarslysum.**

**UMFERÐARÖRYGGI** Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, skilgreinir afleiðingar umferðarslysa sem eitt stærsta heilbrigðisvandamál nútímans. Á hverjum degi látast um 3.000 manns í umferðarslysum í heiminum og á Íslandi kosta umferðarslys á bilinu 21 til 29 milljarða króna á ári.

Umferðaröryggisvikunni var formlega ýtt úr vör í Forvarnahúsi Sjóvár í gær. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra kynnti umferðaröryggisáætlun stjórnvalda og ítrekaði í erindi sínu að boðskapurinn um bætta hegðun í umferðinni ætti alltaf erindi til almennings. „Það er alveg sama hversu miklu eftirliti og viðurlögum við beitum, grundvallaratriðið er betri hegðun í umferðinni,“ sagði Sturla.

Samkvæmt umferðaröryggisáætlun stjórnvalda verður 1,8 milljörðum króna varið til sérstakra umferðaröryggisaðgerða á næstu fjórum árum. Þá eru ótaldar þær upphæðir sem renna til vegaframkvæmda.

„Sem dæmi um aukið umfang má nefna að nú verður lögreglan mun sýnilegri en áður og eftirlit verður stóraukið á vegunum. Löggreglan hefur fengið tækjabúnað til að fylgjast með ökuhraðanum, eftirlitsmyndavélar hafa verið settar upp í þéttbýli og við þjóðvegi og þeim verður fjölgað,“ sagði Sturla og benti á að einnig væri brýnt að bæta vegi og önnur samgöngumannvirki. Til að mynda þyrfti að fækka einbreiðum brúm og aðskilja akstursstefnur á fjölförnustu vegunum.

Samhliða upphafi umferðaröryggisvikunnar var opnuð sýning í Forvarnahúsinu. Þar geta gestir meðal annars skoðað veltibíl, ökuhermi, ölvunargleraugu og bílbeltasleða. Áhersla er lögð á umfjöllun um hraða og ölvun sem orsakavald í alvarlegum umferðarslysum.

„Það liggur alveg ljóst fyrir að hrað- og ölvunarakstur er það sem við þurfum að einbeita okkur að núna,“ segir Sigurður Helgason, verkefnisstjóri Umferðarstofu, en áhættuhegðun ökumanna er helsta orsök alvarlegra umferðarslysa.

„Fræðsla og eftirlitið er besta vopnið. Ég hef mikla trú á forvarnarstarfinu og unga fólkinu. Það er unga fólkið sem breytir mestu og árangur í þeirra hópi í sambandi við tjón og óhöpp hefur stórbatnað,“ segir Sigurður.

Þetta er í fyrsta sinn sem umferðaröryggisvikan er haldin en gert er ráð fyrir að hún verði haldin á þriggja ára fresti.

thorgunnur@frettabladid.is



„Sturtustuð“ á markað:

## Koffínsápa í morgunsárið

**HREINLÆTI** Koffínsápur hafa verið settar á markað fyrir þá sem ekki hafa tíma til að fara bæði í bað og fá sér kaffisopa í hamaganginum á morgnanna.

Framleiðendur sápunnar, sem hlotið hefur nafnið „Shower Shock“ eða Sturtustuð, segja að sápan gefi frá sér koffín sem líkaminn dregur í sig og hafi sömu áhrif og tveir kaffibollar.

Í sápunni eru einnig piparmintu- og sítrónuilmefni, svo notendur angi ekki af kaffi eftir sturtuna. Ófrískum konum og börnum er ráðið frá því að nota sápuna, sem kostar um 250 krónur hvert stykki. - sh

Danskir og grænlenskir vísindamenn rannsaka ferðir rostunga yfir sumartímann með gervihnattasendum:

# Hulunni svipt af rostungaráðgátu

**VÍSINDI** Teymi danskra og grænlenskra vísindamanna hafa fest gervihnattasenda á átta rostunga í því skyni að rannsaka hvert skepnurnar halda á sumrin, en til þessa hefur mjög lítið verið vitað um ferðir rostunga yfir sumartímann.

Einnig er vonast til að sendarnir geri mögulegt að varpa ljósi á það hvaða áhrif veiðar, olíuleit og hinar hnattrænu loftslagsbreytingar hafa á rostunga Norðurhafa.

Atlantshafsrostungarnir við Vestur-Grænland eru ein af minnst átta undirtegundum rostunga sem til eru í heiminum. Sendarnir voru festir á rostunga á hafísnum milli Vestur-Grænlands og Baffinseyjar, sem tilheyrir Kanada.

Vonast er til að sendarnir tolli á skepnunum í að minnsta kosti tvo til þrjá mánuði, jafnvel lengur. „Svona sendar eru himnasending fyrir þá sem rannsaka sjávarspendýr,“ hefur fréttavefur BBC eftir leiðangursstjóranum Mikkel Villum Jensen. Almenningi verður gert kleift að fylgjast með ferðum hinna merktu rostunga í gegnum fréttavef BBC, undir flipanum „Walrus Watch“. - aa



**ROSTUNGUR** Fylgst með ferðum Grænlandsrostunga. NORDICPHOTOS/AFP



**ÓPIÐ EFTIR MUNCH** Þetta fræga málverk var í vörslu þjófa í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðstoðuðu Munch-þjófana:

## Fengu þunga fangelsisdóma

**NOREGUR, AP** **Áfrýjunardómstóll í Noregi dæmdi þrjá menn í allt að níu og hálfs árs fangelsi fyrir að hafa aðstoðað vopnaða þjófa við að stela tveimur málverkum eftir Edvard Munch árið 2004.**

**Málverkin Ópið og Madonna, sem talin eru ómetanleg, fundust töluvert skemmd í ágúst síðastliðnum, rúmlega tveimur árum eftir að þeim var stolið um hábjartan dag frá Munch-safninu í Ósló.**

**Mennirnir þrír voru sýknaðir í héraðsdómi í Ósló á síðasta ári, en áfrýjunardómstóllinn hefur nú dæmt einn mannanna í níu og hálfs árs fangelsi, annan í níu ára og þann þriðja í fimm og hálfs árs fangelsi.** - gb

Samband við Palestínumenn:

## Jón styður tillögu Valgerðar

**STJÓRNMÁL** Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, styður hugmynd Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra að koma á eðlilegu sambandi við þjóðstjórn Palestínu.



**JÓN SIGURÐSSON**

„Það er ekkert nema gott um þetta að segja,“ segir Jón, en ítrekar áherslur Valgerðar um að þjóðstjórnin skuli viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis og fleira.

Ef íslenska ríkið kemur á sambandi við þjóðstjórnina verður það annað stjórnvaldið í Evrópu til þess. Norðmenn hafa nú þegar komið á slíku sambandi.

Ekki hefur tekist að fá Geir H. Haarde forsætisráðherra til að tjá sig um þetta mál, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - kóþ

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Gefið í á Reykjanesbrautinni**

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði þrjá ökumenn fyrir hraðakstur á Reykjanesbrautinni aðfaranótt mánudags. Sá sem hraðast ók var á 160 kílómetra hraða en hámarkshraði á þessum slóðum er 90 km/klst. Hann á líkast til von á að missa prófið um tíma.




Leikskólaráð hefur samþykkt að hefja samningaviðræður við Hjallastefnuna:

# Hjalli tekur við Laufásborg

**REYKJAVÍK** Leikskólaráð hefur samþykkt að ganga til samningaviðræðna við forsvarsmenn Hjallastefnunnar um að taka yfir rekstur leikskólans Laufásborgar og að rekstur hefjist í samræmi við það í haust. Viðræður hefjast við forsvarsmenn Hjallastefnunnar í næstu viku.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, segir að Laufásborg hafi í mörg ár verið rekin með sama hætti og leikskólar á vegum Hjallastefnunnar og fyrir liggi viljayfirlýsingar foreldra og kennara um að Hjallastefnan taki við skólanum. Þorbjörg segir borgaryfirvöld einnig spennt fyrir því að koma upp grunnskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík.



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR** **MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR**

Leikskólaráð hefur verið að endurskoða samninga við einkareknu skólana í borginni. Þorbjörg segir að vilji sé til þess að samræma þessa samninga og einfalda.

Fulltrúar minnihlutans sátu í atkvæðagreiðslu um tillöguna um Laufásborg. Í bókun þeirra sagði að tillagan fæli ekki aðeins í sér málsmeðferð heldur einnig niðurstöðu. Skynsamlegra væri að fara ofan í saumana á faglegum og fjárhagslegum forsendum, fordæmisgildi og samningum við starfsfólk áður en afstaða væri tekin um að fela Hjallastefnunni rekstur Laufásborgar. Fulltrúar meirihlutans mótmæltu því. Ekki náðist í Júlíus Vífil Ingvarsson, formann menntaráðs. **- ghs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bifhjólamaður í loftköstum

Ökumaður bifhjóls var fluttur á sjúkrahús á sunnudag eftir slys á Suðurvöllum í Reykjanesbæ. Ökumaðurinn missti stjórn á hjólinu og sögðu sjónarvottar að hann hefði bókstaflega tekist á loft uns hann hafnaði á stétt við innkeyrslu íbúðarhúss. Ökumaðurinn fann til í baki og hnakka en meiðsli hans reyndust ekki alvarleg. Hjólið er mikið skemmt.



**ÚR HÉRAÐSDÓMI** Lögmenn tókust á um hvort dómari í máli olíufélaganna gegn íslenska ríkinu og samkeppnisyfirvöldum þyrfti að víkja sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Krefjast annars dómara

**Lögmenn olíufélaganna krefjast þess að Sigrún Guðmundsdóttir dómari víki sæti. Kristinn Hallgrímsson líkti samráðinu við innbrot þar sem engu var stolið. Lögmaður samkeppnisyfirvalda mótmælti.**

**DÓMSMÁL** „Stefnendur hafa af því áhyggjur að mótaðar skoðanir dómara, sem komið hafa fram í fyrri skaðabótamálum sem nýlega var dæmt í, geri það að verkum að hlutleysis sé ekki gætt,“ sagði Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður og stjórnarformaður Olís, í gær er hann rökstuddi kröfu olíufélaganna um að Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari skyldi víkja sæti.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu gera lögmenn Olís, Kers, áður Olíufélagsins, og Skeljungs kröfu um að Sigrún víki sæti aðallega á grundvelli þess að hún hafi með sératkvæði sínu í máli Sigurðar Hreinssonar gegn Keri útilokað sig frá því að geta dæmt í máli olíufélaganna gegn samkeppnisyfirvöldum og íslenska ríkinu. Þess er krafist að 1,5 milljarða sekt samkeppnisyfirvalda vegna samráðsins verði dæmd ógild og látin niður falla.

Í sératkvæði Sigrúnar í fyrrnefndu máli kemur fram að Ker hafi með samráði við hin olíufélögin aflað sér „ólögmæts ávinnings“ með því að „fella ávinninginn inn í söluverð á bensíni og olíu“.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, sagði forsvarsmenn olíufélaganna ávallt hafa haldið því fram að ekkert benti til þess að samráð olíufélaganna hefði valdið tjóni. „Þetta er eins og um innbrot hafi verið að ræða, en engu stolið,“ sagði Kristinn er hann gerði grein fyrir því að þótt samráð hefði verið viðhaft þá væri það aðalatriðið að ávinningurinn af því hefði enginn verið.

Gísli Baldur tók í sama streng en sagði forsvarsmenn olíufélaganna hafa skipst „óvarlega á tölvuskeytum“ og vitnaði þar til samskipta forsvarsmanna olíufélaganna sem starfsmenn samkeppnisyfirvalda komu upp um. Skjalfest dæmi um samskipti forsvarsmanna olíufélaganna sín á milli nema hundruðum í skýrslu samkeppnisyfirvalda.

Heimir Örn Herbertsson, lögmaður samkeppnisyfirvalda og ríkisins, sagði rök lögmanna olíufélaganna ekki standast skoðun. Sagði hann engin lög segja til um að dómarar þyrftu að víkja sæti í máli þótt þeir hafi komist að einhverjum tilteknum niðurstöðum í öðrum málum. Á því væri ekki hægt að byggja.

> Þetta er eins og um innbrot hafi verið að ræða, en engu stolið.
>
> **KRISTINN HALLGRÍMSSON,** LÖGMAÐUR KERS

Að lokum beindi hann því til lögmanna olíufélaganna hvers vegna sömu kröfu hefði ekki verið beint að Skúla Magnússyni sem hefði verið meðal dómara í fyrri skaðabótamálum. „Af hverju var þessu ekki beint til Skúla eins og lögmaðurinn bendir á?“ spurði Sigrún lögmenn olíufélaganna eftir að Heimir Örn hafði lokið máli sínu. Nefndu lögmennirnir að þeir hefðu fengið spurnir af því að Skúli væri að hætta sem dómari og taka við stöðu hjá EFTA í Lúxemborg og því hefði þeim þótt óþarft að bera kröfuna fram. En aðalatriði málsins væri það að Sigrún tæki skýra afstöðu í sératkvæðinu í fyrrnefndu máli, að óumdeilt samráð olíufélaganna hefði valdið tjóni og hækkað verð á eldsneyti. „Það er grundvallaratriðið,“ sagði Kristinn áður en hann lauk máli sínu. **magnush@frettabladid.is**




FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

2006

ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn í dag kl. 17.15 á Nordica hótel, Suðurlandsbraut 2.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins eru birtar á heimasíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins, frjalsilif.is. Einnig má nálgast þær í höfuðstöðvum Kaupþings að Borgartúni 19. Stjórn sjóðsins vill hvetja sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

KAUPÞING



www.framsokn.is/reykjavik



Ábyrg auðlindanýting í sátt við umhverfið og þjóðina

Jón Sigurðsson og Jónína Bjartmarz halda opinn hádegisfund um umhverfismál á Sólon í dag 24. apríl kl. 12:00.

M.a. verður fjallað um auðlindanýtingu, náttúruvernd og loftslagsmál.

Allir velkomnir!

Framsókn í Reykjavík

XB 2007

Kosningaskrifstofa í Reykjavík, Skógarhlíð 20, 105 Reykjavík, sími: 582 9499, reykjavik@framsokn.is

Framsókn



GILDI lífeyrissjóður

ÁRSFUNDUR 2007

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel, Reykjavík miðvikudaginn 25. apríl 2007 kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Tillaga um hækkun réttinda.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og er einnig að finna á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Reykjavík 10. apríl 2007,

*Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.*

GILDI

Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

Frumvarp í Svíþjóð:

## Refsivert samskipti við börn

**SVÍÞJÓÐ** Beatrice Ask, dómsmálaráðherra Svíþjóðar, ætlar að leggja fram frumvarp þar sem fullorðnum er bannað að leita eftir sambandi við barn á netinu þar sem markmiðið er greinilega að hitta barnið og misnota kynferðislega.

Verði frumvarpið samþykkt ganga Svíar lengra en aðrar þjóðir í baráttunni við barnaníðinga fyrir utan Breta.

Samkvæmt breskum lögum er hægt að dæma fullorðinn í allt að sex mánaða fangelsi fyrir að hafa samband við barn á netinu. Eigi misnotkun sér stað getur dómur hljóðað upp á tíu ár. - ghs



**KOSIÐ Í DAMASKUS** 2.500 frambjóðendur keppa um 250 þingsæti.

Þingkosningar í Sýrlandi:

## Kosningar sem breyta sáralitlu

**SÝRLAND, AP** Stjórnarandstæðingar í Sýrlandi segja þingkosningar, sem haldnar voru þar á sunnudag og mánudag, hafa verið skrípaleik og kosningaþátttakan hafi verið sáralítil.

Ríkisdagblöð halda því hins vegar fram að í kosningunum hafi verið „gífurleg þátttaka“ og „hörð samkeppni“.

Kosningarnar breyta hins vegar litlu því meirihluti þingsæta er fyrirfram frátekinn fyrir stjórnarflokkana. Stjórnvöld vonast þó til þess að þær bæti ímynd landsins.

Ekki er búist við að úrslit liggi fyrir fyrr en á morgun. - gb

Óku undir áhrifum fíkniefna:

## Kannabisefni fundust í bíl

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi hafði afskipti af tveimur ökumönnum í fyrrinótt sem grunaðir eru um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna. Um tvö aðskilin mál var að ræða.

Ökumennirnir voru báðir stöðvaðir í grennd við Borgarnes við hefðbundið eftirlit og fljótlega kom í ljós að báðir voru í annarlegu ástandi. Í bíl annars fann lögregla kannabis. - þo





Samfylkingin

Jöfnum launamun kynjanna




Góð hugmynd um betri framtíð

xS

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**, 1. sæti í Reykjavíkurkjördæmi suður
**Guðmundur Steingrímsson**, 5. sæti í Suðvesturkjördæmi

## „ORÐRÉTT“

### Engan þykjustuleik

**„Það versta sem menn gætu gert er að fara í einhvers konar þykjustuleik og reyna að búa þarna til fornminjar. Ég held að það sé það hallærislegasta sem til er. Það sem er einu sinni glatað er glatað.“**

HRAFN GUNNLAUSGSSON VILL AÐ NÚTÍMALEGT HÁHÝSI VERÐI BYGGT Í STAÐ HÚSANNA SEM BRUNNU Í MIÐBÆNUM.

**Fréttablaðið 23. apríl**

### Íslenska Vatíkanið

**„Sjálfstæðisflokkurinn lifir á þeim ótvíræða hæfileika að vera fyrsta flokks hnappabítir og kunna einnig að skipta um páfa án þess að nokkuð breytist í Vatíkaninu.“**

GUÐBERGUR BERGSSON SÉR MARGT LÍKT MEÐ SJÁLFSTÆÐISFLOKKNUM OG KAÞÓLSKU KIRKJUNNI.

**DV 23. apríl.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ANNA KRISTJÁNSDÓTTIR VÉLSTJÓRI

## *Leitar að bréfi og spáir í pólitík*



„Akkúrat þessa stundina er ég niðri í kjallara að leita að bréfi sem mér var sent í kringum 1992. Þetta er mjög fallegt bréf sem ég vil endilega finna,“ segir Anna Kristjánsdóttir, vélstjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur og einn af mest lesnu bloggurum landsins.

Anna segir að bréfið góða ætli hún að nota á Dale Carnigie-námskeiði.

„Þetta bréf lýsir tilfinningatengslum. Það var það vel gert að það breytti lífi mínu. Í raun var það upphafið á sigri mínum. Ég var búin að berjast minni baráttu árum saman. Lengst af gekk það illa. Þetta bréf var nýtt upphaf.

Annars var ég á næturvakt í nótt og næsta verkefni hjá mér er námskeið og fundur hjá Trans Ísland. Svo fer ég á fund í Hollandi fljótlega þannig að það er margt að gera,“ segir Anna.

Í bloggi Önnu hefur oft gefið að líta skoðanir hennar á hinum ýmsu málum – einkum stjórnmálum. „Það er alltaf jafn gaman að blogga, að vísu gekk þetta ekki vel hjá mér í gær. Ég held að heimsóknirnar hafi farið niður fyrir þúsund. Um stjórnmál hef ég það að segja að ég hef trú á því að botninum sé náð og nú sé allt á uppleið.“

## GÚMMÍBIRNIR:
### AÐALLEGA ÚR GELATÍNI

■ Sælgætishlaup fæst í ýmsum stærðum og gerðum. Með því vinsælla eru „gúmmíbirnir“, nammihlaup sem er búið að móta eins og litla birni og eru í alls konar litum. Bragð fer svo eftir því í hvaða lit bangsinn er. Gúmmíbirnir eru aðallega gerðir úr gelatíni sem er hlaupkennt, lyktarlaust og bragðlaust prótín sem unnið er úr dýraafurðum. Til að fá bragð og lit á bangsana er svo sykri, eða öðrum sætuefnum, bragð- og litarefnum bætt við eftir þörfum.



## SJÓNARHÓLL
### MATAREITRANIR Á KÁRAHNJÚKUM

## *Þessu verður að bæta úr*

„Þegar ég las greinina fékk ég hroll við að gera mér aðstæður þessara manna í hugarlund,“ segir Úlfar Eysteinsson, matreiðslumeistari á Þremur Frökkum, um fréttir af matareitrun fjörutíu verkamanna við Kárahnjúka. „Það er alveg agalegt að heyra af aðstæðum þeirra þarna ofan í jörðinni þar sem þeir þurfa að sleikja raka veggi til að svala þorsta sínum. Svo þegar þeir fá eitthvað að drekka þá þurfa þeir að dýfa könnunum ofan í opið fat. Það sér hver maður að menn sem ekki hafa fullnægjandi klósett- og hreinlætisaðstöðu geta borið með sér smit í mat. Maturinn hefur verið í lagi þegar hann kom niður til þeirra en þar sem þeir hafa ekki getað þvegið sér um hendurnar fer svona. Handþvottur er númer eitt, tvö og þrjú í svona aðstæðum. Ég er svolítið hneykslaður á þessu en vonast til þess að úr þessu verði bætt.



**ÚLFAR EYSTEINSSON**
Matreiðslumeistari

# Allt mælir með umhverfisvitund

**Heimasíðan Náttúran.is verðu opnuð á morgun en á henni má finna aragrúa upplýsinga um hvaðeina sem lýtur að náttúruvernd. Vefurinn er hugarfóstur Guðrúnar Tryggvadóttur, sem hefur helgað sig verkefninu í fjögur ár með það að markmiði að efla umhverfismeðvitund neytenda og búa til tæki til að hafa áhrif á markaðinn.**



**GUÐRÚN TRYGGVADÓTTIR** Hefur unnið hugmynd sinni brautargengi í fjögur ár og uppsker árangur erfiðis síns á morgun þegar umhverfisráðherra opnar vefinn.

MYND/EGILL BJARNASON

Dagur umhverfisins er á morgun og mun Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra af því tilefni opna vefinn Náttúran.is á Kjarvalsstöðum. Á vefnum má finna ítarlegar upplýsingar um umhverfisvottuð fyrirtæki, vörur og þjónustu á Íslandi í dag. Þá er þar líka listi yfir græn fyrirtæki og stofnanir, sem og netverslun þar sem finna má um úrval umhverfisvænna vara.

Hugmyndina að vefnum segist Guðrún hafa fengið fyrir um fjórum árum, þegar hún var „bara myndlistarmaður úti í bæ“, búin að taka þátt í baráttunni gegn Kárahnjúkavirkjun og lotið þar í lægra haldi. „Ég tók mikinn þátt í baráttunni gegn virkjunni, bjó til auglýsingar og fleira í sjálfboðavinnu. Þegar við töpuðum þeirri baráttu var ég algjörlega miður mín. Ég gat ekki hugsað mér að fara aftur að hanna auglýsingar fyrir fyrirtæki en láta umhverfismálin sitja á hakanum. Þá fékk ég þá hugmynd að safna saman þeim upplýsingum sem til eru um umhverfismál í samhengi við vörur og þjónustu og setja það fram á aðgengilegan hátt á netinu. Hugmyndin er sú að fólk sem vill leggja sitt af mörkum til umhverfismála geti fundið allar þær upplýsingar sem það þarf á einum stað.“

Á bak við síðuna liggur mikil vinna; Guðrún réðst í það sjálf að safna öllum þeim upplýsingum sem hún gat fundið um umhverfismál auk þess sem það kostaði mikla vinnu að vinna þessari hugmynd brautargengi. „Þegar ég byrjaði var ég svo sem ekkert sérstaklega vel að mér um þessi mál en eftir að hafa helgað mig þessu verkefni í fjögur ár veit ég sjálfsagt meira en margir umhverfisfræðingar. Hálfu ári eftir að ég byrjaði áttaði ég mig á að ég þyrfti að afla mér aukinnar kunnáttu og þekkingar þannig að ég fór á námskeið til að læra að gera viðskiptaáætlanir, gerði eina slíka og tróð mér inn hjá forstjórum fjölmargra fyrirtækja til að búa til samvinnugrundvöll.“

Guðrún segir að umhverfisvitund neytenda fari sífellt vaxandi og trúir að eftirspurn eftir vef sem þessum eigi eftir að verða mikil. „Þeim fer fjölgandi sem eru meðvitaðir um umhverfismál og vita að ástandið er ekki eins og best væri á kosið. Ef allir legðu sitt af mörkum mætti hins vegar snúa því við.“ Þá segir Guðrún það algengan misskilning að það sé dýrara en ella að velja vörur og þjónustu út frá umhverfissjónarmiðum. „Umhverfisvitund er beintengd sparnaði og því ekki síður fjárhagslega hagkvæmt að grípa til hennar. Ég er í rauninni dálítið hissa á því að vefur eins og þessi hafi ekki komið fram fyrr, því það mælir í rauninni allt með umhverfisvitund Ég held að þetta eigi eftir að verða áhrifaríkt tæki fyrir neytendur í framtíðinni.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

**Kjörskrár vegna kosninga til Alþingis sem fram eiga að fara laugardaginn 12. maí 2007 skulu lagðar fram eigi síðar en miðvikudaginn 2. maí 2007.**

Kjörskrá skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórnar eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn auglýsir sérstaklega. Kjörskrá skal liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn. Athygli er vakin á því að sveitastjórn getur allt fram á kjördag gert leiðréttingar á kjörskrá, ef við á.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,
23. apríl 2007.

Silja Aðalsteinsdóttir hlaut Íslensku þýðingarverðlaunin fyrir Wuthering Heights:

# Margradda ástarsaga á auðugu og blæbrigðaríku nútímamáli

Hin kunna bókmenntakona og þýðandi Silja Aðalsteinsdóttir hlaut í gær Íslensku þýðingarverðlaunin fyrir þýðingu sína á hinni sígildu skáldsögu Wuthering Heights eftir Emily Brontë sem Bjartur gaf út á síðasta ári. Silja hefur komið víða við í bókmenntalífi þjóðarinnar og starfað sem fræðimaður, kennari, blaðamaður, ritstjóri og síðast en ekki síst þýðandi merkra verka.

Í áliti dómnefndar sem valdi sigurvegarann úr hópi sex valinna þýðinga segir: „Með þýðingu sinni á Wuthering Heights eftir Emily Brontë hefur Silju Aðalsteinsdóttur tekist að flytja skáldverk frá miðri 19. öld yfir á trúverðugt nútímamál og auðvelda þannig aðgengi yngri kynslóða að þessu sígilda verki.

Wuthering Heights er átakamikil og margradda ástarsaga sem gerist í sveitum Englands í upphafi 19. aldar. Í áreynslulausum texta, sem tekur mið af tungutaki okkar samtíma, nær Silja að koma hrjáðum röddum og lynggrónum vindheimum afar vel til skila. Þýðing hennar er á auðugu og blæbrigðaríku máli, heldur tryggð við frumtextann eins og kostur er og vitnar í leiðinni um hugkvæmni og listfengi þýðanda sem er samgróinn íslenskri tungu eftir áratuga starf á menningarakrinum.“



**BESSSASTAÐIR** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhendir Silju Aðalsteinsdóttur Íslensku þýðingarverðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Þetta er í þriðja skipti sem Silja hlýtur verðlaunin.

FRÉTTABLAÐIÐ VILHELM

Í dómnefndinni sátu þau Rúnar Helgi Vignisson formaður, Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Jórunn Sigurðardóttir. Aðrir þýðendur sem tilnefndir voru af valnefnd þýðenda voru Atli Magnússon fyrir þýðingu sína á bókinni Nostromo eftir Joseph Conrad, útg. Mál og menning, Ástráður Eysteinsson og Eysteinn Þorvaldsson fyrir þýðingu sína á bókinni Umskiptin eftir Franz Kafka, útg. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Fríða Björk Ingvarsdóttir fyrir þýðingu sína á Dætur hússins, útg. Salka, og Kristian Guttesen fyrir þýðingu sína á bókinni Brekkan eftir Carl Frode Tiller, útg. Salka.

Þetta er þriðja sinnið sem Félag þýðenda stendur fyrir verðlaununum og nema þau 400.000 kr.

**- pbb**

# Parket og flísar á *enn betra* verði í Múrbúðinni

**NÝ SENDING**
**NÝJAR TEGUNDIR**
**MIKIÐ ÚRVAL**



*Corten Metal gólf- og veggflísar 30x60 cm*

**Kr. 3.590,-** pr.m²



*TAU Valois gólfflísar 33 x 60 cm*

**Kr. 3.590,-** pr.m²



*Steinskífa, náttúrusteinn 30x60*

**Kr. 1.990,-** pr.m²

**Eik ★★★★★ GÆÐAPARKET**
2200x182x14mm 4mm



**Kr. 2.230,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 15x15 cm



**Kr. 795,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 20x25 cm



**Kr. 995,-** pr.m²

Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm



**Kr. 995,-** pr.m²




**Kr. 2.190,-** pr.m²

Brúnar Regina gólfflísar 33,3x33,3 cm



**Kr. 1.250,-** pr.m²

Beige Slide gólfflísar 33,3x33,3 cm



**Kr. 1.195,-** pr.m²

Porcelain gólfflísar 33,3x33,3 cm



**Kr. 1.250,-** pr.m²

***ALLT Á EINUM STAÐ***

- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

*Austurrískt gæðaparket*

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**

Meiri gæði
Lægra verð

**Opið mán. - fös. kl. 8-18**
**laugardaga 9-17**

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## Svona erum við

> Fjöldi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda




Heimild: Flugmálastjórn

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** KOSNINGAR Í NÍGERÍU

## *Sögulegar kosningar harðlega gagnrýndar*



Nýafstaðnar kosningar í fjölmennasta ríki Afríku, Nígeríu, hafa verið harðlega gagnrýndar af stjórnarandstæðingum og kosningaeftirlitsfulltrúum. Háværar raddir eru uppi um að kosningarnar verði ógildar.

**Af hverju voru kosningarnar sérstakar?**
Þetta var í fyrsta skipti í sögu landsins sem kosið var um nýjan forseta til að taka við völdum af öðrum þjóðkjörnum forseta. Núverandi forseti, Olusegun Obasanjo, hefur setið eins lengi og lög leyfa. Hann komst til valda þegar hann sigraði í kosningunum árið 1999. Þær kosningar áttu að marka endalok herstjórna sem lengi höfðu setið við völd í Nígeríu og færa völdin aftur til fólksins. Þrátt fyrir að Obasanjo hafi komið margvíslegum umbótum í gegn hafa kosningar í landinu í síauknum mæli markast af kosningasvindli.

**Hvernig var kosningaeftirliti sinnt?**
Fulltrúar frá Evrópusambandinu, Efnahagssvæði Vestur-Afríku og Samveldinu sinntu kosningaeftirliti við kosningarnar ásamt innlendum aðilum. Að sögn fulltrúa Evrópusambandsins mörkuðust kosningarnar af ofbeldi, lélegri skipulagningu, skorti á gegnsæi, útbreiddu regluleysi, umtalsverðu svindli, sviptingu á kosningarétti og hlutdrægni.

**Hvernig er kosningakerfið?**
Forseti og 36 ríkisstjórar eru kosnir í beinni kosningu til tveggja fjögurra ára kjörtímabila að hámarki. Forsetaframbjóðandi þarf að hljóta flest atkvæði og að minnsta kosti fjórðung atkvæða í 24 af 36 ríkjum landsins. Ef enginn er óyggjandi sigurvegari verður kosið á milli þess frambjóðanda sem fékk flest atkvæði í heildina og þess frambjóðanda sem fékk meirihluta atkvæða í flestum ríkjum.

Heimild: BBC

**SPURT & SVARAÐ**
**HJALLASTEFNUGRUNNSKÓLI**

## *Viljum vera valkostur*

Hugmyndir eru uppi um að stofa grunnskóla í Reykjavík sem rekinn verður undir formerkjum Hjallastefnunnar. Margrét Pála Ólafsdóttir er höfundur Hjallastefnunnar.



MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR

**Hvað er Hjallastefnan?**
Hjallastefnan er mannræktaraðferð í uppeldis- og menntunarstarfi með sérstaka áherslu á persónulega velferð barna, jafnrétti og sköpun. Það sem einkennir okkar aðferðir eru kynjaskiptir hópar og sjálfsköpuð námsgögn í stað hefðbundinna námsbóka og leikfanga.

**Hvers vegna þessi kynjaskipting?**
Allt bendir til þess að kynin komi á ólíkan máta út úr skólakerfinu. Margt gerir kynin ólík og það hefur í för með sér neikvæðar afleiðingar fyrir bæði kynin. Stúlkur fá of litla athygli og of hæga kennslu meðan drengirnir, sem eru seinni til hvað varðar einbeitingu, fá kennsluhætti sem henta þeim illa og þar með slakan námsárangur.

**Er Hjallastefnan í sókn?**
Vafalítið. Bæði hér og erlendis. Foreldrar sýna okkar starfi mikinn áhuga og þeir sem þekkja leikskólana okkar hafa áhuga á grunnskóla af þessu tagi. Það er mikilvægt að þetta val sé til staðar. Valkostur - það er það sem við viljum vera.

# Baráttan hafin um miðjufylgið

**Strax eftir að fyrri umferð frönsku forsetakosninganna lauk hófst barátta frambjóðendanna tveggja sem eftir standa – hægrimannsins Nicolas Sarkozy og sósíalistans Ségolène Royal – um atkvæði þeirra sem ekki kusu þau.**

Munar þar langmestu um hin 18,6 prósent sem miðjumaðurinn François Bayrou fékk, en hann hefur ekki gefið neitt út um það hvað hann ráðleggi stuðningsmönnum sínum að gera í úrslitaumferð kosninganna 6. maí.

### Biðlað til kjósenda Bayrou

Strax á sunnudagskvöld lýsti Royal því yfir að hún „tilheyrði ekki lengur eingöngu sósíalískum kjósendum“. Með hliðsjón af þeim tæplega sjö milljónum kjósenda sem greiddu Bayrou atkvæði sitt hvatti Royal aðfaranótt mánudagsins til „stórrar samfylkingar“ fyrir úrslitaumferðina eftir hálfan mánuð. François Hollande, flokksleiðtogi sósíalista og lífsförunautur Royal, viðurkenndi að mögulegur kjósendahópur sósíalista væri ekki mikið stærri, sérstaklega með tilliti til hinnar mjög miklu kosningaþátttöku.

En þetta gilti líka fyrir Sarkozy. Í sjónvarpsviðtali í gærmorgun lagði Hollande áherslu á að hvorki Bayrou né hægrijaðarframbjóðandinn Jean-Marie Le Pen hefðu hvatt stuðningsmenn sína til að styðja Sarkozy.

Samkvæmt úrslitum skyndikannana, sem gerðar voru að kvöldi kjördags, hefur Sarkozy forskot á Royal. Á bilinu 52-54 prósent aðspurðra segjast myndu kjósa Sarkozy í úrslitaumferðinni en 46-48 prósent Royal. En margt getur breytzt á tveimur vikum. Hápunktur baráttunnar fram til 6. maí verða sjónvarpskappræður keppinautanna að kvöldi 2. maí.

Sarkozy hét Royal á sunnudagskvöld „virðulegum kappræðum“. Að því er svissneska dagblaðið Neue Zürcher Zeitung hefur eftir Sarkozy vildu Frakkar fá alvöru kappræðu milli „tveggja samfélagsgerða“ og „ólíkra hugmynda þjóðarinnar“.

Royal hvatti landsmenn sína til að láta „lýðveldi virðingarinnar“ sigra. Hún myndi hrinda í framkvæmd umbótum á Frakklandi, „án þess að beita það hörðu“.

### Sarkozy strax orðinn mjúkmálli

Sarkozy, sem í kosningabaráttunni fyrir fyrri umferðina hafði opinskátt sótzt eftir að laða hægriöfgafylgi Le Pens til sín með þjóðernissinnuðum yfirlýsingum, meðal annars um að sér þætti koma til greina að stofna sérstakt ráðuneyti þjóðernis- og innflytjendamála, var strax að kvöldi kjördags orðinn mjúkmálli. Þar talaði hann um „draum um bróðurlegt lýðveldi“, þar sem allir ættu sinn sess og tryggja bæri hinum félagslega veikari þegnum þjóðfélagsins vernd fyrir útilokun og glæpum.

Að Le Pen skyldi ekki fá meira en 10,5 prósent atkvæða var mörgum léttir. Meðal annars lýsti Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýzkalands, sem gegnir formennskunni í Evrópusambandinu, ánægju með þetta er hann mætti á utanríkisráðherrafund ESB í Brussel í gær. Þegar nánar er að gáð var heildarfjöldi atkvæða sem Le Pen fékk að þessu sinni ekki miklu minni en síðast, þegar hann náði svo langt að komast í úrslitaumferð kosninganna, en þá naut hann góðs af því hve kjörsóknin var miklu minni en núna – og að atkvæði vinstrimanna dreifðust á marga frambjóðendur.




**EINVÍGI FRAM UNDAN** Frönsku blöðin boðuðu einvígi þeirra Sarkozys og Royal í fréttum sínum af úrslitum fyrri umferðar kosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### „Ný tegund stjórnmála“

Bayrou, sem boðaði blaðamannafund á miðvikudaginn, er ánægður með hve langt hann náði. „Frönsk stjórnmál hafa breytzt frá og með kvöldinu í kvöld og munu aldrei verða söm,“ tjáði hann stuðningsfólki eftir að úrslitin voru tilkynnt á sunnudagskvöld. Ákvarðanir Frakka á komandi dögum yrðu „undir áhrifum af þeirri sannfæringu, að ný tegund stjórnmála er að verða til“.

Bæði Sarkozy og Royal sneiddu hart að Bayrou í aðdraganda fyrri umferðarinnar og sökuðu hann um draumóra; hann myndi sem forseti aldrei geta efnt fyrirheit sitt um að koma saman ríkisstjórn með ráðherrum bæði úr röðum hægri- og vinstrimanna, né náð meirihluta á þingi að baki stefnu sinni. En nú er baráttan hafin um atkvæði þeirra sem hrifust af þessari sýn Bayrou. Miðjuflokkur Bayrou, UDF, hefur að jafnaði greitt atkvæði með hægrimönnum á þingi og oft átt ráðherra í hægristjórnum. En Bayrou tókst sem frambjóðanda að laða einnig kjósendur af vinstri vængnum yfir í sínar herbúðir, sem og af hægri vængnum, og bæði Sarkozy og Royal verða að ná til sín þessu fylgi ef þau vilja eygja sigurvon.

### Óvinsældakeppni?

Að mati stjórnmálaskýranda AP-fréttastofunnar gæti reyndar svo farið að kosningarnar 6. maí yrðu að hluta til „óvinsældakeppni“, þar sem bæði „Ségo“ og „Sarko“ höfða lítt til allstórra hópa kjósenda. Royal vegna þess að sumir álíta hana of reynslulitla og klaufska til að vera treystandi til að stjórna kjarnorkuvígvæddri stórþjóð; Sarkozy vegna þess að ófáir álíta hann bullu sem kynni að traðka á vissum borgaralegum réttindum. Bæði munu reyna að eyða þessum fyrirvörum gegn sér á næstu dögum.




**VONBRIGÐI** Vonbrigðin með þriðja sætið leyndu sér ekki meðal stuðningsmanna Bayrou. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÚRSLIT FYRRI UMFERÐAR**

Hægrimaðurinn Nicolas Sarkozy fékk mest fylgi í fyrri umferð frönsku forsetakosninganna á sunnudag. Hann mun kljást við Ségolène Royal, frambjóðanda sósíalista, í úrslitaumferðinni 6. maí. Kjörsókn var með allra besta móti, 84,6%.




HEIMILD: GRAPHIC NEWS



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

**Heildarlausn fyrir snyrtinguna**
Lotus Professional

Á tilboði í apríl 2007
Valdar gerðir af Lotus Professional skömmturum og tilheyrandi áfyllingum fyrir snyrtinguna.

Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV





3.982 kr.
Hvítur enMotion snertifrír skammtari



1.865 kr.
Hvítur sápuskammtari Foam



1.865 kr.
Hvítt WC Compact statíf fyrir tvær rúllur

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6230D




# Langaði þig ekki alltaf í trommusett?

**Hjá S24 færðu hagstætt lán fyrir hverju sem er...**

- **Lægri greiðslubyrði**
- **Lægra lántökugjald**
- **Óverðtryggð lán**

**Við hjálpum þér...**

**...að láta drauminn rætast!**



S24
...og þú hagnast

**Sæktu um... www.s24.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hreinar línur í Frakklandi eftir fyrri umferð forsetakosninga:

## Ségo eða Sarko

**AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR**

Með því að kjósendur í Frakklandi völdu hægrimanninn Nicolas Sarkozy og sósíalistann Ségolène Royal til að eigast við í úrslitaumferð forsetakosninganna í landinu 6. maí völdu þeir skýrar línur. Víglínan hefði verið öllu óskýrari ef „þriðja manni“ kosningabaráttunnar, miðjumanninum François Bayrou, hefði haldist á því flugi sem hann náði á tímabili í aðdraganda kosninganna, er hann mældist með jafnmikið eða jafnvel meira fylgi en Royal í skoðanakönnunum, og það litlu minna en Sarkozy. Skoðanakannanir sýndu ennfremur að Bayrou ætti betri möguleika á að sigra Sarkozy í úrslitaumferðinni en Royal, sem komið hefði til af því að vinstrafylgi Royal hefði fylkt sér að baki Bayrou í úrslitaumferðinni, en fyrst að Bayrou datt út eftir fyrri umferðina má gera ráð fyrir að fylgi hans skiptist milli Sarkozy og Royal. Baráttan fram til 6. maí mun því standa um miðjufylgið.

Hvort sem Sarkozy, 52 ára sonur ungverskra innflytjenda, eða Royal, 53 ára dóttir yfirmanns í hernum, nær kjöri munu þar með tímamót verða í frönskum stjórnmálum. Þau eru bæði af nýrri kynslóð franskra stjórnmálamanna, fædd eftir lok seinni heimsstyrjaldar. En þau eru býsna ólík að öðru leyti.

Óhætt er að segja að mikið verk bíði nýs forseta franska lýðveldisins eftir tólf ára valdatíð Jacques Chirac. Enn hvílir skuggi óeirðanna yfir innflytjendaúthverfum franskra borga frá árinu 2005 yfir þjóðinni, ekkert hefur gengið að vinna á miklu atvinnuleysi og samkeppnin frá framsæknari hagkerfum eins og Kína setur þrýsting á hið fastskorðaða ríkisafskipta-hagkerfi Frakklands sem býr við mjög lítinn hagvöxt og vaxandi viðskiptahalla og opinberar skuldir.

Þau Royal og Sarkozy bjóða upp á harla ólíkar uppskriftir að lausnum á vandamálum þjóðarinnar.

Þótt Royal sé frambjóðandi stjórnarandstöðuflokksins er það Sarkozy sem hefur gert slagorðið „rof“ að sínu. Sarkozy vill losa um höft hins rígbundna vinnumarkaðar og virðist reiðubúinn að fórna einhverju af þeirri félagslegu vernd sem Frakkar hafa vanizt. Hann segir 35 stunda vinnuvikuna „fáránlega“ og vill skattalega hvatningu til fólks að vinna meira. Með meiri vinnu skapist meiri auður sem skapi störf. Royal vill hins vegar ekki snerta við 35 stunda vinnuvikunni og vill beita auknum ríkisútgjöldum til að ýta undir sköpun nýrra starfa. Með öðrum orðum vill hún ekki storka verkalýðsfélögunum, sem bókað er að munu ekki sitja aðgerðalaus hjá ef þeim finnst vegið að rausnarlegum réttindum fransks launafólks. Sarkozy er betur trúandi til að taka þann slag, þótt hann sé engin Thatcher og taki undir með flokksbróður sínum Chirac í andúð hans á „engilsaxneskri frjálshyggju“.

Sarkozy er samt yfirlýstur Bandaríkjavinur og aðdáandi efnahagsstefnu Tonys Blair í Bretlandi. Þetta er hluti af þversögnunum sem einkenndu kosningabaráttuna fyrir kosningarnar á sunnudaginn. Bæði Sarkozy og Royal – eða Sarko og Ségo eins og þau eru gjarnan kölluð – eiga nú á næstu dögum eftir að sýna bæði Frökkum og umheiminum fram á hvort þeirra eigi verðskuldaðra tilkall til eins valdamesta embættis Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Norræna félagið**
STOFNAÐ 1922

Aðalfundur Reykjavíkurdeildar Norræna félagsins verður haldinn í húsakynnum félagsins við Óðinstorg fimmtudaginn 3. maí kl. 17.00.

Aðalfundarstörf og kynning á myndarlegu afmælis- og höfuðborgamóti í Reykjavík í haust.

**Allir velkomnir!**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvaða bensínstríð?

Hinn 12. maí 2001 birtist á forsíðu DV, sem þá var ritstýrt af Óla Birni Kárasyni, stór mynd af Kristni Björnssyni, þáverandi forstjóra Skeljungs, og fyrirsögnin: „Hann byrjaði bensínstríðið“. Var þar vísað til þess að mikið verðstríð væri ríkjandi á markaðnum sem Kristinn hefði hafið með óskaplega hagstæðum verðtilboðum. Einnig ræddi Kristinn í viðtalinu um „kynni sín af kolkrabbanum“, og svo eyddi hann miklu púðri í að sverja af sér þá hugmynd að olíufélögin hefðu með sér samráð um verðlagningu á bensíni og öðrum vörum. Rannsókn samkeppnisyfirvalda leiddi í ljós að Kristinn gat ekki hafa byrjað neitt „bensínstríð“, þar sem meint stríð var sýndarleikur einn, sem hvíldi á grunni þaulskipulagðs verðsamráðs.



### Systkinin þrýsta á

Landssamtök landeigenda hafa að undanförnu beitt sér fyrir því að stjórnmálaflokkarnir sem bjóða fram í alþingiskosningunum í vor leggi fram tillögur sem taki af öll tvímæli sem uppi eru í þjóðlendumálunum svokölluðu. Guðný Sverrisdóttir, systir Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra, hefur farið fyrir samtökunum og segir ríkið hafa farið offari í þjóðlendukröfum sínum. Varamaður í stjórninni er Jóhannes Sigfússon, bróðir Steingríms J., formanns Vinstri grænna. Það ættu að vera hæg heimatökin að ná upp þverpólitískum þrýstingi gagnvart stjórnmálamönnum með þennan hóp í framvarðasveit.

### Ósparir á áfengið

Valsmenn fögnuðu fyrsta Íslandsmeistaratitli sínum í handknattleik í níu ár vel og innilega, eins og sjá mátti á forsíðu Fréttablaðsins í gær. Þar dönsuðu leikmenn liðsins stríðsdans í sturtuklefanum ákaflega glaðir í bragði. Athygli vakti að sex leikmenn voru á myndinni, fjórar kampavínsflöskur og ein bjórdós. Töluvert magn af áfengi á mann.



magnush@frettabladid.is

# Í aðdraganda kosninga



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**
**Í DAG** | Stjórnmálaumræðan

Þau sem hafa það að atvinnu eða áhugamáli að spá og spekúlera um þjóðmálin færast nú öll í aukana. Kannski ætti ég frekar að segja þeir, því karlpeningur skipar frekar þennan flokk fólks en konur. Þeir eru svo djúpir og gáfaðir í umfjöllun sinni að konu verður um og ó, eða kannski bara hræddust við að hún detti líka í þennan pytt alvisku þegar kemur að því að fjalla um það sem efst er á baugi þessa dagana – náttúrlega kosningarnar og úrslit þeirra.

Þessi pistlahöfundur hefur löngum verið þeirrar skoðunar að fólk eigi að reyna að ræða um pólitík sem mest æsingalaust. Hún getur því verið harla ánægð þessa dagana því ekki eru miklar æsingar í pólitíkinni nema þá helst þegar ungu vinstri grænu konurnar kveðja sér hljóðs því þær eru svo heppnar að virðast hafa höndlað sannleikann og þá er ekki nema von að konum verði mikið niðri fyrir þegar einhverjir eru á öðru máli.

Skoðanakannanir eru annars það sem hæst ber í stjórnmálaumræðu þessa dagana og spurningin um í hvers líki Framsóknarflokkurinn verður þegar talið verður upp kjörkössunum, verður hann maur eða mús eða kannski eins og mammútsdvergur? Stjórnarflokkarnir hafa nú unnið saman í tólf ár og munu ábyggilega gera það áfram eftir kosningar ef kjósendur veita þeim brautargengi til þess. Kærleikar eru miklir á stjórnarheimilinu, svo miklir að sjálfstæðismennirnir virðast frekar í öngum sínum yfir slælegum skilum til samstarfsflokksins í skoðanakönnunum. Sjálfstæðismennirnir fara frekar hjá sér og segjast lítið eða jafnvel ekkert skilja í þessari útreið samstarfsmanna sinna í ríkisstjórninni.

Ríksstjórnarflokkarnir vilja óbreytt ástand, enginn skal furða sig á því, þeir hafa ráðið lögum og lofum í landinu. Það er meira að segja svo að stundum er ekki annað að skilja á sumum þingmönnum þeirra en að þeim finnist starfið í þinginu bara nokkurs konar formsatriði, ríkisstjórnin hefur jú meirihluta segja þeir og þess vegna þarf ekki að hlusta á aðra. Þannig virðast ungir háskólamenntaðir lögfræðingar halda að þingræðisstjórn sé það sama og að kúga alltaf minnihlutann. – Það er vont mál.

Í Danmörku er einnig þingræðisstjórn. Þar er málum þannig háttað að þriðjungur þingmanna getur krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem samþykkt eru í þinginu (þetta á þó ekki við um alla málaflokka t.d. ekki málefni er varða efnahagsstjórn eða skattamál). Einu sinni hefur reynt á þetta ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar en það var árið 1963, niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar var sú að fern lög sem samþykkt höfðu verið voru felld úr gildi. Það liggur nokkuð í augum uppi að ákvæði af þessu tagi verða til þess að síður eða að minnsta kosti í minna mæli er gengið á rétt eða skoðanir minnihlutans en við eigum að venjast hér í norðrinu.

Nú um helgina var fyrri umferð forsetakosninganna í Frakklandi. Í aðdraganda kosninganna var mikil áhersla lögð á að fá fólk til að fara á kjörstað þ.e. að nota atkvæðisrétt sinn – og höfðu stjórnmálamenn erindi sem erfiði. Stundum er sagt að það sé borgaraleg skylda að kjósa. Með sjálfri mér hef ég efast um að það geti verið alveg rétt, hins vegar er ég til í að samþykkja að það sé borgaraleg skylda að fara á kjörstað. Ef fólki þóknast ekkert af því sem er í boði finnst mér hins vegar vafasamt að krefja það um að greiða atkvæði. Í Belgíu þar sem ég bjó í áraraðir er það ekki bara borgaraleg skylda að fara á kjörstað heldur líka lagaleg. Og kjörstaðir eru almennt ekki opnir nema hálfan daginn, loka um hádegisbilið. Nokkuð yfir níutíu prósent þjóðarinnar skila sér á kjörstað. Ef fólk á heima í námunda við kjörstaði eins og ástatt var um okkur er mikil örtröð í götunni þann sunnudagsmorguninn.

Kosningaþátttaka hefur farið minnkandi hér á landi eins og annars staðar. Ein ástæða þess er líklega það sem stundum er orðað einhvern veginn sem svo „að það er sami rassinn undir þeim öllum“. Þá held ég að fólk eigi við að það treysti ekki lengur stjórnmálamönnum, þeir skari fremur eld að eigin köku en að hugsa um velferð almennings.

Málum er illa komið þegar svo háttar. Stjórnmálaflokkarnir verða allir að sjá til þess að kjósendur hafi ekki rétt fyrir sér í þessu efni.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Skandinavíska fyrirmyndin

**UMRÆÐAN**
Efnahagsmál



**JÓN SIGURÐSSON**

Stjórnarandstæðingar tala mikið um „skandinavísku fyrirmyndina“. Víst er um það að Íslendingar telja samfélög Norðurlandaþjóðanna að flestu leyti til fyrirmyndar um velmegun, jöfnuð, menningu og almenna hagsæld. Það er aftur á móti ekki þar með sagt að Íslendingar telji skandinavísk samfélög að öllu leyti til eftirbreytni, og má nefna ýmis atriði í því sambandi.

Danir og Svíar bera þyngstu skattbyrði allra þjóða. Persónulegir skattar í Danmörku geta náð upp í 59% og Svíar eru heimsmeistarar – með öfugu forteikni – með skatta sem geta náð upp í 60%.

Skattar á atvinnurekstur eru líka miklu hærri í þessum löndum en á Íslandi á síðustu árum. Ríkisstjórn Íslands hefur einmitt náð glæsilegum árangri með miklum lækkunum á skattbyrðum atvinnulífsins um leið og tekjur ríkissjóðs af sköttum atvinnufyrirtækja hafa hækkað og aukist geysilega.

Sama máli gegnir um fjármagnstekjuskatt í Skandinavíu, að hann er miklu hærri en á Íslandi.

Á því leikur ekki vafi að ef sú stefna stjórnarandstæðinga nær fram að ganga að laga Ísland eftir þessum skandinavísku fyrirmyndum, þá mun það valda miklu uppnámi í viðskiptalífinu og hrekja bæði fyrirtæki og hátekjufólk úr landi.

Þetta er sjálfsagt það sem vakir m.a. fyrir Ögmundi Jónassyni alþingismanni þegar hann sagði að það væri mikilvægara að halda „jöfnuði“ hér heldur en að halda fjármálafyrirtækjunum á Íslandi. Hann vill jafna niður á við í samfélagi með afturför og tekjuminnkun, í stað þess að halda áfram að byggja á þeim glæsilega árangri sem stefna ríkisstjórnarinnar hefur náð.

Stjórnarandstæðingar virðast þannig vilja stefna að þeirri öfugsnúnu „útrás“ sem að hluta hefur einkennt skandinavísku löndin.

Fleiri atriði má nefna sem Íslendingar munu varla sækjast eftir úr hinni skandinavísku fyrirmynd. Má þar nefna ýmsar reglur sem vinna gegn sveigjanleika á vinnumarkaði og valda því m.a. að atvinnuleysi hefur verið landlægt þar, eða um þrisvar sinnum meira en Íslendingar hafa vanist síðan framsóknarmenn komust til valda hér á landi fyrir tólf árum.

*Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.*

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FYRIR AUGUN
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi
s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr.
á mán í 3 mán .- Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr.
á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



Makalaust úrval gólfefna!
Í verslun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandraðra gólfefna. Að auki veitum við faglega ráðgjöf við val þeirra og lagningu.
GÓLFEFNI
TEPPALAND
ÁRMÚLA 18,108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




Hrund Ósk Árnadóttir er við upptökur á djass- og blúsplötu þessa daga. Framundan eru tónleikar á AIM festival, sem er blúshátíð á Akureyri og verður haldin dagana 31. maí til 3. júní. Hér er Hrund heima hjá sér á Nýlendugötu með seyðið góða. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Nornaseyði á Nýlendugötu

***Hrund Ósk Árnadóttir söngnemi kann uppskrift að seyði sem virkar vel gegn hálsbólgu og kvefi.***

Hrund Ósk Árnadóttir er komin langleiðina með að ljúka námi í klassískum söng. Hún segir máli skipta fyrir söngvara að hugsa vel um röddina og lumar á nokkrum ráðum til að halda henni góðri. Meðal annars uppskrift að seyði sem vinnur á hálsbólgu og kvefi.

„Ég bý til seyði, svona hálfgert nornaseyði, ef mér finnst ég vera að fá kvef eða annan óþverra, sem getur haft áhrif á röddina," útskýrir Hrund. „Ég sýð hvítlauk og engifer í vatni. Bragðbæti það með smá sítrónusafa, hunangi og jafnvel sólhatti. Sker aukalega niður tvö rif af hvítlauk í smáa bita og gleypi með seyðinu. Það er algjör bomba."

Hrund segir að í raun ætti að drekka soð af þessu tagi daglega og helst tvisvar á dag. „Maður fyllist af svo mikilli orku. Ég viðurkenni alveg að þetta er ekkert rosalega bragðgott og þar er kannski helst hvítlauknum um að kenna.

Hann er svo rammur, sérstaklega ef maður gleypir rifin með. Ég mæli reyndar með að fólk setji þau undir tunguna á meðan það drekkur seyðið. Næringarefnin eru þá fljótari að berast inn í blóðrásina."

Að sögn Hrund er leikurinn gerður til að hreinsa burt bakteríur. „Soðið virkar kannski ekki á einhverjar veirusýkingar, en ætti að halda kvefi í skefjum.

Hafi maður á hinn bóginn kvefast ætti maður að losna við það á um það bil þremur dögum með hjálp seyðisins. Enda gert til að halda hálsi, nefi og eyrum hreinum og röddinni í himnalagi."

*roald@frettabladid.is*


APRÍL
Kafbátur mánaðarins
Krabbabátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
kr. 299
SUBWAY
Gildir í apríl 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli



Faxafeni • Esso Ártúnshöfða • Esso Borgartúni • Esso Hringbraut • Esso Reykjavíkurv. Hafnarfirði • Esso Mosfellsbæ
Dalbraut 1 Akranesi • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópavogi • Hringbraut 121
Spönginni Grafarvogi • Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Eyrarvegi 2 Selfossi

**Farsóttarfréttir** aprílmánaðar eru komnar út. Að þessu sinni er greint frá fjölgun lekandatilfella á síðastliðnu ári og miðlægri bólusetningaskrá fyrir allt landið. www.landlaeknir.is

# Lét drauminn rætast

***Jóhanna Eiríksdóttir, fyrrverandi flugfreyja og margfaldur Íslandsmeistari í vaxtarrækt og kraftlyftingum, hefur opnað líkamsræktarstöðina Silfur sport í Hátúni í Reykjavík.***



Jóhanna er hæstánægð með Silfur sport enda hafa viðtökurnar við stöðinni verið framar hennar björtustu vonum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Silfur sport er hlýleg og hugguleg líkamsræktarstöð, búin splunkunýjum upphitunar- og lyftingatækjum. Stöðin var opnuð þann 9. febrúar síðastliðinn. „Ég fékk húsnæðið afhent í byrjun desember og var hér dag og nótt fram að opnun,“ segir Jóhanna en hana hefur alltaf dreymt um að eignast sína eigin líkamsræktarstöð. „Ég hef rekið og unnið á líkamsræktarstöðvum en aldrei átt slíka sjálf. Þetta kann ég best og það var alveg kominn tími til að skipta um starf,“ segir Jóhanna, sem hefur verið flugfreyja í tuttugu ár auk þess að vera einkaþjálfari. „Nú ætla ég að snúa mér algjörlega að þessu.“



Sérstakur glerveggur aðskilur brennslutækin og lyftingatækin en Jóhanna lét sandblása á hann frægar setningar eftir sterkustu menn Íslands í gegnum tíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Spurð hvernig viðtökur Silfur sport hafi fengið, segir Jóhanna: „Mjög góðar og framar mínum björtustu vonum enda hef ég enn ekkert auglýst heldur hefur þetta frést mann fram af manni. Það er kominn miklu stærri hópur en ég hafði gert mér vonir um til að byrja með á svona stuttum tíma.“

Jóhanna segist ekki vera með neinn sérstakan markhóp framar öðrum en áberandi er þó að fjöldi kraftlyftinga- og vaxtaræktarfólks er þegar farinn að æfa á stöðinni. „Stöðin er alveg kjörin fyrir þá sem hafa lítinn tíma og vilja skjótast á brennslutæki í hádeginu. Ég legg mikið upp úr því að hafa góð brennslutæki og alltaf er nóg af bílastæðum fyrir utan. Það tekur örstutta stund að labba úr bílnum og inn í búningsklefann.“

Silfur sport er um 400 fermetrar að stærð núna en Jóhanna stefnir að því að stækka stöðina í sumar og opna í kjallaranum líka. „Þá verður meira pláss á efri hæðinni fyrir brennslutæki og önnur tæki því að búningsklefarnir verða færðir niður,“ segir Jóhanna og er hæstánægð með nýju líkamsræktarstöðina sína sem er í hjarta Reykjavíkur. *sigridurh@frettabladid.is*


**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**24. apríl Samtíminn lýsir eftir kærleikanum!**
*Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur*

**25. apríl Heilbrigði og hamingja**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*

**05. maí Opin hláturjógatími**
*Ásta Valdimarsdóttir jógakennari*

**09. maí Ævintýralíf**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*




**Kaupauki**
*Ef þú kaupir*
***Nærandi morgunfrúarolíu***
*eða* ***Sólarsælu***
*færðu varasalva í kaupbæti*
***Purity Herbs***
***100% náttúrulegt***







Oxyal™ Augndropar
Fæst í apótekum
Við þurrki, þreytu og ertingu í augum.
Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.

**Miðvikudaginn 25. apríl kl. 19.00–22.00.**
**Borgartún 24.**
**Námskeið**

## Heilbrigði og hamingja



Lærið að sniðganga kemisk gerviefni í matvælum, snyrtivörum, híbýlum, hreinlætisvörum og umhverfinu. Hættið að menga líkamann og byrjið að hreinsa út öll slæm efni sem hafa safnast fyrir og hindra að líkaminn endurnýi sig og starfi eðlilega.

Komist að leyndarmálinu um að halda sér unglegum og hraustum lengur með því að yngja upp frumur líkamans. Einnig er fjallað um Dr. Hulda Rh. Clark og bækur hennar. Verið velkomin.

Fyrirlesari Benedikta Jónsdóttir
Verð 2.900 kr.
Skráning í síma 699 6416, benediktaj@hotmail.com eða á madurlifandi@madurlifandi.is

maður lifandi
Maður lifandi, Borgartúni 24, sími 58 58 700, www.madurlifandi.is

# Sumarátak
## Hefst 30. apríl
**Næsta námskeið 25. maí**

**8 vikna átak**

**Kvennaátak**
**Námskeið**
kl. 06.05 mán / mið / fös
kl. 06.05 mán / þri / fim
kl. 10.15 mán / þri / fim
kl. 17.30 mán / mið / fös
kl. 18.30 mán / mið / fim

**Karlaátak**
**Námskeið**
kl. 18.30 mán / þri / fim
kl. 19.30 mán / mið / fim



**INNIFALIÐ Í VERÐI:**
- Þrír lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar í viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálsmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði

**14 kg farin** Óskar Nikulásson
**13kg farin** Anna Þórðardóttir

Grafika 04/2007

**Hringdu strax og skráðu þig!**
Síðast komust færri að en vildu.
Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2212 eða á mottaka@hress.is

**Verð kr. 18.990**
**Verð fyrir korthafa Hress kr. 10.000**

Námskeið hefjast 30. apríl.
**ROPE YOGA**
kl. 06:05 þri / mið / fös
kl. 17:30 mán / mið / fim
Rope Yoga-kort veitir aðgang að öllum öðrum opnum tímum og tækjasal.

Dalshrauni 11 220 Hafnarfirði Sími 565 2212 www.hress.is hress@hress.is
HRESS

**Kvadrat** er verslun í Kaupmannahöfn með nýstárlegar gardínur og áklæði á húsgögn ásamt veggskermum.
www.kvadrat.dk





## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Rautt – úthald í þjáningunni

Rautt er frumlitur með megnan sindrandi og áleitinn eiginleika. Rautt er sagt auka vöðvaþenslu og hækka blóðþrýsting. Rautt er árásargjarn litur sem hefur stjörnumerkistengsl við hrútsmerkið og plánetuna Mars. Rautt hefur um aldafjöld verið tákngervingur áræðni, hugrekkis, byltinga og baráttuhvatar.

**Rauð blóm**

Hárauður litur blóma, er fremur sjaldgæfur í náttúrunni hér á norðursslóðum. Yfirleitt þurfa rauðblómstrandi plöntur mun hærri sumarhita en gerist og gengur hjá okkur. En að sjálfsögðu höfum við þó fundið ýmsar jurtir frá suðlægari löndum sem ná því að slá út hárauðum blómum undir íslenskum sumarhimni. Annar plöntuhópur eru svo ýmsar tegundir í flokki sumarblóma, oftast þá kynbættir blendingar eða sérræktaðir stofnar með rauðum blómum. Þriðja hópinn skipa svo þær plöntur sem ræktaðar eru í gróðurhúsum til afskurðar eða sem rauðblómstrandi pottaplöntur. Sem fulltrúar fyrir fyrsta hópinn má nefna nokkrar sortir túlipana og „risavalmúann“ tyrkjasól. Í flokki sumarblómanna er um margt að velja en líklega dalíurnar sem eiga flesta fulltrúa. En hárauð tóbakshorn eða „petúníur“ eru kannski best þekkt og þekja mörg sumarblómabeð.

**Rautt blómamál**

Þegar kemur að þriðja hópnum má velja um margar tegundir rauðra blóma. Rauðar gerberur (glitkörfur), rauðar nellikkur og síðast en ekki síst rauðar rósir. Rauðar rósir eru blóm ástríðnanna, en það er samt ekki alveg sama hvernig með þær er farið ef nota á þær til að tjá tilfinningar. Ein rauð rós á löngum stilk er tjáningarmáti riddarans og trúbadúrsins



Kóraltoppur, sem sumir kalla „ástareld“, er rauðasta pottablómið um þessar mundir.

undir hallarglugganum, þ.e. bráð ást með blossa og ákefð – en án ábyrgðar! Sextán rauðar rósir sýna langvarandi þrá og þjáningu; segjandi: „Virtu mig viðlits, ég vona, bíð og mun berjast til síðasta blóðdropa til að ná ástum þínum”. Tuttugu og sjö rauðar rósir: „Nú ert þú drottning mín og allt mitt líf er í þínum höndum.“ Rósaknippi með öðrum rósafjölda eru svo sem vel þegin – en þykja samt heldur flöt, ef marka má hina gömlu blómamálsorðabók riddaratímans. Gerberurnar eru það nýlegar í hinum vestræna heimi að þær náðu ekki inn í „blómamálið“. Aftur á móti gerðu rauðu nellikkurnar það og voru heldur spænskari í tjáningarhættinum en rósirnar. Þær voru tengdari óleyfilegri þrám, ást í meinum og riddaranum með svörtu Zorró-grímuna. Sígaunatónlist og flamengo, dimmum nóttum og leynifundum! En í Suðurhöfum varð til annað blómamál þar sem rauðar havaírósir voru hið táknræna letur. Það gekk – og gengur víst enn – út á það að lesa úr þeim skilaboðum sem gefin eru með staðsetningu havaírósablóma í hári blómarósanna. Og þó að það skipti kannski litlu fyrir mig nú, á ég eftir að læra það!












# flutningar

ÞRIÐJUDAGUR. 24. APRÍL 2007



## Búslóðin heim á sólarhring

**Íslendingar nýta sér í meira mæli þjónustu Icelandair Cargo til að flytja á milli landa**

BLS. 10





Hratt og örugglega alla leið!

ups

www.express.is







Öflug
í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar."*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Leyfið börnunum að taka þátt í flutningunum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Flutt með börnin

Ekki eru allir fjölskyldumeðlimir jafn áfjáðir í að flytja. Þannig geta börn átt erfitt með að takast á við þær miklu breytingar sem verða þegar fjölskyldan flytur búferlum. Gamlir vinir verða eftir og kynnast þarf nýjum, þá þarf að læra að rata í nýju hverfi. Foreldrar verða að huga að börnum sínum á þessum tíma og veita þeim stuðning og skilning.

**1.** Jákvæðni er mikilvæg. Best er að ræða flutningana á jákvæðum notum og gera börnunum ljóst að þetta sé það besta fyrir fjölskylduna.

**2.** Útskýrið hvernig flutningarnir munu ganga fyrir sig.

**3.** Leyfið börnunum að taka þátt með því að pakka einhverju af sínu dóti í kassa. Þá getur verið skemmtilegt að leyfa þeim að vera með í ráðum um hvernig nýja herbergið eigi að líta út.

**4.** Heimsókn í nýja hverfið getur hjálpað. Ef barnið þarf að skipta um skóla er gott að leyfa því að heimsækja skólann og kannski hitta kennarann sinn.

**5.** Hvetjið barnið til að tjá tilfinningar og spyrjið það hvað því finnist um flutninginn.

**6.** Hvetjið barnið til að halda sambandi við gömlu vinina. Gott er að halda til haga símanúmerum og heimilisföngum. Góð hugmynd væri að halda kveðjuveislu.

**7.** Áhugamál eru mikilvæg og gott að fá barnið til að stunda einhver áhugamál fljótlega eftir flutninginn.

**8.** Reynið að hafa gaman af því að pakka og taka upp úr kössum. Gott getur verið að geyma það að pakka niður í barnaherberginu þar til síðast en láta það vera fyrsta verkið á hinum nýja stað að pakka þar upp.

*Upplýsingarnar hér birtust í tímaritinu Uppeldi en má skoða á vefnum www.barnaland.is*

# Flutningur á milli landa

**Mikilvægt er að kynna sér ferlið í kringum búslóðaflutninga á milli landa með fyrirvara.**




Sigurður Árni Leifsson, söluráðgjafi hjá Eimskip, segir mikilvægt að hafa á hreinu ferlið í kringum búslóðaflutninga á milli landa. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Það er langeinfaldast fyrir þá sem vilja flytja búslóð til útlanda eða til Íslands, að fara inn á heimasíðuna okkar www.eimskip.is,“ segir Sigurður Árni Leifsson, söluráðgjafi hjá Eimskip. „Þar inni er forrit sem heitir búslóðareiknir, sem reiknar út rúmmetra búslóðar, eftir að hlutalisti hefur verið fylltur út.“

Að sögn Sigurðar er hægt að velja á milli þess að setja búslóðina á bretti eða í gám. Reynist rúmmetrarnir fleiri en þrettán er gámur betri valkostur. „Þá er maður farinn að fylla heilan gám og miklu dýrara að flytja í lausu, þar sem umhleðslukostnaðurinn er svo dýr á milli hafna. Svo fer líka betur um búslóðina í gám en á bretti.“

Eftir að rúmmetrar hafa verið reiknaðir út er hægt að fá tilboð í búslóðaflutning með því að fylla út annað eyðublað á heimasíðunni, undir liðnum „tilboðsbeiðni fyrir flutning“. „Eftir að beiðni hefur verið send ætti svar að berast á innan við viku,“ útskýrir Sigurður. „Þá er hægt að panta gám, sem er keyrður heim að dyrum. Hérlendis er hann skilinn eftir í tvo daga sem ætti að gefa góðan tíma til að raða í hann. Tíminn er styttri erlendis.“

Að svo búnu verður að hafa samband við farmverndarfulltrúa, það er að segja fyrirtæki sem gerir stikkprufur út frá talningu búslóðareiganda og innsiglar svo gáminn, að sögn Sigurðar. Aðeins tollverðir mega opna hann eftir það. Farmverndarfulltrúar eru ekki á mála hjá Eimskip og þeim þarf því að greiða sérstaklega fyrir veitta þjónustu.

„Þegar gámurinn hefur verið innsiglaður er best að hafa samband við söluráðgjafa Eimskips, hvort sem það er hér eða erlendis, og láta sækja hann,“ segir Sigurður. „Eftir það mælir búslóðareigandi sér mót við söluráðgjafana. Þeir fylla sameiginlega út innihalds- og tryggingalista, tollapappír fyrir viðkomandi land og síðast en ekki síst flutningsfyrirmæli, sem innihalda upplýsingar um sendanda, viðtakanda, áfangastað, greiðslumáta, skip og siglingaleið og svo framvegis. Erlendis verður maður að verða sér úti um tollapappíra hjá tollgæslunni.“

Þegar búslóðareigandi hefur fyllt út eyðublöðin og er kominn á áfangastað, hefur hann samband við skrifstofur Eimskips í viðkomandi landi og lætur vita hvenær hann vill fá gáminn sendan heim. „Yfirleitt tekur þrjá daga að senda búslóð á milli landa í Evrópu en tvær vikur til og frá Bandaríkjunum og aðra viku í tollinum þar,“ segir Sigurður. „Erlendis er gámurinn keyrður heim að húsi, en ekki skilinn eftir. Hann er ekki einu sinni lagður niður. Þar hefur fólk klukkutíma til að tæma svo ráðlagt er að hafa aðra sér til aðstoðar. Eins og heyra má er að mörgu að huga og því mikilvægt að kynna sér málið í tæka tíð.“

*roald@frettabladid.is*





Jón sér um málið

Hjá Jónum Transport bjóðum við upp á alhliða þjónustu varðandi inn- og útflutning. Við komum sendingunum örugglega frá upphafsstað til endastöðvar, í sjó- eða flugfrakt, ásamt tilheyrandi pappírsvinnu. Þú bara hringir og Jón sér um málið.

Jónar Transport

Himinn og haf / SÍA






Heimurinn er lítill þegar hugsað er stórt. Það gerum við!

Eimskip er með 184 skrifstofur í 31 landi, rekur 45 skip, 25 flugvélar og 1350 flutningabíla og tengivagna. Hjá félaginu starfa um 9500 manns. Starfsemi okkar snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólks í öllum heimshlutum.

. . . hugsum stórt

EIMSKIP

Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7709 www.eimskip.is

## ekkert drasl

**● EITT AF ÞVÍ LEIÐINLEGASTA** við flutninga er að fara í gegnum allt miseigulega draslið sem hefur safnast upp á gamla staðnum. Oft tekur lengri tíma að fara í gegnum allt dótið og flokka það eftir því hvort að á að flytja það, henda því eða gefa það, heldur en að pakka því eigulega niður.

Þeir sem ekki hafa fundið sér fasta búsetu ættu að hafa þetta í huga og forðast að sanka að sér of mörgum hlutum sem aldrei verða notaðir. Það auðveldar næstu flutninga til muna. *- eö*



**Oft fyllast geymslur af alls konar dóti sem aldrei verður notað.**

## flutt milli landa

**● RÉTTINDI OG BÓTAGREIÐSLUR** Á heimasíðu Tryggingastofnunar, www.tr.is, má fá upplýsingar um réttindi milli landa, bæði til sjúkra- og lífeyristrygginga og hvaða bætur lífeyristrygginga eru greiddar áfram eftir flutninga og hverjar falla niður.



**Gott getur verið að vita hvort ellilífeyris- og örorkubætur halda sér við flutninga til annarra landa.**

# Flutningar eru erfiðisvinna

**Fyrirtækið Pökkun og flutningar sérhæfir sig í flutningi á búslóðum hvort sem er milli landa eða innanlands. Viðar Pétursson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins og segir það færast mjög í vöxt að fólk fái fagmenn til að sjá um að pakka fyrir sig og flytja.**



**Viðar Pétursson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Pökkun og flutningar. Hann segir það geta munað miklu að fá fagaðila til að flytja því þeir búi vel um búslóðina og þá skemmist hún síður.** FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

„Það er alltaf að aukast að einstaklingar og fjölskyldur fái okkur til að pakka og fjölya fyrir sig. Þá sjáum við um allt ferlið frá upphafi til enda og ef verið er að flytja úr landi þá fáum við aðila erlendis til að taka við búslóðinni, leysa hana úr tollinum, keyra gáminn heim að húsi og ganga frá öllu,“ segir Viðar og bætir því við að þá sitji fólk heldur ekki uppi með fulla íbúð af kössum og pappa sem það veit ekki hvernig það á að losna við í framandi borg.

Spurður hvers vegna fólk kaupi þessa þjónustu í stað þess að sjá um pökkun og flutninga sjálft, segir Viðar. „Þetta er náttúrlega erfiðisvinna og ekki fyrir hvern sem er að bera út ísskápa eða stór og þung húsgögn. Fólk er líka orðið svo upptekið í dag að það er ekki eins auðvelt að fá vini og ættingja til að hjálpa sér.“ Viðar segir marga hluti mjög vandmeðfarna og að fólk vanti jafnan allt til verksins. „Fólk á almennt ekkert til að pakka inn sjónvarpi eða málverkum og þarf þá að leita uppi það sem þarf. Aftur á móti erum við með sérhæfðar og sérhannaðar umbúðir fyrir ákveðna hluti og má þar nefna fatakassa þar sem hægt er að hengja fötin upp í stað þess að vöðla þeim ofan í kassa. Þá erum við með sérstaka kassa undir gler og annað,“ segir Viðar og bætir því við að þegar fagaðili er fenginn til verksins sleppi fólk við að taka við búslóðinni sinni skemmdri og rispaðri á áfangastað. „Það er heldur ekki sama hvernig búslóðum er pakkað í gáma eða bíla því það þarf að ganga rétt frá öllu svo ekkert skemmist.“

Viðar segir nokkuð algengt að fyrirtæki fái Pökkun og flutninga til að flytja fyrir starfsmenn sína á milli landa eða landshluta. „Þá sjáum við um allt fyrir fólk og það getur byrjað strax að vinna þegar það kemur á nýjan stað.“

Spurður hvort það sé eitthvað sem fólk þarf sérstaklega að gæta að þegar flutt er, segir Viðar. „Það er kannski aðallega að vera ekki búinn að pakka vegabréfinu sínu niður í gám þegar verið er að flytja til annars lands. Það hefur komið fyrir og þá þarf að fara að leita að því. Yfirleitt finnst það þó fljótt og vel því við erum með alla kassa merkta og númeraða, ekki síst til að auðvelda tollaúrvinnsluna erlendis.“ Viðar bætir því við að það sé einmitt mjög mikilvægt að merkja allt vel því annars viti enginn í hvaða herbergi hver kassi á að fara. „Annars getur fólk lent í að margflytja kassana á milli herbergja eða jafnvel á milli hæða.“

*sigridurh@frettabladid.is*

**Flytjum allt milli himins og jarðar til og frá Snæfellsnesi**

Nánari upplýsingar og verðtilboð sími 892 1817

Opnunartími skrifstofu: kl.8:30 til 12:00 og 13:00 til 16:00

Sími skrifstofu 430 8100. Fax 430 8101

RAGNAR & ÁSGEIR EHF.

STYKKISHÓLMI - GRUNDARFIRÐI - SNÆFELLSBÆ

# Úrvalslið

Himinn og haf / SÍA



Stelpurnar okkar í tolladeildinni eru sannkallað úrvalslið með margra ára reynslu af tollafgreiðslu og taka alltaf á móti viðskiptavinum með bros á vör.
Þær veita bæði lipra og snaggaralega þjónustu, jafnt við afgreiðslu, tollflokkun, verðútreikninga eða þegar koma þarf vörum heim að dyrum viðskiptavinarins.

Hafðu samband við rétta fólkið! Við finnum lausnina, hvort sem hún snýr að flugfrakt, sjófrakt, tollafgreiðslu eða útflutningi!

TVG-ZIMSEN
SÍÐAN 1894

TVG-Zimsen Korngörðum 2, 104 Reykjavík • Sími 5 600 700 • www.tvg.is

# Lyftan fer betur með búslóðina

**Kristján Kristjánsson hefur senst með hluti fyrir fólk í yfir tuttugu ár. Í dag rekur hann, ásamt bróður sínum Stefáni Halldóri, K & S flutninga og sérhæfa þeir sig í búslóðaflutningum.**

„Við byrjuðum tveir einyrkjar og ákváðum svo að splæsa þessu saman í eitt fyrirtæki,“ segir Kristján Kristjánsson hjá K&S flutningum og bætir við hlæjandi: „Við höfum gert þetta svo lengi að við erum búnir að finna fínan titil á okkur. Titil sem mönnum leyfist bara að bera eftir tuttugu ár í bransanum. Við erum flutningstæknar.“

Fyrirtækið hefur stækkað í gegnum tíðina og stöðugt fjölgar starfsmönnum, bílum og verkefnum. „Við gerum allt sem við erum beðnir um og ég hef meira að segja slegið grasið hjá fólki, sé þess óskað,“ segir Kristján. „Maður hefur líka verið beðinn um að fara með hluti í viðgerð en þá hef ég stolist til að fara með þá upp á verkstæði og bara gert við þá sjálfur.“

Kristján og Stefán bróðir hans halda úti heimasíðunni www.flutningur.is og ætla þeir sér stóra hluti á netinu. „Það er mun meira um það nú að fólk panti bíl á netinu. Við erum líka að reyna að fá fólk til að panta þá fyrr, jafnvel með nokkurra daga fyrirvara, og þá er hægt að skipuleggja tímann betur og ná niður kostnaði,“ segir Kristján.

Eitt af þeim tækjum sem Kristján og félagar nota til að auðvelda sér flutninginn er búslóðalyfta. Hún er þarfaþing er flytja þarf búslóðir inn í eða út úr íbúðum í hærri byggingum. „Hún nýtist reyndar strax þegar flytja þarf hluti sem eru á annarri hæð,“ útskýrir Kristján. „Maður er í raun fljótari að setja húsgögn út í lyftuna af fimmtu hæð en að ganga út með þau af jarðhæð. Þar að auki fer það betur með húsgögnin því þau fara beint út á lyftu og þaðan beint út í bíl.“

Bræðurnir ætla sér í framtíðinni að opna nýja heimasíðu sem verður mjög sérstök og stór. Síðan verður þannig upp byggð að sendibílstjórar geta tilkynnt um ferðir sínar um landið og þeir sem þurfa flutning geta séð hvort einhver er á sömu leið,“ segir Kristján. „Þannig getur einhver sem er að fara að flytja frá til dæmis Húsavík til Akureyrar séð hvort einhver bíll eigi leið hjá á svipuðum tíma og nýtt ferðina. Þetta getur sparað mikinn pening og mikla fyrirhöfn og mér finnst þetta eiginlega líka vera byggðamál.“ *- tg*




K & S flutningar hafa stækkað stöðugt og nýjasta viðbótin í bílaflotann eru einnar pallettu sendibílar. MYNDVILHELM




Kristján og lyftan góða sem gerir flutninga í og úr háhýsum að leik einum.


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**





ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA



**TRUCK - LITE**

**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*





## > Saman náum við árangri – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

**Skrifstofur Samskipa:** Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Litháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. **Umboðsmenn:** Finnland, Portúgal.

**www.samskip.is**

SAMSKIP
SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI

ENNEMM / SIA / NM26263

## Haltu innflutningsparti



Margir kannast við það að ætla sér að halda stórkostlegt innflutningspartí á meðan á flutningum stendur, en eftir að búið er að stússast með kassa í tvær vikur verður stundum lítil orka eftir og á endanum dettur partíið upp fyrir ... sem er algjör synd.
Að smala saman uppáhaldsfólkinu sínu og sýna nýja heimilið með stolti er vissulega eitthvað sem enginn ætti að sleppa, því með því skapast góð minning og þær eru með því dýrmætasta sem við eigum.

● **INNFLUTNINGSPARTÍ** má bæði halda eftir að flutt hefur verið á nýjan stað en eftir endurbætur á íbúð er líka sjálfsagt að halda veislu til að fagna yfirstöðnu erfiði.

● **INNFLUTNINGSPARTÍ** geta farið fram með ýmsu sniði. Til dæmis má hafa opið hús þar sem gestum er frjálst að koma þegar þeim hentar innan ákveðins tímaramma.

● **INNFLUTNINGSPARTÍ** má skipuleggja þannig að gestir taki með sér rétt til að setja á hlaðborð. Þegar allir eru mættir er svo slegið upp matarveislu.

● **SUMIR BJÓÐA** nágrönnum sínum að koma í innflutningspartí, til að kynna sig og kynnast þeim um leið.

● **Í SUMUM LÖNDUM** tíðkast það að nágrannar nýrra íbúa slái upp veislu til að bjóða þá velkomna.

● **ÞAÐ GETUR VERIÐ** mjög sniðugt að halda húskveðjupartí þegar flutt er frá einum stað og yfir á annan. Þetta má til dæmis gera eftir að búið er að flytja húsgögnin í burtu og áður en þrifið er. Þá þarf ekki annað en nokkra bjórkassa, plötuspilara og hugsanlega eitt diskóljós eða lampa með rauðri peru.

● **GAMAN GETUR VERIÐ** að gefa fólki eitthvað til heimilisins þegar mætt er í innflutningspartí, en gætið þess að koma ekki með styttu eða annað sem hugsanlega gæti ekki fallið að smekk viðkomandi. *- mhg*

# Búslóðin flutt sjóleiðina

Að flytja búslóð til landsins tekur mislangan tíma eftir því hvaðan er flutt. Yfirleitt sigla skip frá helstu hafnarborgum Evrópu til Íslands einu sinni í viku og þannig getur það tekið frá nokkrum dögum og upp í tvær vikur fyrir fólk að fá búslóðina sína á klakann.

„Við erum með skip sem fara frá Danmörku á föstudögum og þau eru komin hingað á miðvikudögum," segir Jóhanna Másdóttir, sölufulltrúi hjá Atlantsskipum.

„Fólk þarf að vera komið með gáminn til sín daginn áður en farið er úr höfn og þannig þarf þetta ekki að taka meira en viku ef fólk er fljótt að koma búslóðinni í gáminn.

Á Íslandi fær fólk að hafa gáminn mun lengur en þegar flutt er heim frá útlöndum. Þá er gámurinn fyrir utan húsið í tvo tíma og síðan keyrður í næsta skip, sem hugsanlega fer ekki frá sama landi og flutt er frá."

Atlantsskip sigla frá Bretlandi á mánudögum, Hollandi á miðvikudögum og Danmörku á föstudögum.

„Ef fólk býr til dæmis í Þýskalandi þá þarf að flytja gáminn þaðan og til Hollands og enn lengri tíma tekur það að flytja búslóð frá Póllandi," segir Jóhanna og bætir því við að til þess að flytja búslóð á milli landa þurfi viðkomandi að hafa haft skráða búsetu í landinu í ár eða meira. „Fullorðnir einstaklingar mega þannig flytja með sér nýja hluti að andvirði hundrað þúsund krónur og börn yngri en átján ára mega taka með sér nýja hluti fyrir fimmtíu þúsund."



Ef allt gengur eins og best er á kosið tekur eina viku að flytja búslóðina á milli landa.

Þegar búslóðin kemur til landsins er fyllt út einföld tollskýrsla og Jóhanna segir Atlantsskip hvetja fólk til að fara sjálft með skýrsluna í tollinn.

„Ef það koma upp einhverjar spurningar þá er alltaf best fyrir fólk að svara þeim sjálft í stað þess að nota okkur sem millilið.

Afgreiðslutími í tollinum getur verið mislangur eftir álagi. Til dæmis eru margir sem flytja á milli landa á sumrin og þannig getur afgreiðsla tekið svolítið lengri tíma yfir sumarið, en vanalega eru þetta um tveir til fjórir dagar."

Kostnaðinn við flutninga með öllu segir Jóhanna vera á bilinu 150-200.000 krónur og þá er bíll ekki meðtalinn, en að flytja bíl inn með búslóð kostar um 100.000 krónur. *- mhg*


ÞRÓTTUR 577-5400

**Þekking • Reynsla • Traust þjónusta**

**Vörubílastöðin Þróttur býður fjölbreytta þjónustu og ræður yfir stórum flota atvinnutækja til margvíslegra verka.**

- Hefðbundnir vörubílar.
- Dráttarbílar með malarvögnum.
- Allar stærðir kranabíla með eða án flatvagna.
- Fjölmargar gröfur frá þeim minnstu upp í 45 tonna tæki.
- Fáðu gott tilboð í jarðvinnuframkvæmdir eða flutning hjá félögum Þróttar.











**Vörubílastöðin Þróttur • Sævarhöfða 12 • Sími 5775400 • throttur.is**


Fiat Ducato
Kraftur og rými!
Bíll á mynd:
Frábært verð: 3.340 þús. (m.vsk)
15m³ – 2,3 lítra vél – 120 hestöfl.
• Mikið rými. 8–17 m³.
• Kraftur. 2,2–3,0 lítrar, 100–157 hestöfl.
• Aksturseiginleikar. Framhjóladrifinn með spólvörn.
• Þægindi. Einstök hönnun á mælaborði og stýrishúsi ásamt auka olíumiðstöð með tímastilli.
• Fjölbreytni. Fáanlegur sem pallbíll, rúta og sendibíll.
Þjónusta alla leið!
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.
Fiat Ducato
Fiat Scudo
Fiat Dobló
Fiat Multipla
Fiat Punto
Fiat Panda
Fiat Croma
Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati
Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16
SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is
PIPAR • SÍA • 70531

# Húsgögnin geymd

Hafnarbakki hf. býður fyrirtækjum og einstaklingum gáma til leigu á geymslusvæði félagsins við Hafnarfjarðarhöfn. Gámarnir henta til dæmis vel til búslóðageymslu. Svæðið er afgirt og vaktað með myndavélum og sérstakir gámar eru notaðir undir búslóðirnar sem hafa ekki verið notaðir undir neitt annað.

Hilmar Hákonarson, rekstrarstjóri Hafnarbakka, segir að töluvert sé um að fólk notfæri sér þessa þjónustu þar sem margir lendi í vandræðum með búslóðina sína þegar þeir eru á milli íbúða. „Við sendum gámana heim til fólks þannig að það getur þess vegna verið heila helgi að tína inn í þá í rólegheitum og þegar þeir eru orðnir fullir sækjum við þá og setjum í geymslu hjá okkur. Þegar fólk vill fá búslóðina aftur hefur það bara samand og við sendum því gámana, hvert á land sem er,“ segir Hilmar.

Flestir leigja gámana í stuttan tíma en þó kemur fyrir að fólk leigi þá til lengri tíma að sögn Hilmars. „Við erum til dæmis núna með dánarbú í gámi sem á eftir að skipta,“ segir hann og bætir við að þeir sem leigi gámana hafi aðgang að þeim hvenær sem er á vinnutíma og geti sótt dót eða sett í þá að vild.

Hilmar segir að ekki sé svo dýrt að leigja gámana. „Fyrir venjulega búslóð er notaður sex metra langur gámur og leigan á honum er átján þúsund á mánuði. Í níutíu prósentum tilvika eru það þessir gámar sem eru notaðir en við erum með gáma frá tveimur metrum upp í tólf, þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Flutningurinn kostar svo eitthvað líka, en það fer eftir því hvert gámurinn fer hvað það er mikið,“ segir hann.

*emilia@frettabladid.is*




**Búslóðina má geyma í gámum og fá hana síðan senda síðar meir þegar á þarf að halda.**




**Flestir sem flytja búslóð flugleiðina eru Íslendingar á leið heim að sögn Péturs J. Eiríkssonar, framkvæmdastjóra, Icelandair Cargo.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM ER AÐ BÍÐA E MYND NR F21230407

# Búslóðin heim á sólarhring

Fyrirtækið Icelandair Cargo hefur verið starfrækt frá aldamótum og flytur í auknum mæli búslóðir fyrir Íslendinga í útrás.

Icelandair hefur flutt búslóðir í sjötíu ár, en undir merkjum Icelandair Cargo síðastliðin sjö ár.

Hjá fyrirtækinu er hægt að flytja búslóðir til og frá öllum áfangastöðum Icelandair. Auk þess flytja fimm fraktvélar félagsins farm og búslóðir til áfangastaða eins og Brussel í Belgíu, Lige, East Middlands í Bretlandi, New York og Norður-Karólínu í Bandaríkjunum, Halifax í Kanada og Jönköping í Svíþjóð.

Pétur J. Eiríksson, framkvæmdastjóri Icelandair Cargo, segir flesta sem flytji búslóð með félaginu vera á heimleið. Í vaxandi mæli frá Bretlandi og alltaf talsvert frá Bandaríkjunum.

„Ég hugsa að búslóðaflutningarnir tengist mikið vaxandi ferðum og flutningum Íslendinga á vegum banka og annarra útrásarfyrirtækja. Námsmenn reyna frekar að burðast með þetta í höndunum eða fara sjóleiðina sem er ódýrara,“ segir Pétur.

Þeir sem flytja um langan veg eða liggur á að komast á milli staða með búslóðina eru þeir sem helst nýta sér búslóðaflutning með Icelandair Cargo að sögn Péturs.

„Margir ráða fyrirtæki sem pakka niður fyrir sig. Síðan náum við í búslóðina ef þess er óskað og sjáum um alla pappírsvinnu. Búslóðin er komin á áfangastað á sólahring fyrir þá sem það vilja svo okkar styrkur er áhyggjulausir flutningar,“ segir Pétur.

*- rh*


Aðalflutningar

Gleðilegt sumar!

Öryggi alla leið




Verið velkomin að Skútuvogi 8

OPIÐ VIRKA DAGA TIL KL. 17.00 Föst. til kl. 16.00

Skútuvogi 8 • S. 581 3030 • Fax: 471 2564 • www.adalflutningar.is




# Ert þú að flytja innanlands?

Mundu að tilkynna um breytt heimilisfang þitt og allra fjölskyldumeðlima á postur.is eða næsta pósthúsi. Einnig þarf að tilkynna um breytt heimilisfang til Hagstofu Íslands, viðskiptabanka og allra sem senda þér bréf. Pósturinn sér ekki um slíkar tilkynningar.

**Áframsending** er í boði fyrir þá sem flytja innanlands. Almennar bréfasendingar sem stílaðar eru á gamla heimilisfangið eru þá áframsendar á nýja heimilisfangið.

**Biðpóstur** er í boði fyrir þá sem eru ekki heima hjá sér tímabundið. Pósturinn þinn er þá áframsendur á umbeðið pósthús þar sem þú getur nálgast hann þegar þér hentar.

Sækja þarf um ofangreinda þjónustu á postur.is eða næsta pósthúsi. Áframsendingargjald fyrir þrjá mánuði er 990 kr. og mánaðargjald fyrir biðpóst er 580 kr.

Að sjálfsögðu er hægt að tilkynna um flutning án þess að greiða þjónustugjald en þá mun áframsending ekki taka gildi og endursenda verður þau bréf sem berast á gamla heimilisfangið.

Þjónustuver | sími 580 1200 | postur@postur.is | www.postur.is

Geymdu það ekki til morguns sem við getum gert í dag.




# Liège
## - beint fraktflug 11 sinnum í viku

Icelandair Cargo býður beint fraktflug 11 sinnum í viku til og frá Liège í Belgíu.

Icelandair Cargo í Liège er í innan við 400 km fjarlægð frá mörgum af stærstu borgum í Evrópu og býður landflutninga hvaðan sem er í álfunni.

Nýttu þér hraðvirkasta flutningsmátann innan Evrópumarkaðar.

Hafðu strax samband við Icelandair Cargo við Flugvallarveg í Reykjavík.
Sími 5050 400, fax 5050 630, veffang icelandaircargo.is.

Eins og skot

ICELANDAIR CARGO

VIÐHALDSVIRKNI

**Atvinna.**
Óskum eftir að ráða menn vana húsaviðgerðum.
Upplýsingar í síma 661 0117, Rúnar.

**American Style**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Lausar stöður í sal á American Style í Hafnarfirði, og inn á grill á Bildshöfða.
Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is.

**Heimaþjónusta**
Óskum eftir starfsmanni til sumarafleysinga við heimaþjónustu í þjónustuíbúðunum Dalbraut 21 -27. Þarf að geta byrjað 2. maí.
Uppl. veita Guðný Pálsdóttir og Guðbjörg Vignisdóttir síma 411 2500 netfang gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is

**Hreingerning**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um hreingerningar og þónvinnu. Íslenskukunnátta skilyrði.
Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
Óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf. Heilt og hálft starf og hlutastörf seinni part og um helgar.
Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn.

**Ísbúðin Álfheimum**
Óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf - heilt og hálft starf í dagvinnu og hlutastörf seinni part, á kvöldin og um helgar.
Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina.
Uppl. í s. 699 5978, Guðrún.

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
Óska eftir starfsmanni í steinsteypusögun og kjarnaborun.
Upplýsingar í s. 893 3236

**Þerna-hótelstarf**
Óskum eftir að ráða þernu til starfa við þrif og tiltektir á hótelherbergjum. Starfið er laust nú þegar eða fljótlega.
Nánari uppl. veitir Margrét Benjamínsdóttir á Hótel Óðinsvé Óðinstorgi eða síma 511 6200.

**Vantar kokk á Hótel Eddu Neskaupstað.**
Vantar kokk í sumar á Hótel Eddu Neskaupstað. Þeir sem hafa áhuga á að breita til og vinna á skemmtilegum og líflegum stað þá endilega hafið samband við Hrefnu í gsm. 848-9365 eða hrefna@sparnor.is

**Vilt þú tryggja þér sumarvinnu?**
Skalli Hraunbæ óskar eftir starfsfólki í kvöld- helgar og dagvinnu nú þegar og í sumar. Upplýsingar í s. 567 2880.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl 13.00-18.30. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

**Mötuneyti**
Matráður óskast í 25 manna mötuneyti. Vaktavinna . Áhugasamir hafi samband á netfangið lovisa1@simnet.is

Saltfiskverkun í Hafnarfirði óskar eftir 2 duglegum starfskröftum, mikil vinna framundan. S. 820 0051.

**Bakarí-Bístró Ármúla**
Óskum eftir starfskrafti í almennt veitinga- og afgreiðslustarf, 20 ára og eldri, bílpróf kostur. Uppl í s. 898 1779.

**Bakari**
Bakari óskast sem fyrst. Björnsbakarí við Skúlagötu. Uppl. í s. 551 1531 f.h. eða á staðnum, Lárus.

**Málarar**
Málarar eða menn vanir málningarvinnu óskast. Uppl. gefur Einar í s. 897 2009.

**Söluturn**
Fyrirtæki sem rekur 2 söluturna í miðbæ Rvk, óskar eftir starfsfólki aðallega um helgar. Nánari uppl. gefur Högni í s. 896 1933.

Stundvís starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun. Hlutastarf kemur til greina. Bílpróf æskilegt þó ekki skilyrði. Uppl. í s. 553 8844, Kjöthöllin, Háaleitisbraut.

Snælandsvideo í Mos. óskar eftir starfsfólki í dag- eða kvöld- og helgarvinnu. 18 ára aldurst. Uppl. í s. 693 3782.

Góð kona óskast nokkra tíma á dag til að sinna eldri konu í hjólastól með félagsskap, aðstoð við klósettferðir og að snæða. Uppl. í síma 858 1003.

Starfsfólk óskast í sauðburð á norðurlandi í Maí. Sími 452 4976.

**Góð aukavinna !**
Óska eftir fólki í símasölu á mjög góðri vöru 2-3 kvöld í viku, unnið frá kl. 18-22. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 12-22.

**Sumarstarf á Akureyri**
Vantar duglegt og áreiðanlegt fólk í vinnu við slátt á Akureyri. Verða að vera með bílpróf og geta unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 860 2971.

## Atvinna óskast

INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK

Útvegum m.a.:

- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri

Hafðu samband í síma 517 4530

INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur www.intjob.is

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Háseta vantar strax í 3 v. til grásleppuveiða á 7 t. trillu frá Sauðárkróki. Uppl. í s. 453 5138 eða 868 6888.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## FASTEIGNIR

RE/MAX LIND
Sími 847 8001
www.remax.is
billi@remax.is

**Ertu í fasteignahugleiðingum?**
Vegna mikillar sölu vantar allar stærðir eigna á skrá!
Við verðmetum eignina þína þér að kostnaðarlausu og án skuldbindinga!
**Hafðu samband í síma 847 8001**

Frum


ÞÓRARINN JÓNSSON
Hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasali


BRYNJÓLFUR TÓMASSON
Sölufulltrúi
S: 847 8001



FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# Hentugt starf fyrir fólk á besta aldri

Hýsing -vöruhótel, Skútuvogi 9, óskar eftir áreiðanlegu og traustu starfsfólki í pökkun. Starfið felur í sér frágang og pökkun á fatnaði, skóm og búsáhöldum fyrir flutninga frá lager til verslanna. Vinnutíminn er kl. 08:00-16:30, en hlutastarf kemur til greina. Tilvalið starf fyrir fólk á besta aldri. Nánari upplýsingar veitir Júlíus Kristjánsson á staðnum eða í s. 530-5697

## FUNDIR

# Aðalfundur Hólmara,

HÓLMARAR HOLLVINASAMTÖK

**Hollvinasamtaka,** verður haldinn þann 25. apríl n.k. kl. 20:00 í hátíðarsal LOGOS lögmannaþjónustu í Efstaleiti 5, Reykjavík.

**Dagskrá:**

- Venjuleg aðalfundarstörf, s.s. stjórnarkjör.
- Sagt verður frá Vatnasafni listakonunnar Roni Horn í gamla bókasafninu í Stykkishólmi.
- Kynntar verða fyrirætlanir um kaup á nýju orgeli í kirkjuna.
- Rakel Olsen sýnir gamlar myndir úr Stykkishólmi.

Allir Hólmarar eru boðnir velkomnir.
Léttar kaffiveitingar í boði.

Stjórnin.

# Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags

EFLING STÉTTARFÉLAG Stendur með þér!

Aðalfundur Eflingar -stéttarfélags verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2007 í Kiwanishúsinu Engjateig 11 og hefst kl. 20.00.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Tillögur um breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
3. Tillaga um breytingu á félagsgjaldi
4. Önnur mál

Félagar mætið vel og stundvíslega.

**Stjórn Eflingar-stéttarfélags**

# Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 - Hafnarfjörður
Sími 5550944 - Fax 5654055 - Netfang: hlif@hlif.is

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn kl 20:00 þriðjudaginn 24. apríl 2007 í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3. Önnur mál.

Kaffiveitingar.

ÆTTINGJABANDIÐ

# Aðalfundur

**Ættingjabandsins, Ættingja- og vinasambands heimilisfólks á Hrafnistu í Reykjavík verður haldinn á Helgafelli, 4. hæð á Hrafnistu í Reykjavík, þriðjud. 24. apríl n.k. kl. 20:00.**

**Dagskrá: Elna Þórarinsdóttir, formaður, setur fundinn.**
**Lesin skýrsla stjórnar.**
**Ávarp flytur Hinrik Greipsson, form. Ættingjabands Grundar.**
**Skemmtiatriði. Sveinn Skúlason, forstjóri, segir frá fyrirhuguðum breytingum á Hrafnistu.**
**Kosning nýrrar stjórnar.**
**Önnur mál. Kaffiveitingar.**
**Verum virk - tökum þátt -**
**Vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta.**
**Okkur vantar nýtt, áhugasamt fólk í stjórnina!**
**Sjáumst hress, Stjórnin.**

## FUNDIR

### Aðalfundur Heilsuhringsins 2007

Verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl
kl. 20.00 í Norræna húsinu

Að loknum aðalfundarstörfum kl. 20.30 verður flutt erindið:

**Ég „þoli“ ekki skólann...**
**tengsl ofnæmis og óþols við vanlíðan, hegðunarvandamál og námsörðugleika barna.**

Fyrirlesari er:
**Sigríður Ævarsdóttir hómópati**

Öllum er velkomið að hlusta á erindið
Aðgangur ókeypis

**Stjórnin**
Netfang: heilsuh@simnet.is
Veffang: http://www.simnet.is/heilsuhringurinn/

### Aðalfundur Knattspyrnufélagsins Þróttar

svo og knattspyrnudeildar Þróttar verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl n.k. kl. 20:00 í Íþróttamiðstöð Ármanns Þróttar við Engjaveg 7 í Laugardal.

Dagskrá fundarins er samkvæmt venjubundnum störfum aðalfundar.

Aðalstjórn Þróttar
Stjórn knattspyrnudeildar Þróttar

## TILKYNNINGAR

Sveitarfélagið ÁLFTANES

### Breyting á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi

Bæjarstjórn Álftaness hefur samþykkt að auglýsa, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, tillögu að breytingu á deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis á Álftanesi.

Deiliskipulagsbreyting þessi gildir fyrir íþróttamannvirki á skóla- og íþróttasvæði. Breytingin felst í stækkuðum byggingarreit fyrir sundlaug og gerð sundlaugargarðs, stækkuðum byggingarreit fyrir vallarhús í stað geymslu, færslu á byggingarreit fyrir símstöð og fjölgun bifreiðastæða. Einnig er gert ráð fyrir byggingu keppnisvallar með gervigrasi og flóðlýsingu þar sem nú er malarvöllur. Jafnframt er gert ráð fyrir hjólabrettavelli.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.alftanes.is, frá og með **24. apríl 2007 til 22. maí 2007**.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til **5. júní 200**7. Athugasemdir skulu vera skriflegar og þeim skilað til skipulags- og byggingarfulltrúa Álftaness, Bjarnastöðum. Hver sá sem eigi gerir athugasemd við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Bjarni S. Einarsson,
bæjartæknifræðingur

## ATVINNA

### SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

### Ólafsfjörður, Fjallabyggð

### Grunnskólakennarar

**Skólaárið 2007-2008**

Umsjónarkennara vantar á yngsta og miðstig og í almenna kennslu á mið- og unglingastigi. Einnig vantar kennara í í textílmennt og myndmennt.

Grunnskóli Ólafsfjarðar er með um 140 nemendur í 1. - 10. bekk. Skólastjóri er Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir og gefur hún nánari upplýsingar í símum 460-2620, 864-5997; netfang: threyk@olf.is ásamt aðstoðarskólastjóranum Jónu Vilhelmínu Héðinsdóttur í símum 460-2630, 895-2571; netfang: vhedins@ismennt.is

Grunnskóli Ólafsfjarðar starfar á tveimur kennslustöðum þar sem eru yngri og eldri deild. Stærð bekkjardeilda er um þessar mundir á bilinu 15 - 20 nemendur. Öll húsnæðisaðstaða er mjög góð svo og tækjakostur. Þess má geta að 45 mínútna akstur er til Akureyrar, þjónusta er fjölbreytt og mannlíf gott, aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar er fjölbreyttari en víðast hvar allan ársins hring.

Grunnskólinn er Olweus skóli og unnið er að ýmsum þróunarverkefnum s.s auknu vali, námsmati og fl.

Umsóknarfrestur er til 10. maí n.k.

**Skólastjóri**

## FASTEIGNIR








# Leiðhamrar 5

Reykjavík
Opið hús mánud 23,04 kl.18.00-18.30

**Verð: 54.9**
Stærð: 195.1
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1991
Brunabótamat: 28.0
Bílskúr: Já

Remax Búi kynnir:Parhús á 2 hæðum,í Hamrahverfinu með tveimur íbúðum. Komið er inn á flísalagt anddyri,góðir fataskápar. Lítið þvottahús er inn af anddyri. Úr forstofu er gengið inná lítinn gang og af gangi inn í íbúðina á neðri hæðinni en upp stigann í íbúð á efri hæð. Á neðri hæð. Gengið er inná plastparketlagt hol. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf,hiti í gólfi,baðkar og lítil innrétting.Eldhús með hvítri innréttingu og góðum tækjum,tengi fyrir uppþvottavél,dúkur á gólfi. Tvö svefnherbergi,annað inn af stofu.Bæði með plastparketi og annað með góðum skápum.Útgengi er úr stofu, á gamlan sólpall.Sér geymsla undir stiga. Á efrihæð.Komið er upp stiga og upp á plastparketlagt hol að hluta og flísalagt að hluta.Í holinu er borðstofa og sjónvarpsstofa,úr sjónvarpsstofunni er gengið út á svalir með góðu útsýni til suðurs.Tvö rúmgóð svefnherbergi,bæði með skápum og dúk á gólfum. Geymsluloft sem er yfir allri íbúðinni.Bað er rúmgott,með sturtu og baðkari,flísalagt gólf og veggir,tengi fyrir þvottavél,fallegur vaskaskápur.Eldhús að hluta til undir súð,flísalagt gólf,hvít innrétting, góð tæki,tengi fyrir uppþvottavél. Góður bílskúr,sjálfvirkur hurðaopnari

RE/MAX BÚI


Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali


Pálmi
Sölufulltrúi
895 5643
palmi@remax.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.833 **-0,22%** **Fjöldi viðskipta:** 398 **Velta:** 6.521 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Vinnslustöðin** | 8,33% | **Mosaic** | 2,30% |
| **Eimskipafélagið** | 1,18% | **Flaga** | 0,88% |
| **Alfesca** | 0,85% | **Hampiðjan** | 0,69% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,51 +0,00% ... Actavis 79,00 +0,00% ... Alfesca 4,74 +0,85% ... Atlantic Petroleum 693,00 +0,00% ... Atorka 7,03 +0,14% ... Bakkavör 69,40 -0,14% ... Eimskipafélagið 34,20 +1,18% ... FL Group 29,40 -0,68% ... Glitnir 26,95 +0,19% ... Kaupþing 1.085 -0,46% ... Landsbankinn 34,50 +0,00% ... Marel 76,60 +0,79% ... Mosaic Fashions 17,00 -2,30% ... Straumur-Burðarás 20,90 +0,00% ... Össur 127,50 -0,39%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Uppsagnir í vændum hjá Sony

Japanski hátækniframleiðandinn Sony hefur látið í veðri vaka að hann ætli að fækka í starfsliði sínu í Evrópu á næstunni. Svo getur farið að 160 manns verði sagt upp störfum.

Talsmaður Sony, segir helstu ástæðuna fyrir hagræðingu hjá starfsemi Sony í Evrópu vera breyttar markaðsaðstæður og í samræmi við nýtt skipulag sem auka eigi samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Greinendur segja hagræðinguna fyrst og fremst komna til vegna dræmrar sölu á nýju leikjatölvunni frá Sony, PlayStation 3. Tölvan kom á markað um miðjan nóvember í Bandaríkjunum og Japan í fyrra en ekki undir lok nóvember í Evrópu, talsvert á eftir að hinir leikjatölvurisarnir, Nintendo g Microsoft, settu sínar nýjustu tölvur á markað.

Wii-tölvan frá Nintendo hefur víða selst afar vel og segir Sony, að áætlanir fyrirtækisins hafi ekki gengið sem skildi. Þegar fyrirtækið birti afkomuspá sína fyrir árið er gert ráð fyrir aukinni sölu.

Gangi spárnar eftir mun Sony skila 400 milljarða jena hagnaði á þessu ári. Þetta jafngildir ríflega 222 milljörðum íslenskra króna. Og það er ekki lítil breyting á milli ára því þetta er sexfalt meiri hagnaður en fyrirtækið skilaði í fyrra. - jab



**PLAYSTATION 3** Sony er spáð sexfalt meiri hagnaði á þessu ári miðað við síðasta ár. Fyrirtækið ætlar engu að síður að hagræða í rekstri til að auka samkeppnishæfni.

# Fimm sjóðir að sameinast

Stjórnir Lífeyrissjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands, Lífeyrissjóðs Flugvirkjafélags Íslands, Lífeyrissjóðs Mjólkursamsölunnar, Eftirlaunasjóðs starfsmanna Olíuverzlunar Íslands og Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins hafa ritað undir viljayfirlýsingu um sameiningu sjóðanna. Tillaga þess efnis verður lögð fyrir sjóðfélaga á næsta ársfundi sjóðanna.

Gangi þessi áform eftir fækkar lífeyrissjóðum á landsvísu úr 40 í 36 talsins. Þróunin hefur verið sú að sjóðum hefur fækkað en þeir jafnframt stækkað. Heildareignir sjóðanna fimm, sem um ræðir, nema tíu milljörðum króna og eru þeir lokaðir fyrir nýjum iðgjöldum. Stjórnir sjóðanna hafa endurnýjað rekstrarsamning við Landsbanka Íslands sem hefur séð um rekstur sjóðanna á liðnum árum. - eþa



**EFTIR SÖLU** Fulltrúar fyrirtækjanna stilltu sér upp: Gísli Sveinsson, Guðmundur Birgisson, Bjarni Hrafnsson, Jóhann Oddgeirsson og sitjandi Finnbogi Gylfason, Björgólfur Jóhannsson og Ásgeir Þorvarðarson.

# VGI ehf. selt

Icelandic Group hf. hefur selt öll hlutabréf sín í fyrirtækinu VGI ehf. Kaupandi er Samhentir-Kassagerð ehf., en bæði fyrirtæki starfa á umbúðamarkaði. Kaupverð er ekki gefið upp.

Samningurinn tók gildi 20. þessa mánaðar og tóku nýir eigendur þá við rekstrinum. Í tilkynningu til Kauphallar kemur fram að söluhagnaður Icelandic Group nemi um 105 milljónum króna og tekjufærist hann á öðrum ársfjórðungi þessa árs.

Í tilkynningu Samhentra-Kassagerðar kemur fram að við sameininguna verði til leiðandi félag sem velti vel yfir tveimur milljörðum króna á ári. Einnig var undirritaður langtímasamningur um sölu á umbúðum til Icelandic Group og samstarfsfélaga. Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis, Jón G. Briem lögmaður og KPMG voru til ráðgjafar um kaupin. - óká

# Óvænt verðbólga

Verðbólga jókst um hálft prósent á milli mánaða í Bretlandi í síðasta mánuði og hefur ekki verið meiri í áratug, 3,1 prósent. Þetta er rúmu prósenti yfir verðbólgumarkmiði Englandsbanka.

Þróunin er þvert á væntingar, en í byrjun mánaðar ákvað Englandsbanki að halda stýrivöxtum óbreyttum í 5,25 prósentum. Helsta ástæðan aukinnar verðbólgu er sögð styrking pundsins, sem hefur ekki verið jafn hátt gagnvart Bandaríkjadal í fimmtán ár. Nokkurrar óvissu gætti um síðustu vaxtaákvörðun bankans, en víst þykir að vextir hækki um að minnsta kosti 25 punkta í næsta mánuði. - jab






*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Herdís Ólafsdóttir**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést mánudaginn 16. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju í dag 24. apríl kl. 14.

**Elín Hannesdóttir**
**Helgi Hannesson**
**Guðmundur Hannesson**
**Sigríður Ólafsdóttir**
**og ömmubörn.**
**Þorsteinn Þorvaldsson**
**Valdís Einarsdóttir**
**Margrét Gunnarsdóttir**



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir og bróðir,*

**Níels J. Kristjánsson,**

1415 Renfrew Drive NE Calgary, Alberta, Canada,

lést 17. apríl 2007 í Calgary, Kanada. Minningarathöfn auglýst síðar.

**Shannon Lee Dunning**
**Anna María Kristjánsdóttir**
**Karen S. Kristjánsdóttir**
**Daníel Jón Kjartansson**
**Alda Kjartansdóttir**
**Edda M. Kjartansdóttir**
**og fjölskyldur.**
**Kristjan Laural Kristjansson**



*Elsku eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir og tengdasonur,*

**Heiðar V. Hafsteinsson,**

véliðnfræðingur,Vættaborgum 64, 112 Reykjavík,

lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 20. apríl. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 3. maí kl. 13.00.

**Sigríður Dögg Geirsdóttir**
**Andri Heiðarsson**
**Ingveldur Dís Heiðarsdóttir**
**Gígja Heiðarsdóttir**
**Elsa Vigfúsdóttir**
**Daníel Hafsteinsson** **Lise Lotte Hafsteinsson**
**Sævar Hafsteinsson** **Vivi Hafsteinsson**
**Hafsteinn S. Hafsteinsson** **Sólveig Einarsdóttir**
**Berglind Líney Hafsteinsdóttir**
**Ingveldur Guðlaugsdóttir.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,*

**Daði Halldórsson,**

Furugrund 14, Akranesi,

lést fimmtudaginn 19. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 27. apríl kl. 10.30.

**Kristrún Sigurbjörnsdóttir**
**Bára Daðadóttir**
**Hjalti Daðason** **Elísa Guðrún Elísdóttir**
**Leó Daðason** **Erna Frímannsdóttir**
**Halldór Karlsson**
**Dröfn Halldórsdóttir** **Lárus Hannesson**
**Gauti Halldórsson** **Guðrún Magnúsdóttir**
**Barði Halldórsson** **Hólmfríður Kristjánsdóttir**
**Sigurbjörn Guðmundsson** **Málfríður Ögmundsdóttir**
**Elín Sigurbjörnsdóttir** **Sveinn Knútsson**
**María Sigurbjörnsdóttir** **Guðjón Pétursson**
**Guðmundur Sigurbjörnsson** **Ásta Björk Arngrímsdóttir.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**GEIR JÓN ÞÓRISSON ER 55 ÁRA Í DAG**

*„Það er enginn munur á því hvort það er myrkur eða sól, bjart eða svart. Það hefur engin áhrif á mig og hefur aldrei gert. Ég hef bara tamið mér að taka hlutunum eins og þeir eru á hverjum tíma.“*

***Yfirlögregluþjónninn tekur hlutunum eins og þeir eru á hverjum tíma.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 24. APRÍL 1992**

## *David Bowie kvænist Iman*

Á þessum degi árið 1992 gekk tónlistarmaðurinn David Bowie í hjónaband með sómölsku fyrirsætunni Iman. Þau höfðu kynnst í matarboði hjá sameiginlegum vini tveim árum áður. Bowie var þá nýhættur með kærustu sinni til tveggja ára, Melissu Hurley. Fljótt tókust ástir með Bowie og Iman og hann bað hennar þegar þau höfðu verið saman í eitt ár. Bowie söng þá eigin útgáfu af Doris Day-laginu April in Paris. Hjónabandinu fögnuðu þau með því að fá sér bæði húðflúr.



**HAMINGJUSÖM** David Bowie með eiginkonunni Iman.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

David Bowie hafði kvænst fyrri konu sinni, Angelu, árið 1970 og þau eignuðust saman son ári síðar. Hjónabandinu lauk árið 1980. Á meðan á hjónabandinu stóð lýsti Bowie því yfir í viðtölum að hann væri tvíkynhneigður.

„Síðustu ár hafa verið afskaplega gefandi fyrir mig. Ég er á góðum stað og mér líður vel. Ég virðist hafa fundið rétta jafnvægið,“ sagði hann um hjónabandið. Árið 2000 eignuðust Bowie og Iman dóttur sem heitir Alexandria Zahra Jones.

MARGRÉT SVEINBJÖRNSDÓTTIR: FERTUG Í DAG

# Skálað fyrir prinsessu

Margrét Sveinbjörnsdóttir, ráðgjafi hjá AP-almannatengslum og lúðurþeytari Hins konunglega fjelags, er fertug í dag.

„Ég hélt heljarinnar partí á laugardaginn þar sem ég bauð vinum mínum og ættingjum. Það var mjög gleðilegt að það skyldi fæðast lítil prinsessa þennan dag,“ segir Margrét og á þar við dóttur Friðriks, krónprins Dana, og Mary prinsessu. „Veislustjóri var kammerjómfrú Hins konunglega fjelags, Eyrún Ingadóttir, sem sá til þess að þetta var allt í mjög konunglegum stíl. Hún krafðist þess að í hvert skipti sem var skálað fyrir afmælisbarninu yrði skálað líka fyrir prinsessunni.“

Margét segir allt stefna í það að prinsessan verði nafna hennar, því til stendur að skíra hana í höfuðið á ömmu sinni, Margréti Þórhildi Danadrottningu. Hún býst við að þar muni vaxa úr grasi efnileg stúlka. „Það sést ekki mikið í hana á þessum myndum sem ég hef séð en ef hún líkist foreldrum sínum hlýtur þetta að vera myndarbarn.“

Í afmælisveislunni á laugardaginn fékk Margrét margar góðar gjafir, þar á meðal nokkrar ljóðabækur. „Mér þótti vænst um að fá eldgamla myndskreytta bók sem heitir Sálin hans Jóns míns. Hún hefur ekkert með hljómsveitina að gera heldur hefur hún að geyma myndskreytt kvæði Davíðs Stefánssonar, sem amma mín og nafna kenndi mér utan að þegar ég var barn. Mér er sagt að ég hafi farið með það með miklum tilþrifum þegar ég var smástelpa,“ segir hún og hlær.

Margrét, sem býr með blaðamanninum Auðuni Arnórssyni og á með honum soninn Odd, ætlar að bjóða vinnufélögum sínum upp á eitthvert góðgæti á afmælisdeginum sjálfum. Hvort blásið verði í konunglega lúðra í tilefni dagsins verður aftur á móti að koma í ljós.

**freyr@frettabladid.is**



**MARGRÉT SVEINBJÖRNSDÓTTIR** Margrét hélt heljarinnar afmælisveislu um síðustu helgi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**NÝJA PRINSESSAN** Mary heldur á nýju prinsessunni sem verður líklega skírð Margrét.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES




*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jónas H. Pétursson,**

Hjallavegi 2, Ísafirði,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut, laugardaginn 21. apríl. Jarðarförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 28. apríl kl. 14.00.

**Elín Valgeirsdóttir**
**Guðmunda Ó. Jónasdóttir** **Aðalsteinn Kristjánsson**
**Pétur Þ. Jónasson** **Kolbrún Halldórsdóttir**
**Ingibjörg M. Jónasdóttir** **Arnar Kristinsson**
**Valgeir Jónasson** **Elínborg Bjarnadóttir**
**Baldur Þ. Jónasson** **Halldóra Kristinsdóttir**
**Jóhann Jónasson** **Sonja Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jóhann Helgason**

bóndi, Leirhöfn,

andaðist á öldrunardeild Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga að morgni 15. apríl sl. Jarðarförin fer fram frá Snartarstaðakirkju fimmtudaginn 26. apríl kl. 14:00.

**Dýrleif Andrésdóttir**
**Andrea Jóhannsdóttir**
**Margrét Jóhannsdóttir** **Steinar Matthíasson**
**Arnfríður Jóhannsdóttir**
**Hildur Jóhannsdóttir** **Jón Þór Guðmundsson**
**Dýrleif Pétursdóttir** **Þorvaldur Snorri Árnason**
**María Jónsdóttir** **Andri Hnikarr Jónsson**
**Jóhanna Jónsdóttir** **Sveinn Þórður Þórðarson**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Bragi Sigurðsson**

frá Heiðarbrún í Kelduhverfi,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sunnudaginn 22. apríl. Útförin fer fram frá Garðskirkju föstudaginn 27. apríl klukkan 16.

**Þorbjörg Bragadóttir** **Jón Sigurðsson**
**Hlynur Bragason** **Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir**
**Helga Þyri Bragadóttir** **Þórður Helgason**
**og barnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Skúli Þórðarson,**

lést á hjúkrunardeild Höfða, Akranesi 22. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Bragi Skúlason** **Anna Þuríður Kristbjörnsdóttir**
**Hrafnhildur Skúladóttir** **Ólafur Jón Guðmundsson**
**Hafdís Skúladóttir** **Magnús Árnason**
**barnabörn og barnabarnabarn.**


NOKIA
6300
NOKIA
Use tone
Select
Back
NOKIA
Connecting People
Tímalaus
hönnun.
Nýr og þunnur Nokia 6300
MP3-spilari og FM-útvarp • 2.0 Megapixla myndavél • Bluetooth þráðlaus tenging
Copyright © 2007 Nokia.




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Reglugerðir fyrir heimska fólkið

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VAR FYRIRMYNDARNEMI



Ég hef talið mig hafa verið fyrirmyndarnema. Forðaðist í lengstu lög að lenda upp á kant við yfirmenn skólans. Reyndi bara að fylgja reglunum eins og þær stóðu í bókinni og taldi næsta víst að nemendum eins og mér yrði verðlaunað. En svo komu hin skemmdu epli. Brutu þær einföldu reglur sem höfðu verið settar til að ró og friður héldust í skólanum. Stálu samlokum eða reyktu inni í myndmenntarstofunni. Og góðu nemendurnir voru látnir gjalda fyrir brot þeirra og veltu því um leið fyrir sér af hverju í ósköpunum þeir ættu að hafa fyrir því að virða allar reglur þegar þeir græddu ekkert á því?

Þegar í framhaldsskóla var komið liðkaðist aðeins til. Síbrotamennirnir voru látnir gjalda fyrir syndir sínar. Þó kom fyrir að skólayfirvöld tækju þá ákvörðun að refsa öllum nemendum skólans fyrir asnastrik nokkurra ólátabelgja. Og maður lét það yfir sig ganga. Beið bara eftir því að komast burt úr skólakerfinu vegna þess að úti í hinum frjálsa heimi væri hinum ranglátu refsað en hinum réttlátu umbunað.

Sú einfalda barnatrú reyndist ekki á rökum reist. Hinn stóri og hættulegi heimur minnir frekar á siðferði grunnskólans heldur en laust réttarkerfi framhaldsskólans. Háum fjárhæðum er eytt í að passa upp á að einhver fífl keyri ekki á vegum úti undir áhrifum eða stígi bensínið í botn. Framleiddar eru fokdýrar auglýsingar til að minna á að samkvæmt lögum sem sett hafa verið má ekki aka yfir hámarkshraða sem öllum ætti að vera kunnur né setjast undir stýri eftir að hafa drukkið nokkra bjóra.

Þjóðfélag okkar byggir á reglugerðum og siðferði sem miðar að því að vernda lítinn hóp skemmdra epla frá heimsku sinni. Og þær reglugerðir bitna á hinum venjulega og löghlýðna borgara sem hvorki keyrir of hratt né stundar stúta-akstur. Þess vegna er ágætt að spyrja sig sömu spurningarinnar og í grunnskóla; hvers vegna að hlýða öllum reglum þegar maður græðir ekkert á því?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




20%
AF ÖLLUM GALLABUXUM
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
GALLABUXNADAGAR
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

# Gamall söngleikur endurvakinn



**LEIKLIST**

**Leikfélag Reykjavíkur**

Söngleikurinn Grettir e. Þórarin Eldjárn, Ólaf Hauk Símonarson og Egil Ólafsson

**Leikstjóri**: Rúnar Freyr Gíslason. **Leikmynd og ljós**: Egill Ingibergsson og Móeiður Helgadóttir. **Tónlistarstjóri**: Hallur Ingólfsson. **Búningar**: Filippía Elísdóttirs. **Gervi**: Sigríður Rósa Bjarnadóttir. **Dansar**: Lára Stefánsdóttir

★★

Skrautleg sýning á þunnu efni en bærileg skemmtun.

Er ástæða til að rifja upp gamla íslenska söngleiki og setja á svið með ærnum tilkostnaði? Víða er það gert í öðrum löndum að gamaldags verk eru endurvakin, oft vegna tónlistarinnar sem kann að geyma sígild númer, ellegar þess að höfundum tal- og söngtexta hefur á sinni tíð tekist að næla tíðaranda, móð, í fléttuna. Uppvakningar af þessu tagi eru líka einhvers konar varðar um leikritun og leikstíl, hugsun og nálgun. Það er samt ekki trúlegt að leikhússtjóra LR hafi gengið eitthvað slíkt til. Hann varð einfaldlega að finna söngleik og því ekki Gretti: Ólafur Haukur á söguna, Þórarinn ljóð og Egill Ólafsson lögin.

Grettir var á sínum tíma skelfileg leiksýning í Austurbæjarbíói og það má leikstjórinn Rúnar Freyr eiga að hann sleppur vel frá þeirri prófraun að koma Gretti á svið. Hann gerir úr verkinu skrautlega sýningu með ágætri samfellu, heldur henni innan marka, sem er kraftaverk miðað við það sem höfundarnir hafa leyft sér í samsetningnum. Sýningin nýtir flesta krafta prýðilega, verður aldrei kauðsk þótt tæpt sé á tæpasta í dönsum Láru Stefánsdóttur sem hefur raunar bara þrjá dansara að styðjast við.

Grettir er ansi hreint mikið barn síns tíma: hér var Egill Ólafsson að stika sín stóru skref sem lagahöfundur, hér gætir pokalegra sjónarmiða Ólafs Hauks í hverri senu (sjónvarp er vont, klíkur eru hættulegar, þrifnaður húsmæðra sjúklegur, harðir karlar eldri kynslóðin, þeir sem vilja efnast siðlausir). Er raunar ekki að heyra annað en að höfundur samtala hafi gefið leikurum og leikstjóra frjálsan taum í endurbótum eða sjálfur gengið til þess verks að tjasla upp á Gretti. Þess hefur þurft. Þetta er óagað verk, ábyrgðarlaust í glannalegum hugmyndum – mörgum ágætum, sumum snjöllum – en heldur losaralega raðað á bandið enda man ég ekki betur en höfundarnir hafi á sínum tíma setið hver í sínu horni við verkið.

Er þá ekki réttlætanlegt að koma þessu aftur á svið? Jú eins og Deleríum, Rjúkandi ráði, jafnvel Allra meina bót – örugglega Járnhausnum, Hornakóralnum klárlega – Þið munið hann Jörund með Pöpunum – flestum þessum tilraunum til íslenska söngleiksins á undan þessum. Hann er afar veikur í fléttu, samtölin lítið fyndin, uppátækin mörg kostuleg sem leikarar og leikstjóri notfæra sér til að blása í: Magnús Jónsson gerir Glám að persónu löngu áður en hann opnar munninn bara með hreyfingum sínum sem hann sækir í teiknimyndafígúrur, Bergur Ingólfsson er glæsileg kópía af Tarzan Disneys og afburðasnjall í slapstikk – mikið væri gaman að fá hann í hreinan franskan farsa, Jóhann Sigurðarson megnar að glæða Ásmund álversstarfsmann lífi og Hansa sýndi sumpart á sér nýja hlið: líkast til hafa leikhússtjórar og leikstjórar vanmetið breidd hennar sem leikkonu. Jóhann G. Jóhannsson skýst inn á sviðið í snjallri mannlýsingu leikstjóra, en Björn Ingi hefur leikið sitt hlutverk áður. Nanna Kristín er eina ferðina enn látin leika með sinn glæsilega barm. Þá er ónefndur kór sem skýst í ýmis hlutverk og þar eru kraftar sem maður vildi endilega sjá meira af: Orra og Álfrúnu nefni ég í öðru en kór. Þau þurfa að fá hlutverk sem kjöt er á.

Þetta er forvitnileg sviðsetning um margt: hvernig bjargar Rúnar sér: hann hallar sér í fiffin – sum kunnugleg en það er olræt – það má alltaf stela ef það dugar. Egill Ingibergsson og Móheiður Helgadóttir vinna saman ljós og leikmynd – langan sveig um mitt svið og krappan yfir það: dýr lausn og ekki fyllilega nýtt og minnti í hugsun dálítið á Sól og Mána Sálarinnar fyrir fáum misserum á sama sviði.

Það er ekki ástæða til að láta þennan söngleik fara fram hjá sér frekar en aðra íslenska söngleiki: það er líka stemning á söngleikjum í Borgarleikhúsinu og hefur verið nær frá upphafi. Þeir komast svo nálægt popptónleikum vegna nándarinnar þótt hljómburður sé þar erfiður sökum breiddar: það vantar þangað sæmilegt surround til að vinna með lögun salarins og metnað til að gera hljóðmynd sem getur keppt við heimabíóin – það er jú pólitískur tilgangur með léttmeti af þessu tagi að draga inn þúsundir sem fara aldrei annars í leikhús. LR á að sinna því hlutverki frekar en Þjóðleikhús sem hefur metnaðarfyllri skyldu.

Og Halldór Gylfason – hann er jú náttúrutalent með afar sterkan persónulegan stíl sem hann rekur flest sín hlutverk með – hann er kímilegur – einlægur sem þessi bjáni sem Grettir þeirra þrímenninga er. Hann ber þessa sýningu líklega á endanum til áhorfenda með sínu geðfellda fasi.

Var þá gaman? Ég var mest hissa hvað samtölin voru lítið fyndin enda fátt um hlátra en áhorfendur virtust kunna þessu vel á endanum – ég trúi því að það sé sökum þess að íslenski leikhúsmarkaðurinn er sólgin í söngverk og stórsýningar – jafnvel þótt þunnildi séu í boði. Erlendir söngleikir eru hér fátíðir nema gamlar margkeyrðar lummur – það er eins og íslenskir leikhúsmenn fylgist ekki með hvað gerist á þeim vettvangi í nálægum löndum þar sem stöðugt framboð er á verkum sem eru miklu merkilegri og betri en þetta – líkast til vegna þess að þeir þykjast ekki hafa efni á þeim, sem þeir hafa ef marka má umfang Legs og Grettis.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

21 22 23 **24** 25 26 27

**Þriðjudagur**

### LEIKLIST

☐ 20.00 **Stúdentaleikhúsið** sýnir **Examinasjón** í gömlu kartöflugeymslunum í **Ártúnsbrekku**. Leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.**

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.10 **Gunnar Hannesson** sagnfræðingur eys úr viskubrunnum sínum í **Þjóðminjasafni Íslands** og kynnir fyrir gestum bræðurna **Gísla** og **Þórð Þorláksson**, biskupa á Hólum og í Skálholti og Lárus Gottrup lögmann og sýslumann á Þingeyrum.

☐ 15.30 Franski fornmannfræðingurinn **Yves Coppens** heldur fyrirlestur í **Hátíðarsal Háskóla Íslands**. Erindi sitt nefnir hann **The origins of Man: a bunch of ancestors**. Erindið er liður í **Pourqoi Pas - frönsku vori** sem nú stendur yfir á Íslandi.

### BÆKUR

☐ 20.00 **Skáldaspírukvöld** í **Eymundsson** í **Austurstræti**. **Benedikt S. Lafleur** les úr nýútkominni bók sinni: **Ný sýn í pólitík**. Í bókinni reifar höfundur hugmyndir sem hann telur geta verið lausnir á þeirri úlfakreppu sem íslensk stjórnmál eru í í dag. Í bók sinni fjallar Benedikt um hin helstu svið mannlegs samfélags og tekur á vanda þeirra, einkum á sviði lýðræði.

### KVIKMYNDASÝNINGAR

☐ 20.00 **Goethe-Institut** gengst fyrir bíósýningum í **Þjóðarbókhlöðunni**. Mynd **Peters Lichtefeld, Leiðarkerfi hjartans ... einn miða til Inari,** frá 1997 verður sýnd en þar segir af hinum óframfærna **Hannesi** sem lært hefur leiðarkerfi járnbrautarlesta landsins utan að og dreymir um að verða heimsmeistari í þeirri íþrótt. Myndin er með þýsku tali en textuð á ensku. Aðgangur er ókeypis.

### SÝNINGAR

☐ 12.00 Í **Listasafni Akureyrar** stendur yfir sýning sýning á ljósmyndaverkum fjórtán alþjóðlegra listamanna sem allir vinna með portrett og sjálfsmyndir. Sýningarstjóri er **Isabelle de Montfumat** og sýningin er liður í **Franska menningarvorinu**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
28. apríl Uppselt
29. apríl Uppselt
3. maí Uppselt
6. maí Laus sæti
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

CAMERATA DRAMMATICA
Tónleikar 28. apríl kl. 20 – Barokktónlist eftir Händel, Corelli o. fl.
Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson og Marta Guðrún Halldórsdóttir — Miðaverð kr. 2.500
SÖNGVARABALL
30. apríl kl. 20 – Veislustjóri: Davíð Ólafsson
Sardas-strengjasveitin, Léttsveit tónlistarskóla Reykjanesbæjar, „Tenórinn" o. fl. góðir gestir — Miðaverð kr. 3.000
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN"
GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fim 3/5 kl. 20 Síðasta sýning
EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Í kvöld kl. 20 Mið 25/4 kl. 20
Síðustu sýningar
LADDI 6-TUGUR
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Lau 5/5 kl. 14 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14
Mán 4/6 kl. 20
SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Mið 25/4 kl.20 UPPS. Lau 28/4 kl.20 UPPS.
Sun 29/4 kl. UPPS. Fim 3/5kl.20 UPPS.
Sun 6/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 20 UPPS.
Fös 11/5 kl. 20 UPPS. Lau 12/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20 Lau 26/5 kl. 20
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 2/5 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING
DAGUR VONAR
Fim 26/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Mið 16/5 kl. 20
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20
Lau 26/5 kl. 20
KARÍUS OG BAKTUS
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Leg





Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 29/4 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00, nokkur sæti laus.
Síðustu sýningar!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fim. 26/4 örfá sæti laus, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 nokkur sæti laus, fös. 4/5, lau. 5/5, fös. 11/5, lau. 19/5.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
HÁTÍÐARSÝNING FÍLD - félags íslenskra listdansara
Mið. 25/4 kl. 20:00. Miðaverð kr. 2.200,-. Fyrir dansnema kr. 1.800,-
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Fös. 27/4 örfá sæti laus, lau. 5/5 nokkur sæti laus, sun. 13/5, fös. 18/5. Umræður eftir sýningu með Sveini Rúnari Haukssyni 27/4 og 5/5.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Fim. 26/4 uppselt, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 örfá sæti laus, sun. 29/4 uppselt, fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 uppselt, lau. 5/5 uppselt, sun. 6/5 uppselt. sun. 13/5 uppselt, fös. 18/5 uppselt, lau. 19/5,fim. 24/5.
Kúlan
MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Sun. 29/4 kl. 15:00. Aðeins þessar sýningar!
Í SKÓLA TÍMANS - Leikin dagskrá Sigurðar Skúlasonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur.
Lau. 28/4 kl. 17:00 uppselt, þri. 1/5 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 2/5 kl. 20:00 nokkur sæti laus. Aðeins þessar þrjár sýningar!
Þjóðleikhúskjallarinn
LEIKFÉLAGIÐ HUGLEIKUR - Þetta mánaðarlega.
Fim. 26/4. Sýning hefst kl. 21:00. Miðaverð kr. 1.000,-
Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00
á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00.
Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
28. apríl lau. 10 sýning kl. 20
5. maí lau. 11 sýning kl. 20
12. maí lau. 12 sýning kl. 20
Síðustu sýningar!
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Viðburðir Landnámsseturs í apríl
fö 27. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
lau. 28.apríl kl 16 aukasýning
Mr. Skallagrímsson uppselt
lau. 28. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
su. 29 aprríl kl. 16 aukasýning
Mr. Skallagrímsson uppselt
su 29. apríl kl. 20
KK og Einar Laus sæti
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 29. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun. 6. maí kl. 14.00
Sun. 13. maí kl. 14.00
Athugið - Sýningum lýkur í maí!
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

# STOFNUN FÉLAGS KVENNA Í FRJÁLSLYNDA FLOKKNUM

## kl. 20.00 í kvöld Skeifunni 7. Allir velkomnir!



**Markmið og tilgangur félagsins er að þjappa saman konum innan Frjálslynda flokksins og að undirstrika sýn kvenna á hin margvíslegu málefni sem Frjálslyndi flokkurinn lætur sig varða.**



**Ég er „þetta fólk“, Sabine Leskopf verkefnisstjóri túlka- og þýðingarþjónustu Alþjóðahússins segir frá reynslu sinni sem nýbúa hér á landi.**



**Fjölmiðlar og yfirvöld á Íslandi, Arnþrúður Karlsdóttir, eini kvenútvarpsstjórinn á Norðurlöndum, fjallar um fjölmiðla og yfirvöld.**



**Fundarstjóri verður Kolbrún Stefánsdóttir, oddviti í Suðvesturkjördæmi ritari Frjálslynda flokksins.**

Félag kvenna innan Frjálslynda flokksins mun stuðla að því að vera einskonar bakvarðasveit fyrir þingmenn og sveitarstjórnamenn flokksins til þess að tryggja að hugmyndafræði kvenna innan flokksins fái að njóta sín á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Boðið verður upp á tónlist og léttar veitingar. Allar konur fá gjafir frá Guinot, bláa rós og lukkumiða.

***Kjóstu F!***
*forysta fyrir íslenska þjóð*

**XF**
Frjálslyndi flokkurinn

**www.xf.is**

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Orðaður við ljósbláa mynd

**Stefán Karl Stefánsson var á dögunum orðaður við hlutverk í ljósblárri fullorðinskvikmynd. Hann kannast ekkert við myndina.**

Stefán Karl Stefánsson er sem kunnugt er búsettur í Los Angeles og er einn fjölmargra íslenskra leikara sem hefur ferilsskrá á vefsíðunni imdb.com. Þar er hins vegar margt skrifað og sagt sem á sér litla stoð í raunveruleikanum og fyrir skömmu var hann sagður hafa leikið í kvikmynd sem bar þann virðulega titil Berlín. „Ég kannaðist ekkert við þetta og ákvað að kíkja aðeins betur á málið. Þá kom í ljós að þetta var ljósblá fullorðinskvikmynd og ég þurfti að setja lögfræðiteymi í gang til að leiðrétta þetta í snatri,“ sagði Stefán sem varð þó ekki meint af rangfærslunni þótt eflaust hefði orðið uppi fótur og fit í hinni siðvöndu Ameríku ef frést ist að aðalstjarnan í Latabæ hefði verið orðuð við klám.

Og það er fleira sem vekur undran og forvitni því í sérstöku æviágripi leikarans er hann sagður vera með einleik í smíðum sem á að frumsýna í Los Angeles á þessu ári auk sjónvarpsþáttar. „Ég kannast bara ekkert við þetta enda er lítið fylgst með því sem er sett þarna inn,“ útskýrir Stefán.

Þótt sjónvarpsþáttur og gamanleikur séu fjarri raunveruleikanum situr Stefán ekki auðum höndum heldur eru forvarnarsamtökin Regnbogabörn að færa út kvíarnar og senn kemur að því að útibú verður opnað í Kanada. „Við erum að ráða aukamannskap á Íslandi enda er mikil eftirspurn eftir aðstoð og hjálp frá krökkum sem vita ekkert hvernig þau eiga að takast á við sinn vanda,“ útskýrir Stefán Karl. - fgg



**STEFÁN KARL** Er að opna nýtt útibú Regnbogabarna í Kanada enda segir hann mikla eftirspurn eftir hjálp og aðstoð frá krökkum sem hafa lent í einelti.



**ERIC BANA** Leikarinn heimsfrægi undir stýri í myndinni Munich.

# Bana slapp ómeiddur

Leikarinn Eric Bana slapp ómeiddur þegar hann ók rallíbíl sínum á tré ásamt aðstoðarökumanni sínum í Ástralíu um síðustu helgi. Óku þeir Ford-bíl frá árinu 1974 í kappakstri sem nefnist Targa Tasmania.

Hinn 38 ára Bana og félagi hans voru í 53. sæti af 115 bílum þegar áreksturinn varð. „Okkur hafði gengið mjög vel fram að þessu. Ég misreiknaði vinstri beygju og fór of hratt í hana,“ sagði Bana. Hann hefur leikið í myndum á borð við Hulk, Munich og nú síðast Lucky You á móti Drew Barrymore.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



# Fegurðin gerð meira áberandi

**Franska ofurhljómsveitin Nouvelle Vague heldur tónleika hér á landi næstkomandi föstudagskvöld. Hljómsveitin hefur vakið athygli fyrir frumlegar ábreiður sínar en *Steinþór Helgi Arnsteinsson* ræddi á dögunum við Marc Collin, aðalhugmyndasmið sveitarinnar.**

Að sjálfsögðu hófst viðtalið á því að Marc svaraði því hvernig ævintýrið hófst allt saman. „Þegar ég byrjaði að hlusta aftur á gömlu lögin [post-pönk lögin sem hljómsveitin nær að endurlífga svo snyrtilega] sem ég hlustaði svo mikið á þegar ég var táningur, áttaði ég mig á því að lögin eru svo falleg og afar klassísk. Ég vildi því sýna fólki að þrátt fyrir að þessar sveitir hafi sprottið út frá pönkinu þá sömdu þær falleg lög og að hægt væri að útsetja þau á annan, skilvirkari hátt til þess að sýna það. Þetta er ekki bara tengt nostalgíu. Eða jú, að sjálfsögðu að einhverju leyti, en að öðru leyti er ég að búa til eitthvað sem er persónulegt og nýtt við lögin.“

*En var þetta eingöngu gert til þess að sýna fram á fegurðina á bak við lagasmíðar post-pönk tímabilsins, hvað með boðskapinn sem vissulega skipti þessa listamenn svo miklu máli?*

„Hvort tveggja, við náttúrlega breytum ekki textunum og það er kannski það sem gerir þetta svo áhugavert. Við erum þarna með lög eins og Love Will Tear Us Apart, Too Drunk to Fuck, Guns of Brixton og svo framvegis en lögin eru svo allt öðruvísi þannig að textarnir fá kannski nýja merkingu, sérstaklega líka af því að lögin eru sungin af konum.“ Marc segir jafnframt að hann hafi fengið konur sem þekktu ekki einu sinni lögin og þess vegna voru þær algjörlega ferskar og örlítið naívar gagnvart því sem hann bað þær um að gera. Hann telur einnig að það hafi hjálpað sveitinni örlítið að koma frá Frakklandi, hreimurinn spilli ekki fyrir. „Ég hugsa samt lítið um þennan uppruna okkar en ég skil alveg að aðrir geri það. [...] Þetta gæti líka gengið ef við værum frá, til dæmis, Brasilíu.“

*Samt kannski ekki ef þið væruð frá Íslandi?*

„(Hlátur) Jú jú, af hverju ekki?“

*En hversu langt er hægt að teygja þessa hugmynd um að setja post-pönk slagara í rólegri og kynþokkafyllri útgáfur?*

„Það er enn til efni sem ég vil vinna með eins og Japan, The Stranglers og Sex Pistols. Ég er rendar með nýtt verkefni í gangi um þessar mundir. Þar er ég að taka lög úr kvikmyndum frá níunda áratugnum, þú veist, þessa risa, risa, risaslagara, til dæmis úr Top Gun, Flashdance og þannig.“

Marc býst við að sveitin muni telja átta til tíu manns þegar hún spilar í Listasafni Reykjavíkur næsta föstudagskvöld og segist svo sannarlega ætla að reyna að skapa eftirminnilega tónleika. „Tónleikarnir okkar eru þó öðruvísi, við erum ekki að reyna að endurskapa plöturnar. Þetta eru samt auðvitað sömu lögin og hljóðheimur Nouvelle Vague en það er mikil orka og fólki virðist líka vel við þetta.“



**KYNÞOKKINN UPPMÁLAÐUR** Nouvelle Vague sló í gegn árið 2005 fyrir ábreiður sínar af gömlum post-pönk og nýbylgjuslögurum sem settir voru í kynþokkafullan bossanova búning.




4,5%

**Ný helmingaskipt húsnæðislán með lægri vöxtum**

**50% erlendar lágvaxtamyntir - 50% íslenskar krónur.** Þannig færðu lánið á lægri vöxtum en býrð við mun minni gengisáhættu en ef lánið væri 100% í erlendri mynt. Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í útibúum Glitnis eða í þjónustuveri í síma 440 4000.

| SAMANBURÐUR Á LÁNUM | VEXTIR | GENGISÁHÆTTA | GREIÐSLUBYRÐI | EIGNAMYNDUN |
|---|---|---|---|---|
| 100% íslenskar krónur** | 4,95% | Engin | Lág | Hæg |
| NÝTT HELMINGASKIPT LÁN*** | 4,50%* | Hófleg | Lág | Í meðallagi |
| 100% erlend myntkarfa**** | 6,14%* | Mikil | Há | Hröð |

* M.v. vaxtatöflu og 1 mánaða libor vexti 13.04.2007 ** Verðtryggt jafngreiðslulán
*** 50% íslenskar krónur / 50% erlent lán í CHF og JPY **** EUR, USD, GBP, CHF og JPY

GLITNIR




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 5.50, 8 og 10. 10 B.I. 18 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 SÝND Í LÚXUS | kl. 5.50, 8 og 10. 10 |
| PERFECT STRANGER | kl. 5.30, 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| MR. BEAN'S HOLIDAY | kl. 5, 7 og 9 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 |
| TMNT | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| SCHOOL FOR SCOUNDRELS | kl. 3.40 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 6, 8 og 10 B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 5.30, 8 og 10. 30 B.I. 16 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| THE SCIENCE OF SLEEP | kl. 8 og 10 B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |
| TMNT | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| SHOOTER | kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 |
| TMNT | kl. 6 |

MIÐASALA Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Vel heppnuð hringferð

Tónleikaferð Lay Low, Péturs Ben og Ólafar Arnalds, undir nafninu Rás 2 plokkar hringinn, er rúmlega hálfnuð og hefur hún gengið mjög vel. Egilsstaðir, Akureyri, Hrísey og Stokkseyri eru að baki og í kvöld liggur leiðin til Bolungarvíkur, þar sem Skriðurnar koma einnig fram.

Þetta er annað árið í röð sem Rás 2 stendur fyrir tónleikaferð um landið. Í fyrra var rokkað hringinn með Ampop, Diktu og Hermigervli.



**Í HRÍSEY** Lay Low á tónleikunum í Hrísey sem voru haldnir á veitingahúsinu Brekku. MYND/BALDUR DÝRFJÖRÐ

Helsti tilgangur ferðarinnar er að gefa tónlistaráhugafólki á landsbyggðinni tækifæri til að sjá og heyra fremsta tónlistarfólk landsins af yngri kynslóðinni í heimabyggð.

Tónleikarnir í Bolungarvík hefjast klukkan 21.00 í kvöld. Á fimmtudag er ferðinni síðan heitið á Hótel Barbró á Akranesi og lokatónleikarnir verða á Nasa á föstudagskvöld.

# Auglýsing gegn Íraksstríðinu

Leikstjórinn frægi Oliver Stone ætlar að leikstýra auglýsingu þar sem bandarísk stjórnvöld eru hvött til þess að draga herlið sitt frá Írak. Auglýsingin er hluti af stórri auglýsingaherferð vegna málefnisins. Í henni tala bandarískir hermenn eða skyldmenni þeirra um áhrifamátt stríðsins.



**OLIVER STONE** Stone vil láta draga bandaríska herliðið frá Írak.

„Bandaríkin þurfa að hlusta á hermennina sína," sagði Stone. „Leiðtogarnir í Washington segjast styðja við bakið á hermönnunum en þeir sem þjást mest vegna stefnumála þeirra eru hermennirnir sjálfir. Ég vildi taka þátt í þessu verkefni vegna þess að sem fyrrverandi hermaður veit ég að Bandaríkjamenn þurfa að hlusta á hermenn sína."

Stone var heiðraður með Purpurahjartanu þegar hann barðist í Víetnamstríðinu. Byggði hann mynd sína Platoon á þeirri reynslu. Hann hefur einnig leikstýrt myndum á borð við Born on the Fourth of July, JFK, Natural Born Killers og World Trade Center.

# Branson tekinn út

Breska flugfélagið British Airways hefur klippt út atriði með eiganda samkeppnisaðilans Virgin Atlantic, Sir Richard Branson, úr James Bond-myndinni Casino Royale.

Í atriðinu sést Branson ganga í gegnum öryggishlið á flugvelli. Fannst yfirmönnum British Airways ekki við hæfi að sýna atriðið í flugvélum sínum og ákváðu að klippa það út. Einnig létu þeir skyggja yfir merki Virgin í öðru atriði þar sem flugvél fyrirtækisins sést í bakgrunni.



**RICHARD BRANSON** Breski auðjöfurinn fór með feluhlutverk í James Bond-myndinni Casino Royale.

Branson fékk feluhlutverkið eftir að hann lánaði flugvél sína fyrir tökur myndarinnar.

„Við höfum fullan rétt á að klippa myndir og mörgum þeirra er breytt á einhvern hátt um borð," sagði talsmaður British Airways. Talsmaður Virgin var ekki á sama máli: „Við teljum að farþegar eigi að fá að sjá alla myndina og ekkert annað."

British Airways og Virgin Atlantic hafa háð harða samkeppni síðan Virgin fór fyrst að fljúga yfir Atlantshafið árið 1984 og sér ekki fyrir endann á henni.



**JAMES BOND** Daniel Craig fer með aðalhlutverkið í James Bond.


GÓÐIR ÍSLENDINGAR

- erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði

MORGUNVERÐARFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS Á GRAND HÓTEL

**Miðvikudaginn 25.apríl 2007**
**kl. 8:00-10:00**



**Framsögur:**

**Rannveig Sigurðardóttir**
forstöðumaður greiningardeildar
Seðlabanka Íslands

**Ragnar Árnason**
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA

**Sólveig Jónasdóttir**
verkefnastjóri, Alþjóðahúsi

**Umræður**

**Fundarstjóri: Vilhjálmur Egilsson**
framkvæmdastjóri SA

**Þátttökugjald kr. 1.500**
með morgunverði

**Skráning á www.sa.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



Hátíðni rafsuðuvélar

Taka allt að 4 mm vír. Handhægar - aðeins um 5 kg. Flott verð.



ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is








**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BREACH | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 5:50 - 8:10 | Leyfð |
| TÍMAMÓT | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð | MRS POTTER | Engin sýning í dag | Leyfð |
| THE GOOD SHEPERD | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | 300. | kl.10:30 | B.i.16 |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SHOOTER | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.16 | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | Leyfð |
| SHOOTER VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | | ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| THE GOOD SHEPERD | kl. 8 - 10:40 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | b.i 7 |
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i.16 | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| BREACH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.12 | |
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i.16 | |
| ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE R... M/- ENSKU | kl. 8:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10 | B.i.16 | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| SHOOTER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| HOT FUZZ | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |

www.SAMbio.is

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BECAUSE I SAID SO | kl. 8 - 10:20 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSSON | kl 6 | Leyfð |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 6 | Leyfð |
| THE MESSENGERS | kl. 8 - 10 | B.i.16 |

www.SAMbio.is ✆ 575 8900 www.SAMbio.is


# Fullorðnir Suðurríkjastrákar

Kings of Leon hafa lengi heillað mig með kæruleysislegu Suðurríkjarokki sínu; einfalt, grípandi og skemmtilegt. Pottþétt blanda. Á þriðju plötu sinni eru Followill-bræðurnir og frændinn hins vegar töluvert alvarlegri. Greinilegt að nú ætla menn að gera „þroskaðri“ plötu. Týpískt viðfangsefni listamanna á annarri til þriðju plötu sinni.

En Kings of Leon tekst hins vegar furðu vel upp. Kæruleysið er ekki algjörlega á bak og burt og birtist okkur helst í textunum sem halda áfram að vera jafn ferlega redneck-legir (Born / In West Virginia oh no / Married / To the preacher oh no / Why she's always looking at me). Lagasmíðarnar eru svo sannarlega meira fullorðins, ef þannig má að orði komast, en ég er ekki viss um að það henti Kings of Leon betur.

Gítarpælingar sveitarinnar eru greinilega það sem sveitin hefur mest gælt við og oft á tíðum ganga þær fullkomlega upp og endurspeglast í algjörum háklassalögum á borð við Charmer, McFearless, True Love Way og On Call. Á öðrum stöðum virkar sveitin hálfklisjukennd og ræður greinilega ekki við verkefnið. Seinni hluti plötunnar er þannig sérstaklega óeftirminnilegur og rennur á tímum saman í gallsúran rúgbrauðsgraut. Tvö síðustu lögin, Camaro og Arizona (fíla líka þessi lagaheiti. Kings of Leon er ein af fáum hljómsveitum sem kemst upp með þetta án þess að vera hallærisleg), eru til bjargar. Spilamennskan heldur líka áfram að vera til fyrirmyndar og sem fyrr er söngurinn algjörlega framúrskarandi.

Platan gefur aukna vídd í hljóðheim Kings of Leon og sannar kannski best að þessir piltar eru öngvir aukvisar. Eins og fyrr verður því gaman að fylgjast með næstu skrefum hljómsveitarinnar. Mæli reyndar að lokum með tónleikum sveitarinnar sem eru einkar þéttir. **Steinþór Helgi Arnsteinsson**




**TÓNLIST**

**Because of the Times**

Kings of Leon

★★★

Farið er í aðrar áttir en á fyrri plötum sveitarinnar. Stundum tekst þeim frábærlega en á öðrum stöðum er platan ekki upp á marga fiska.



**KINGS OF LEON** Suðurríkjastrákarnir fara í aðrar áttir á þriðju plötu sinni. Stundum tekst þeim vel til en ekki eru öll lögin jafn vel heppnuð.

# Producers kveður

Söngleikurinn The Producers, sem er byggður á samnefndri kvikmynd Mel Brooks, hefur lokið göngu sinni á Broadway eftir rúmlega 2.500 sýningar. „Þetta hafa verið sex gleðileg ár og þið áhorfendur hafið staðið ykkur frábærlega í því að aðstoða okkur við þessa vel heppnuðu lokasýningu,“ sagði Mel Brooks.

The Producers fjallar um tvo framleiðendur sem setja upp misheppnað leikrit um Adolf Hitler. Nathan Lane og Matthew Broderick fóru upphaflega með aðalhlutverkin í söngleiknum og léku einnig í endurgerð myndarinnar.



**THE PRODUCERS** Nathan Lane og Matthew Broderick í endurgerðu kvikmyndinni The Producers.





EILÍF HAMINGJA

Fyrsta íslenska millistjórnendadramað

SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU

★★★★ Fyndin hugmynd útfærð á frumlegan hátt með frábærum leikurum. Fréttablaðið

TILBOÐ 2 FYRIR 1

Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.

GLITNIR

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI


# Turner og Flip í stuði

Rapparinn Prozack Turner úr hljómsveitinni Foreign Legion og Dj Flip, sem er fyrrverandi heimsmeistari ITF í skratsi, halda tónleika á skemmtistaðnum Domo í kvöld.

Prozack Turner sendi nýlega frá sér sólóplötuna Bang A Thon, þar sem Brother Ali, Buckle Bros og Marc Stretch úr Foreign Legion eru gestarapparar. Dj Flip er eigandi Lucky Charm Records og er frá Írlandi. Hann er á leið í Evrópuför með Buck 65 til að kynna plötuna Dirk Thornton.

Original Melody hitar upp í kvöld. Húsið verður opnað klukkan 21.00 og kostar 1.000 krónur inn.



**DJ FLIP** Dj Flip treður upp á Domo í kvöld ásamt Prozack Turner.





2 fyrir 1 í bíó




Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Borgarbíó Akureyri og Laugarásbíó mánudaga til fimmtudaga gegn framvísun Námukortsins.

Tilboðið gildir ekki í lúxussal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

## > Deildarbikarinn hefst í dag

Í dag hefst keppni í deildarbikarkeppni HSÍ þegar fjögur efstu liðin í DHL-deild kvenna mætast í fyrstu leikjum undanúrslitarimmna sinna. Meistarar Stjörnunnar taka á móti Haukum í Ásgarði en Valur mætir Gróttu á Seltjarnarnesi. Tvo sigra þarf til að komast í úrslitin sem fara fram í næstu viku. Keppnin hjá körlunum hefst svo á morgun.



**sport**

sport@frettabladid.is

VALDIMAR ÞÓRSSON: MARKAHÆSTI LEIKMAÐUR DHL-DEILDAR KARLA ER SAMNINGSLAUS

# *Hefur áhuga á atvinnumennsku*

Valdimar Þórsson, leikmaður handboltaliðs HK, hefur átt góðu gengi að fagna í ár. Lið hans náði öðru sæti í DHL-deild karla en hann var langmarkahæsti leikmaður deildarinnar með 162 mörk í 21 leik. Hann var einnig valinn í íslenska landsliðið sem tók þátt í æfingamóti í París um páskana.

Hann er nú samningslaus og í samtali við Fréttablaðið segist hann vera að skoða þá möguleika sem standi honum til boða. Hann hafi áhuga á atvinnumennsku en sé þó vandfýsinn.

„Ég ætla ekki að troða mér út sama hvað það kostar. Ef það er eitthvað spennandi sem kemur upp á yfirborðið mun ég skoða það þegar þar að kemur," sagði hann. „Ég hef eitthvað heyrt um áhuga einhverra liða en ekkert meira hefur gerst í þeim málum hingað til."

Hann segir einnig að landsliðssætið hafi gefið honum tækifæri til að sýna sig. „Þetta var góður gluggi fyrir mig og sjálfsagt hafa margir fylgst með mér í þessum leikjum. En það er líka alveg ljóst að ég hef engan áhuga á því að prófa atvinnumennsku og koma svo strax aftur heim eftir hálft ár. Það þætti mér ekki mjög spennandi."

Til greina kemur einnig að halda áfram að spila í íslensku deildinni og ætlar Valdimar að ræða við forráðamenn HK um nýjan samning. „Þeir hafa rætt við mig og ef ég verð áfram hér er ólíklegt að ég komi til með að spila með öðrum liðum en HK."

Annars stefnir í að HK muni halda öllum sínum leikmönnum eftir því sem Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari liðsins, segir. Spurður um hvort hann og þjálfarinn Miglius Astrauskas verði áfram við stjórn liðsins segir hann að það sé líklegt. „Það hefur ekki verið gengið frá neinu en það er líklegt. Einnig að erlendu leikmennirnir okkar verði áfram," sagði hann og átti þar við Egidijus Petkevicius, Tomas Eitutis, Sergey Petraitis og Augustas Strazdas.






# Sjö fastamenn eru meiddir

**Manchester United leikur fyrri undanúrslitaleik sinn við AC Milan í Meistaradeildinni í fótbolta í kvöld án manna eins og Rio Ferdinand, Louis Saha, Park Ji-sung, Mikael Silvestre og Nemanja Vidic, sem eru allir meiddir.**

**FÓTBOLTI** Það reynir á varnarlínu Manchester United á Old Trafford í kvöld þegar liðið tekur á móti ítalska liðinu AC Milan í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. United mætir til leiks án fjögurra sterkra varnarmanna því Rio Ferdinand, Gary Neville, Mikael Silvestre og Nemanja Vidic eru allir meiddir. Auk þeirra verða Kieran Richardson, Park Ji-sung og Louis Saha ekki með og liðið því án sjö fastamanna í stærsta leik tímabilsins til þessa.

„Við höfum áhyggjur af stöðunni á einum eða tveimur leikmönnum en ég óttast samt ekkert. Það verða mikilvægir leikmenn klárir í þennan leik og aðalvandamálið er kannski þunnskipaður varamannabekkur," sagði Alex Ferguson, stjóri Man. Utd. Það er ekki víst hvernig Sir Alex Ferguson leggur upp varnarleikinn. Ein leiðin væri fyrir hann að treysta því að Cristiano Ronaldo, Ryan Giggs og Wayne Rooney sjá til þess að Milan-menn sjá lítið af boltanum alveg eins og landar þeirra í Roma sem töpuðu 7-1 á Old Trafford í átta liða úrslitunum.

Carlo Ancelotti, þjálfari Milan, er bjartsýnn fyrir leikinn. „Svona leikir snúast um yfirvegun og hugrekki og þá kosti má finna hjá mínum mönnum. Í liðinu eru leikmenn sem hafa mikla alþjóðlega reynslu og það er ekki slæmt að eiga Paolo Maldini að á stundum sem þessum," sagði Ancelotti og hinn 38 ára gamli Maldini var líka fullur sjálfstrausts. „Við erum ekki hræddir og vitum að einn af okkar mestu kostum er hversu liðið er sterkt andlega. Ég sjálfur fagna því sérstaklega að fá tækifæri til þess að spila svona stóran leik á Englandi þar sem andrúmsloftið er engu líkt," sagði Maldini.

„Það er ekki hægt að líta framhjá því að leikmenn AC Milan eru gríðarlega sterkir. Við ætlum að láta reyna á þá og fyrir okkur snýst þessi leikur um að skora mark og halda markinu hreinu. Þar liggur okkar möguleiki og okkar markmið," sagði Sir Alex.

Manchester komst síðast í úrslitaleikinn 1999 og sló þá ítalska liðið Juventus úr úr undanúrslitunum eftir að hafa gert 1-1 jafntefli á Old Trafford í fyrri leiknum. AC Milan var í úrslitaleiknum fyrir tveimur árum en tapaði þá fyrir Liverpool. Leikurinn hefst klukkan 18.45 og er í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn.

ooj@frettabladid.is



**STUTT GAMAN** Rio Ferdinand og Kieran Richardson fagna hér marki hins síðarnefnda á 3. mínútu gegn Middlesbrough um helgina en báðir áttu þeir eftir að meiðast seinna í leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fjórðungsúrslit deildarbikarkeppni karla í gær:

# HK vann KR í vító

**FÓTBOLTI** Fjórðungsúrslit deildarbikarkeppni karla fóru fram í gærkvöldi. Eftir leikina er ljóst að Víkingur og Valur munu mætast í undanúrslitum sem og HK og FH. Undanúrslitin fara fram á föstudaginn kemur.

HK vann KR eftir framlengdan leik og æsispennandi vítaspyrnukeppni þar, alls þurfti að taka 22 spyrnur. HK hafði að lokum sigur, 9-8 samtals.

Jóhann Þórhallsson kom KR yfir á upphafsmínútunum er hann komst í gegnum vörn HK eftir stungusendingu Guðmundar Reynis Guðmundssonar. Jón Þ. Stefánsson jafnaði metin undir lok hálfleiksins með skoti af stuttu færi eftir hornspyrnu.

Ekkert var skorað í síðari hálfleik né framlengingunni þrátt fyrir ágæt færi. Það besta fékk varamaðurinn Björgólfur Takefusa er hann skaut hátt yfir af afar stuttu færi.

KR-ingurinn Atli Jóhannsson fékk að líta rauða spjaldið í síðari hálfleik og því var KR aðeins með tíu leikmenn í vítaspyrnukeppninni. Þegar kom að elleftu umferðinni þurfti Pétur Marteinsson að stíga aftur á vítapunktinn en hann hafði skorað fyrir KR í fyrstu umferðinni. Gunnleifur Gunnleifsson varði alls þrjár spyrnur í keppninni, þar af eina frá Pétri. Ólafur V. Júlíusson skoraði svo úr lokaspyrnunni og tryggði HK sigur.

Breiðablik, sem vann alla sína leiki í riðlakeppninni, tapaði í gær fyrir Víkingi, 2-1. Valur vann Keflavík, 3-1 og FH vann Fram, einnig 3-1. - esá



**GLAÐIR HK-MENN** Nýliðarnir í Landsbankadeildinni fagna marki sínu í venjulegum leiktíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**TRAUSTUR** Jeb Ivey hefur átt farsælan feril á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express-deild karla:

# Ivey ekki áfram

**KÖRFUBOLTI Bandaríski bakvörðurinn Jeb Ivey verður að öllum líkindum ekki á Íslandi næsta vetur en þessi mesta skytta Iceland Express-deildarinnar í vetur er nú í reynslu hjá þýska liðinu Ulm og stefnir á að næla sér í samning fyrir næsta tímabil. Jeb Ivey var að klára sitt fjórða tímabil á Íslandi en hann kom fyrst til KFÍ 2003-2004, spilaði með Fjölni 2004-5 og hefur síðan verið í herbúðum Njarðvíkur undanfarin tvö tímabil.** - óój




DYNAMO REYKJAVÍK

# Íbúðalán fyrir þig!

Hafðu samband í síma **575 4000** eða á **byr.is** og við hjálpum þér að eignast þína eigin íbúð*.
Og það verður nýja íbúðin þín, bara þín!

BYR SPARISJÓÐUR

**BYR** - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.

## > SEAN PENN

Þótt Sean haldi einkalífinu fyrir sig hefur hann ekki legið á pólitískum skoðunum sínum í fjölmiðlum. Árið 2002 setti hann 5 milljóna króna auglýsingu í Washington Post þar sem hann bað Bush um að enda vítahring ofbeldis. Auglýsingin birtist sem bréf til forsetans þar sem Sean fjallaði um „stríðið gegn hryðjuverkum". Hann gagnrýndi ríkisstjórnina meðal annars fyrir að einfalda hlutina og skipta heiminum niður í hið góða og hið vonda.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ÓTTAST ÓFARIR GAMALLA VINA

# *Friends fyrir fullorðna*

Vinir, eða Friends eins og ég kýs enn að kalla þættina, eru að mínu mati bestu gamanþættir allra tíma. Eru, segi ég, því að þeir lifa enn góðu lífi í mínu sjónvarpsglápi, þó að einhverjir vildu örugglega nota þátíð um vinagengið góða.

Þegar Vinir hurfu af skjánum óttaðist ég ótæpilega að leikararnir sem ég var orðin svo vel kunnug hyrfu jafnframt af sjónarsviðinu. Það leið þó ekki á löngu þangað til ég var farin að óska þess að þau hefðu í raun og veru horfið, í staðinn fyrir að taka að sér hlutverk í nokkrum pínlegustu þáttaröðum sem ég hef séð. Joey, þá á ég við þáttaröðina, var hreinlega sársaukafull. Ekki gat ég horft á The Comeback heldur. Mér tókst hins vegar að leiða særindin hjá mér, enda höfðu Joey og Phoebe aldrei verið í uppáhaldi hjá mér. Það var hins vegar Matthew Perry, í hlutverki Chandlers. Ég dauðkveið því að hann tæki að sér hlutverk í einhverjum ömurlegum þætti á borð við hina tvo. En, aldrei þessu vant var ég bænheyrð af sjónvarpsgyðjunni.



Þegar Perry kom fram á sjónarsviðið aftur var það í hlutverki Matts Albie í Studio 60 on the Sunset Strip. Það er einhver frambærilegasta þáttaröð seinni tíma. Hún er skemmtileg án þess að stuðla að heiladauða og skartar einvalaliði leikara. Handritið er vel skrifað, hún er vel tekin … Hún er bara góð í alla staði.

Eftirgrennslan á netinu hefur hins vegar leitt í ljós að framtíð þáttaraðarinnar er óráðin. Hún hefur verið tekin af dagskrá NBC í bili og það er alveg óvíst hvort hún snýr aftur á skjáinn. Ég ætla að treina mér síðasta þáttinn í bili og vona að Studio 60 fái að standa. Þeir gætu orðið Friends fyrir fullorðna.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.40** Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ **22.20** The Unit STÖÐ 2



▶ **16.00** De-Lovely STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.55** Entertainment Tonight SIRKUS



▶ **20.00** Queer Eye for the Straight Guy SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.00 Alþingiskosningar 2007 - Kjördæmin** (2:6) e.
**16.05 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** (2:4) e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Franklín** (71:78)
**18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós - Borgarafundur** Í þættinum í kvöld verður borgarafundur um félags- og menntamál.
▶**20.40 Everwood** (10:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.
**21.30 Talið í Söngvakeppni** (1:3) Í þáttunum er hitað upp fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 10. og 12. maí.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin** (1:10) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Meðal leikenda eru Peter Firth, Rupert Penry-Jones og Miranda Raison. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Frances Tuesday** (1:2) Bresk spennumynd í tveimur hlutum frá 2004. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.
**00.35 Kastljós - Borgarafundur**
**01.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Shaolin Soccer**
**08.00 Elizabeth Taylor: Facets**
**10.00 De-Lovely**
**12.05 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**14.00 Elizabeth Taylor: Facets**
▶**16.00 De-Lovely**
**18.05 Miss Congeniality 2:Armed and**
**20.00 Shaolin Soccer** Skemmtileg kvikmynd um liðsmenn fótboltaliðs sem beita afar óvenjulegum aðferðum á vellinum.
**22.00 21 Grams**
**00.00 Dahmer**
**02.00 Prophecy II**
**04.00 21 Grams**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Most Haunted** (7:20)
**10.50 Fresh Prince of Bel Air 4**
**11.15 Strong Medicine** (17:22)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas** (13:23)
**14.40 Veggfóður** (14:20)
**15.25 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.50 Nornafélagið**
**16.13 Shin Chan**
**16.38 Horance og Tína**
**17.03 Taz-Mania 1**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (5:22)
**20.05 The Apprentice** (10:15) Áskorun keppenda að þessu sinni er að búa til kynningarherferð fyrir einn af helstu ferðamannastöðum New York-borgar.
**20.50 Shark** (16:22) Nýir bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjórnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari.
**21.35 Las Vegas NÝTT** (2:17)
▶**22.20 The Unit** Önnur þáttaröð þessa vinsælu þáttaraðar sem fjallar um störf leynilegrar úrvalsveitar innan bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu sendiferðir sem upp koma. (3:18)
**23.05 Twenty Four** (14:24)
**23.55 Crossing Jordan** (21:21)
**00.40 Cold Case** (14:24)
**01.25 Shaun of the Dead**
**03.00 Auberge espagnole, L/Spanish apartment**
**05.00 The Simpsons (5:22)**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.20 Seinfeld** (24:24) (e) Lokaþáttur gamanþáttaraðarinnar vinsælu.
▶**19.55 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum.
**20.50 Gene Simmons: Family Jewels** (Sexercise)
**21.15 The Nine** Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Par er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem engin nema þau sem haldið var í bankanum skilja.
**22.00 American Idol** (30:41) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol en nú eru aðeins þeir bestu eftir. Dómarar eru ekki lengur með völdin og því þurfa keppendur að leggja enn harðar að sér til að vinna hylli almennings. Síðustu sjö stíga á svið og syngja fyrir lífi sínu í keppninni.
**22.45 American Idol** (31:41)
**23.10 Dirty Dancing**
**00.05 Seinfeld** (24:24) (e)
**00.35 Entertainment Tonight** (e)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.5 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Skólahreysti** (12:12) (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Snocross** Íslenskir snjósleðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir. Keppendur þurfa að glíma við erfiðar brautir og keppnin hefur aldrei verið eins spennandi.
▶**20.00 Queer Eye for the Straight Guy NÝTT** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess.
**22.00 Close to Home** (18:22) Lögfræðidrama af bestu gerð.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Debra verður snarbrjáluð þegar hún finnur tunnu heima hjá sér en þessa tunnu sagði hún Marie að hún vildi ekki sjá í sínum húsum.
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Heroes** (e)
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Beverly Hills 90210** (e)
**02.40 Melrose Place** (e)
**03.25 Vörutorg**
**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Að leikslokum** (e)
**08.00 Þrumuskot** (e)
**14.00 Fulham - Blackburn** (frá 21. apríl)
**16.00 Palermo - Parma** (frá 22. apríl)
**18.00 Þrumuskot** (e)
**19.00 Liverpool - Wigan** (frá 21. apríl)
**21.00 Man.Utd-Middlesbrough**(21.apríl)
**23.00 Að leikslokum** (e)
**00.00 Ítölsku mörkin** (e)
**01.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### Shark



Nýir bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi fræga fólksins. Hinn margverðlaunaði skapgerðarleikari James Woods fer á kostum í hlutverki saksóknarans sem sækir hörkulega glæpamenn til saka á milli þess sem hann reynir að ala upp táningsdóttur sína. Í þætti kvöldsins samþykkir Stark með semingi að aðstoða vin sinn þegar hann kemur að honum með kvenmannslík í íbúðinni sinni en hann á eftir að sjá eftir því.

### ▶ Við mælum með Njósnadeildin Sjónvarpið kl. 22.25

Sjónvarpið sýnir nú nýja tíu þátta syrpu úr breska sakamálaflokknum Njósnadeildinni (Spooks). Þar er sagt frá ævintýrum liðsmanna í úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Aðalhlutverk leika Peter Firth, Rupert Penry-Jones og Miranda Raison. Í fyrsta þættinum innleiðir ríkisstjórnin strangar neyðarráðstafanir vegna hrinu hryðjuverkaárása. Starfsfólk MI5 óttast að áhrifamiklir menn innan stjórnkerfisins standi fyrir árásunum og kunni að vera að skipuleggja valdarán.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Sólskinsfólkið
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Tónlist Sólkonungsins
**21.00** Í heyranda hljóði
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Bókmenntir eftirstríðsáranna
**23.10** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 Coca Cola deildin** Útsending frá leik Burnley og WBA í Coca Cola deildinni.
**15.35 Coca Cola deildin**(Burnley - W.B.A.)
**17.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd. - AC Milan)
**20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**20.55 Coca Cola mörkin**
**21.25 PGA Tour 2007 - Highlights** (Zurich Classic of New Orleans) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum
**fylgt eftir á lokaholunum.**
**22.20 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd. - AC Milan)
**00.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Rabatten **7.00** Italienske fristelser **7.30** Deadline 2. Sektion **8.00** Jersild & Spin **8.30** Arbejdsliv - find et job! **9.00** Den 11. time **9.30** Søren Ryge - Direkte **10.00** TV Avisen **10.10** Horisont **10.35** Ud i naturen **11.00** Ud i det blå **11.25** Aftenshowet **12.20** I lære som stjerne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Flemmings Helte **14.15** SPAM **14.30** Shin Chan **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** SportsNørd **15.30** Lille Ncrd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd **18.00** Hokus Krokus **18.30** Dig og mig **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Fantastiske mrs. Pritchard **20.50** Hercule Poirot **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Hit med Kaj og Andrea **6.00** Postmand Per

### NRK 1

**7.30** Sydvendt **8.00** Siste nytt **8.05** Puls: BedrePuls **8.30** Faktor: Drommefotball **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Sinbads fantastiske reiser **13.30** Duck Dodgers **14.00** Siste nytt **14.03** Dracula junior **14.30** Liga **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Fra loft og kjeller **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.15** Konrad katt **16.25** Jeg kan ikke fordra å lage film! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** En statsminister takker for seg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Standpunkt **20.15** Extra-trekning **20.30** Safari: Kunstsamlinger **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kulturnytt **21.20** Utsyn: Tolv år og kokainsmugler **22.10** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **22.40** Elvis Costello fra Montreal Jazzfestival **4.25** Frokost-tv

### SVT 1

**7.30** När gräsrötterna tar över **8.00** Barnet och orden - om språk i förskolan **8.30** Nya drömjobbet **9.00** Vetenskap - forskare mot alla odds **9.30** Alkohol i blodet **10.00** Rapport **10.05** Vi hänger mé **10.35** Robins **12.25** Flottans glada gossar **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Leila, née en France **15.30** Krokomax **16.00** Myror i brallan **16.30** Sagoberättaren **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Grand Prix **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Slutet på historien **19.05** Yusuf Islam - alias Cat Stevens **20.00** Argument **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Kobra **21.50** Stina! **22.50** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég er rosahrifinn af Eldsmiðjupitsum. Eldbakaðar pitsur með rjómaosti og pepperoni, og ískalt kók með, finnst mér mjög gott.“*

Sverrir Bergmann söngvari.

# Óbeisluð fegurð á hvíta tjaldið

Hrafnhildur Gunnarsdóttir vinnur að heimildarmynd um fegurðarsamkeppnina Óbeislaða fegurð, í samstarfi við Tinu Naccache frá Líbanon. Hrafnhildur og Tina hafa áður gert saman myndirnar Lifandi í limbó og Hver hengir upp þvottinn? auk þess sem Tina aðstoðaði Hrafnhildi við gerð myndarinnar Hrein og bein.

„Tina kom í heimsókn til mín frá Líbanon. Hún fór að tala um einhverja fegurðarsamkeppni sem hún hafði heyrt um í útvarpinu í Beirút. Ég kannaði málið og þá kom í ljós að það var fegurðarsamkeppnin á Ísafirði,“ útskýrði Hrafnhildur. Þær skelltu sér því vestur með stuttum fyrirvara, „til að fjalla um þennan heimsviðburð, sem fólk fyrir vestan gerði sér grein fyrir að væri í gangi“, sagði Hrafnhildur.

Hún og Tina hyggjast gera 28 mínútna heimildarmynd um keppnina og stefna á að klára hana sem fyrst. Hrafnhildur er ekki enn farin að gera sér hugmyndir um sýningu eða dreifingu. „En af því að keppnin vakti mikla athygli erlendis munum við örugglega kanna áhugann úti,“ sagði hún.

BBC World Service fjallaði um keppnina í gær, en það er langt í frá eini miðillinn sem hefur sýnt henni áhuga. Matthildur Helgadóttir, einn skipuleggjenda keppninnar, hefur verið í sambandi við dagblað og tímarit frá Frakklandi, blaðamann í Bretlandi sem hyggst skrifa um keppnina fyrir Daily Mirror, svo eitthvað sé nefnt. „Það var greinilega töluverð umfjöllun um þessa keppni út um allan heim, sem sést ef „untamed beauty“ er slegið inn í leitarvélar á netinu,“ sagði Matthildur. **- sun**



**ÁNÆGÐ MEÐ UMFJÖLLUN** Matthildur Helgadóttir, einn skipuleggjenda Óbeislaðrar fegurðar, hefur verið í sambandi við fjölda erlendra fjölmiðla.



**ÁBENDING FRÁ BEIRÚT** Það var Tina Naccache, samstarfskona Hrafnhildar Gunnarsdóttur, sem vakti athygli hennar á Óbeislaðri fegurð, en Tina hafði heyrt um hana í útvarpi í Beirút. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** 2 hróss **6** gylta **8** hrygning **9** knæpa **11** holskrúfa **12** kortabók **14** pressuger **16** bor **17** óhreinka **18** niður **20** gangþófi **21** nabbi.

**LÓÐRÉTT** 1 ungdómur **3** einnig **4** formaður **5** arinn **7** mótbárur **10** fiskur **13** temja **15** svall **16** flýti **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 lofs, **6** sú, **8** got, **9** krá, **11** ró, **12** atlas, **14** ölger, **16** al, **17** ata, **18** suð, **20** ið, **21** arða. **LÓÐRÉTT:** 1 æska, **3** og, **4** forseti, **5** stó, **7** úrtölur, **10** áll, **13** aga, **15** rall, **16** asa, **19** ðð.






EIRÍKUR HAUKSSON: VERÐUR Í NÝJUM JAKKA Í HELSINKI

# Leðursérfræðingur sér um fatnað Eiríks í Helsinki

Leðurfrakkinn góði sem Eiríkur Hauksson klæddist þegar hann söng til sigurs í Eurovision-keppni Sjónvarpsins verður víðs fjarri í Helsinki. Þetta staðfesti Eiríkur þegar Fréttablaðið náði tali af honum á heimili hans í Noregi, nýlentur eftir erfiða törn um helgina þar sem legið var yfir þeim hlutum sem enn átti eftir að fastnegla fyrir stóru stundina. „Mér fannst það eiginlega of „heavy“ að vera í þessum frakka. Útlitið á mér, með þetta síða hár var alveg nógu rokkað,“ bætir Eiríkur við en lýsti því yfir að leðurbuxurnar yrðu þó á sínum stað. „Þetta verður ekkert í líkingu við Gleðibankann, þar sem maður var píndur í búning og nokkur dansspor,“ bætir Eiríkur við.

Eiríkur hyggst vera með gítarstrákana góðu á sviðinu enda segir hann þá vera farna að fíla sig vel með. Þó verða engar bakraddir en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst mun þetta vera í eitt örfárra skipta ef ekki eina skiptið þar sem íslenska framlagið er ekki stutt af bakraddasöngvurum. „Í laginu er ekki nema ein lína sem er rödduð og þar sem enginn af strákunum er söngvari þá þótti okkur engin ástæða til að fara þá leið,“ útskýrir söngvarinn og bætti við að þeir myndu jafnframt reyna að laga atriðið að sviðinu í Helsinki sem verður víst frekar lítið. „Kostnurinn við okkar atriði, held ég, er að það verður ákaflega sérstakt af því að það er svo einfalt,“ segir Eiríkur.

„Þetta er leyndarmál þar til þar að kemur,“ segir Grétar Baldursson, hinn landskunni leðurhönnuður í versluninni Kos-leður á Laugavegi, en honum hefur verið fengið hið vandasama verk að sérvelja jakka á Eirík Hauksson til að klæðast á sviðinu í Eurovision. Mikil leynd hvílir yfir öllu verkefninu og því ekki hægt að fá uppgefið hvernig jakkinn verði þótt augljós sé að hann verði ögn „léttari“ en frakkinn góði. Verði mitt á milli frakka og jakka.

Grétar hefur áður hannað leðurfatnað á lögregluna og Skífumaðurinn og gerir sér fyllilega ljóst að hans bíður vandasamt verk sem þjóðin mun fylgjast grannt með. „Eiríkur er mesti rokkari landsins og hefur margoft keypt föt af mér,“ segir Grétar. „En fólk verður að styðja mig í því að halda þessu leyndu enda á þetta að koma á óvart,“ bætir Grétar við. „Þetta er líka áhugamál hjá mér; að gera vel fyrir Eirík og ég mun vinna nótt sem nýtan dag við að gera þetta sem glæsilegast úr garði,“ útskýrir Garðar. „Ég get þó lofað því að hann verður ROSALEGUR!“

Sigurður Freyr Björnsson, hjá BaseCamp, vildi ekki láta mikið uppi um fatnað Eiríks en sagði þó að fókusinn yrði á leðrum. „Við erum ekki bara að skoða föt sem Eiríkur verður í á sviðinu heldur líka dags daglega enda er Eiríkur í beinni allan tímann þegar hann er loksins lentur í Helsinki og stígur út fyrir hótelherbergið,“ sagði Sigurður Freyr. **freyrgigja@frettabladid.is**



**GRÉTAR BALDURSSON** Velur jakka á Eirík Hauksson sem á að koma í staðinn fyrir leðurfrakkann góða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EIRÍKUR HAUKSSON** Kýs hið einfalda fram yfir hið flókna enda komi það til að gera atriðið sérstakt.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það vakti mikla athygli þegar **Steingrímur Sævarr Ólafsson** birti færslu á bloggsíðu sinni um kæru á hendur stjórnmálamanninum **Jóni Baldvini Hannibalssyni** en síðuskrifarinn vitnaði í nafnlaust bréf sem honum barst. Þetta fór auðvitað eins og eldur í sinu um netið en skömmu síðar hvarf færslan með manni og mús. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var umrædd kæra sem sá nafnlausi vísaði til meiðyrðamál sem höfðað var á hendur Jóni Baldvini vegna ummæla hans og var fyrir löngu afgreidd fyrir dómstólum.



Og meira af **Steingrími** því hann og félagar hans í Íslandi í dag ætla að bjóða tveimur heppnum áhorfendum þáttarins á leik Liverpool og Chelsea í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. **Steingrímur Sævarr** er sjálfur er mikill Liverpool-aðdáandi og fá hinir heppnu að njóta nærveru hans í ferðinni. Sjónvarpsmaðurinn býður samferðamönnum sínum eflaust upp á kennslustund í fótboltafræðunum en eins og sjá mátti á Skjá sporti um helgina getur hann greint leikinn og taktík þjálfara Liverpool á örskotsstundu.



**Páll Magnússon** útvarpsstjóri var í Kvöldgestum **Jónasar Jónassonar** á föstudagskvöld. Páll upplýsti meðal annars að í starfi útvarpsstjóra gæti hann ekki verið vinur allra og greindi jafnframt frá því að af öllum þeim fréttamönnum sem starfi um þessar mundir á ljósvakamiðlum hefði hann sennilega ráðið bróðurpartinn af þeim. „Og ég einsetti mér það frá upphafi að það væri ekki neinn mælikvarði á það hvort mér líkaði persónulega vel við þá eða ekki,“ sagði Páll. „Það eru ekkert voðalega margir sem ég hefði viljað taka með mér heim á kvöldin og umgangast þar,“ sagði Páll. **- fgg**



# Vann myndasögukeppni í Danmörku

Jón Kristján Kristinsson er einn þriggja sigurvegara í myndasögukeppni ríkisútvarpsins í Danmörku, eða Danmarks Radio. „Fólk gat kosið uppáhaldsmyndasöguna sína á heimasíðunni. Þeir sem lentu í topp tíu fóru svo fyrir dómnefnd,“ útskýrir Jón. Blaðamanni telst til að tæplega fimm hundruð myndasögur hafi borist í keppnina. Sjálfur sendi Jón inn fjórar myndasögur, sem allar fjalla um ævintýri búsáhalda.

„Mér datt þetta í hug fyrir svona tveimur árum síðan – að það væri gaman að gefa þeim líf og sjá hvað gerðist,“ sagði Jón, sem á þeim tíma hefur gert um þrjátíu myndasögur með búsáhöld í aðalhlutverkum. Vinningssagan fjallar til dæmis um brauðrist sem bregður sér í sund, með ónotalegum afleiðingum fyrir aðra sundlaugargesti.

Dómnefndina skipuðu nokkrir fremstu myndasöguteiknarar Dana, á borð við Anders Morgenthaler sem teiknar myndasöguna Wulffmorgenthaler ásamt Mikael Wulff. „Verðlaunin eru að maður fær fjórar myndasögur birtar á dr.dk. Ég held að þær verði á forsíðunni, en ég er ekki alveg viss ennþá. Og svo fær maður fimm þúsund kall, danskan,“ segir Jón.

Jón, sem er á tuttugasta og öðru aldursári, hefur verið búsettur í Danmörku síðastliðið eitt og hálft ár með danskri kærustu sinni. Þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær var hann við vinnu á teiknimyndastofu. „Þetta er verkefnavinna, og ég er svona aðstoðarmaður. Ég vinn sem sagt við að gera teiknimyndir,“ sagði Jón. Hann segist stefna að því að hasla sér völl í myndasögugeiranum. „En svo er ég líka að spá í að fara í háskóla og læra eitthvað aðeins meira leiðinlegt, eitthvað sem myndi gagnast mér í peningamálum.“ Myndasögurnar úr keppninni má skoða á heimasíðu danska ríkisútvarpsins, Dr.dk. Fleiri hugarfóstur Jóns Kristjáns má hins vegar berja augum á heimasíðu hans, Jonkk.dk. **-sun**



**ÓGÖNGUR ELDHÚSÁHALDA** Myndasagan sem bar sigur úr býtum fjallar um ævintýri brauðristar. FRÉTTABLAÐIÐ/JON K.



**HASLAR SÉR VÖLL Í TEIKNIMYNDUM** Jón Kristján Kristinsson er búsettur í Danmörku, þar sem hann vinnur nú við að gera teiknimyndir.





FLOTTAR ELDHÚSINNRÉTTINGAR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
BK
BALDONI
KITCHEN FURNITURE
HVÍTT LAKKAÐ - HÁGLANS - HANDFANGALAUS
Flottar
eldhúsinnréttingar
- afgreitt af lager
kr. 253.460.-
FULNINGUR - HVÍTT LAKKAÐ - HÁGLANS
SKOÐAÐU FLOTTA HEIMASÍÐU:
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
EIK - INNFELLD HANDFÖNG
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332
i-t@i-t.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**vísir** www.visir.is
**FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR**




**BAKÞANKAR**
**KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR**

## Af skolla, hagvexti og rifum

Íslendingar hafa löngum reynt að komast hjá því að nefna það sem þeim stendur stuggur af réttu nafni. Góð og gömul dæmi er fjöldi þeirra orða í málinu yfir ref eða tófu. Heilladrýgra þótti að nefna dýrbítana sem gátu valdið búsifjum skolla eða lágfótu. Í dag notum við orðið neikvæður hagvöxtur yfir samdrátt sem einmitt getur valdið svipuðu tjóni í nútímasamfélagi og tófan í gamla bændasamfélaginu. Við skiljum ekki óttann við refinn og eins myndu áar okkar eiga erfitt með að skilja hagkerfið nútímans.

**ALLAR** kynslóðir eiga það þó sameiginlegt að vilja helst ekki nefna kynfæri kvenna réttu nafni. Fyrir nokkru var reynt að breyta þessu með verkinu Píkusögur. Margir þóttust ekki átta sig á tilgangi leikritsins, hneyksluðust og sögðu svona dónaskap óþarfan. Sama fólk rekur vart minni í verkið Typpatal sem sett var á svið fljótlega á eftir. Seinna heitið er nefnilega ekkert stuðandi.

**JÆJA** reynt var að frelsa orðið píka. Sjálf ólst ég ekki upp við að það væri notað fremur en að fjallað væri um fullnægingu og sjálfsfróun kvenna í kynfræðslu. Slíkt var einkamál drengja. Skeið var orðið sem var notað yfir ónefnanlega hluta kvenlíkamans í kennslustundunum. Það var langt liðið á námsefnið þegar áttaði mig á við hvað var átt.

**ÉG** hélt að þetta væri breytt. Ferð í barnadeild bókabúðar um helgina sýndi mér að svo er ekki. Í hillu var nýútkomið verk sem á að útskýra fyrir börnum hvernig þau verða til. Við myndina af karlinum stóð: Pabbi er með typpi. Við myndina af mömmunni stóð: Mamma er með rifu.

**HVERSLAGS** vitleysa er þetta? Rifa er orð sem notað er yfir gat á fötum eða glufu til að troða einhverju einhverju inn um, til dæmis bréfalúgu. Hvers vegna köllum við typpi ekki framvegis laf? Það er jú einnig notað í tengslum við saumaskap og getur þýtt skaut. Hvers vegna sagði þýðandinn bara ekki að mamman væri með gat.

**Í** bræði fletti ég upp í samheitaorðabók og kannaði þá valkosti sem þýðandi stóð frammi fyrir. Valmöguleikarnir voru margir en nær allir niðrandi, hinir áttu fremur heima í læknaritum en talmáli. Ég hló samt illyrmislega þegar ég sá að burðarliður er eitt þeirra orða sem notað er yfir ónefnuna.

**VIRÐULEGIR** karlmenn tala oft um að eitthvað sé í burðarliðnum. Er neikvæður hagvöxtur í burðarliðnum hjá hæstvirtum ráðherra?





**KIA Sportage** dísil túrbó
KIA Sportage er kröftugur sportjeppi með eyðslugrannri og hljóðlátri 2ja lítra dísilvél sem skilar 140 hestöflum.

**Nú getum við boðið nokkur eintök af þessum vinsæla jeppa með aflmikilli dísilvél á lækkuðu verði, 2.890.000 kr.**

**Heilsársdekk og dráttarbeisli fylgja með.**

★★★★★
KIA Sportage er sigurvegari í sínum flokki, samkvæmt gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bíleigenda í Bandaríkjunum.

**29.616 kr.** á mánuði* AVANT
*M.v. 30% útborgun og 84 mánaða gengistryggt bílalán frá AVANT.
Einnig fáanlegur með 100% láni.

HEKLA **KIA umboðið** á Íslandi er í eigu HEKLU • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

KIA MOTORS
The Power to Surprise™



**Hversu hátt stefnir þú?**
Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir
Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.



**HEFÐBUNDNA SAFNIÐ**
**20,8% ávöxtun**
Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.
• 50% skuldabréf
• 50% hlutabréf

50% 50%

Himinn og haf / SÍA – 9070354

spron VERÐBRÉF
Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is